**HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS**

*Stendur fyrir prjónakaffi í Iðu*

Heimili Tíska

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON**

*Selur Liborius*

Einbeitir sér að eigin hönnun

FÓLK 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. maí 2007 — 119. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Þorri og gylltur sjór



Páll Ragnar Pálsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir eiga sér draumaverkefni í tónsmíðunum.

MENNING 36

### Auddi í skvassið



Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal varð í níunda sæti á Íslandsmótinu í skvassi.

FÓLK 58

### Misheppnuð sameining

„Um hvaða flokk er ég að tala? Samfylkinguna? Nei. Það er of snemmt að fella dóm um hana. Hún hefur ekki enn átt aðild að ríkisstjórn. Hún er óskrifað blað," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

### AC Milan í úrslitin



AC Milan fór illa með Manchester United í gærkvöld og tryggði sér sæti í úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** - Í dag verða vestlægar áttir, 3-10 m/s, hægastar norðvestan til. Víða skúrir en hætt við éljagangi á Vestfjörðum. Yfirleitt bjart veður á Austur- og Suðausturlandi. Hiti 3-12 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.


# Umsvif íslenskra útgerða aukast í Afríku

**Íslenskar útgerðir sækja í sig veðrið í Afríku. Sjólaskip gera sjö skip út frá Vestur-Afríku og stærsta skip íslenska flotans siglir á svipaðar slóðir í sumar. Fiskveiðiskipin eru fljótandi verksmiðjur sem koma til hafnar á tveggja ára fresti.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Umsvif íslenskra útgerðarfyrirtækja í Afríku eru að aukast. Sjólaskip gera sjö skip út frá ströndum Marokkó og Máritaníu í Vestur-Afríku. Flaggskip íslenska flotans, Engey RE-1, er einnig á leið til veiða á sömu slóðum, á vegum dótturfélags Samherja.

Magnús Guðmundsson, sem var nýlega ráðinn skipstjóri á Engeynni, hefur veitt undan ströndum Vestur-Afríku í níu ár og er ánægður með veruna í Afríku. „Það er fínt að veiða þarna, alltaf gott veður og engar frosthörkur."

Magnús segir útgerðina allt öðruvísi ytra en hér heima. Skipin séu í raun fljótandi verksmiðjur sem komi einungis til hafnar á tveggja ára fresti. Með hjálp flutningaskips er landað og skipt um áhöfn á nokkurra mánaða fresti.

Bæði Engey og skipin sjö sem Sjólaskip gera út veiða makríl og sardínu ásamt öðrum fisktegundum undan ströndum Marokkó og Máritaníu. Kvóti Sjólaskipa í Marokkó er um áttatíu þúsund tonn en í Máritaníu er fiskveiðikerfi sem svipar til sóknardagakerfisins hér heima. Þar er aflinn meiri en í Marokkó að sögn Haralds Guðmundssonar framkvæmdastjóra, en Sjólaskip hafa gert út af ströndum Afríku í tíu ár.

Nákvæmar tölur um kvóta Engeyjar liggja ekki fyrir en Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, gerir ráð fyrir að hægt verði að gera þar út stóran hluta ársins. - sþs



**SAMRÆMD PRÓF** Einbeitingin skein úr andlitum nemendanna í Hagaskóla sem þreyttu samræmt próf í íslensku þegar ljósmyndara bar þar að garði í gær. Íslenskuprófið er hið fjölmennasta af samræmdu prófunum og voru um það bil 4.200 nemendur skráðir í prófið. Í dag verður prófað í ensku en tæplega 4.000 nemendur eru skráðir í það próf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óvenju margir ætla að ganga í hnappheldluna fyrsta laugardaginn í júlí:

# Stefnir í brúðkaupsmet 7. júlí

**TÍMAMÓT** „Þetta verður rosalegur dagur," segir Ástbjörn Egilsson, kirkjuhaldari í Dómkirkjunni í Reykjavík. Átta pör, jafnvel níu, koma til með að ganga í það heilaga í kirkjunni 7. júlí næstkomandi. Sömu sögu er að segja í fleiri kirkjum. Óvenju margir virðast hafa valið þennan dag til að láta pússa sig saman og muna prestar vart eftir öðru eins ástandi.

Dæmi eru um að kirkjur séu bókaðar samfellt frá morgni til kvölds. „Við byrjum klukkan níu um morguninn og síðasta giftingin er klukkan níu um kvöldið, þannig að straumurinn verður nokkuð stöðugur allan daginn," segir Ástbjörn. Í Grafarvogskirkju verða sex til sjö pör gift þar þennan dag, frá klukkan 10.30 til 19. „Ég held að við komum ekki fleiri athöfnum fyrir á sama degi með góðu," segir séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogi. Hann minnist þess að mikið annríki var í kirkjum landsins 5. maí 2005 og býst við að það verði fráleitt minna í ár. 7. júlí verði jafnvel metdagur.

Undir það tekur séra Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur, sem telur að dagsetningin 07.07.07 sé helsta aðdráttaraflið í augum verðandi brúðhjóna. „Ég held að þetta helgist af umhyggjusemi kvenna svo mennirnir þeirra muni eftir brúðkaupsdeginum," segir hún og hlær. - bs/ sjá síðu 18.


**UMRÆÐA EYÐIR FORDÓMUM**

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn


Novator selur BTC til AIG:

# Græðir sextíu milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Ávöxtun af fjárfestingum Íslendinga í búlgarska símafélaginu BTC er næstum fimmföld á rúmlega tveimur og hálfu ári.

Gengið var í gærkvöldi frá sölu BTC til bandaríska fjármálafyrirtækisins Global Investment Group (AIG). Heildarverðmæti BTS eru 160 milljarðar króna. AIG hefur tryggt sér 90 prósenta hlut, en stefnir að því að eignast félagið allt og skrá það í framhaldinu úr Kauphöllinni í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors, átti 85 prósenta hlut í félaginu og hagnast um sem nemur 55 til 60 milljörðum króna við söluna. Aðrir íslenskir fjárfestar hagnast um sem nemur sex milljörðum króna. Þegar BTC var einkavætt árið 2004 leiddi Björgólfur hóp fjárfesta sem keyptu 65 prósenta hlut. Þar á meðal voru Straumur, Burðarás og Síminn. - óká / sjá síðu 4

Álagning á bensín:

# Ekki minni í tólf mánuði

**NEYTENDUR Álagning olíufélaganna á bensín hefur ekki verið minni í tólf mánuði. Þetta segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, en félagið reiknar út álagningu út frá innkaupsverði. Síðustu vikurnar hefur álagningin verið rétt rúmar 20 krónur á lítrann, en var 25 krónur í janúar. Í september á síðasta ári var álagningin 29 krónur.**

**Runólfur segir að töluverðar verðhækkanir hafi átt sér stað á eldsneyti erlendis síðustu vikur en verðið hafi ekki hækkað í samræmi við það hér á landi. Hann telur þetta benda til þess að verðsamkeppni sé virkari þessa dagana.** - ghs / sjá síðu 24


**Einstakt enskunámskeið**

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæði staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

**Nánari upplýsingar**
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

## SPURNING DAGSINS



*Andrea, er þetta bókstaflega blaut tuska í andlitið?*

„Heldur betur.“

Ný rannsókn Andreu Hjálmsdóttur leiðir í ljós að viðhorf unglinga til kynhlutverka séu afturhaldssamari nú en árið 1992. Fleiri en áður telja til dæmis að konur eigi að sjá um þvott og þrif á heimilum.

Ehud Olmert brýtur á bak aftur andstöðu innan ríkisstjórnar Ísraels:

# Neitar að segja af sér í bráð

**ÍSRAEL, AP** Á neyðarfundi ríkisstjórnar Ísraels, sem Ehud Olmert forsætisráðherra kallaði saman í gær, sagðist hann ætla að sitja áfram í embættinu þrátt fyrir háværar kröfur um afsögn.

Tzipi Livni utanríkisráðherra var meðal þeirra sem hvöttu hann til að segja af sér vegna skýrslu rannsóknarnefndar, þar sem Olmert og Amir Peretz varnarmálaráðherra eru harðlega gagnrýndir fyrir mistök í tengslum við Líbanonstríðið í sumar.

Olmert sagðist ekki ætla að segja af sér fyrr en hann væri búinn að koma í framkvæmd tillögum sem fram koma í skýrslu nefndarinnar.



**TZIPI LIVNI OG EHUD OLMERT** Livni sagðist að fundi þeirra loknum hafa sagt honum að hann ætti að segja af sér.

Avigdor Yizthaki, leiðtogi stjórnarmeirihlutans á þingi, sagði þó af sér í gær. Í gærkvöldi kallaði Kadima, flokkur Olmerts, jafnframt saman neyðarfund vegna málsins.

Þótt Olmert hafi ekki viljað segja af sér í gær situr hann enn undir miklum þrýstingi og í kvöld hefur verið boðaður fjölmennur mótmælafundur í Tel Aviv.

Hassan Nasrallah, leiðtogi Hezbollah, sagðist í gær bera virðingu fyrir erkióvinum sínum í Ísrael vegna þess hvernig þeir hafa tekið á stríðinu í Líbanon. Hann sagði nefndina nú hafa staðfest yfirlýsingar sínar að ísraelski herinn hafi beðið ósigur. „Það hlakkar ekkert í mér,“ sagði Nasrallah samt. „Það á alla virðingu skilið að rannsóknarnefnd sem Olmert skipaði hafi fordæmt hann.“ - gb

Tæplega tvítugur ákærður:

# Beit lögreglumann í lærið

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness, meðal annars fyrir að bíta lögreglumann sem var við skyldustörf í lærið.**

**Maðurinn beitti tönnunum fyrir utan skemmtistað í Hafnarfirði þegar verið var að færa hann í lögreglubifreið.**

**Hann var einnig ákærður fyrir eignaspjöll með því að hafa í maí skellt aftur glerhurð að gufubaðsklefa í íþróttamiðstöðinni í Garðabæ með þeim afleiðingum að hurðin brotnaði.**

**Embætti ríkissaksóknara sækir málið.** - jss

Lagafrumvarp í Austurríki:

# Kosningaaldur niður í 16 ár

**AUSTURRÍKI, AP Ríkisstjórn Austurríkis ákvað í gær að leggja formlega fram lagafrumvarp, þar sem lagt er til að lágmarksaldur til að kjósa í þingkosningum í landinu verði færður niður í 16 ár.**

**Verði frumvarpið samþykkt yrði Austurríki fyrsta landið í Evrópu til að lögleiða 16 ára almennan kosningaaldur. Gagnrýnendur segja of geyst farið; lækkun kosningaaldurs þyrfti að fylgja meiri kennsla um þjóðfélagsmál í skólum.**

**Í frumvarpinu er einnig kveðið á um fleiri kosningatengdar breytingar, svo sem að lengja kjörtímabil þjóðþingsins úr fjórum árum í fimm.** - aa

Erdogan flýtir kosningum:

# Forseti verði þjóðkjörinn

**TYRKLAND, AP** Stjórnarflokkurinn í Tyrklandi fór á þriðjudag fram á það við þingið að þingkosningum yrði flýtt um nokkra mánuði. Að öllum líkindum verða þær haldnar 22. júlí næstkomandi í staðinn fyrir nóvember. Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra sá sér ekki annað fært en að flýta þingkosningunum eftir að honum tókst ekki að fá þingið til að kjósa Abdullah Gül, núverandi utanríkisráðherra, í embætti forseta landsins.



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands játar sig sigraðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erdogan hefur jafnframt gefið til kynna að hann muni hugsanlega biðja þingið um að breyta stjórnarskrá landsins þannig að forseti verði framvegis þjóðkjörinn. - gb

# Borgarráð vill koma í veg fyrir lóðabrask

**Reglur um úthlutun lóða í Reykjavík verða ræddar í borgarráði í dag. Mikill munur er á lóðaverði í þéttbýli. Ekki fæst uppgefið frá Reykjavíkurborg nákvæmlega hvaða kostnaður liggur að baki fastri krónutölu fyrir hverja lóð.**

**REYKJAVÍK** Rætt verður hvaða reglur munu gilda um úthlutun lóða í Reykjavík á fundi borgarráðs í dag. Björn Ingi Hrafnsson, formaður ráðsins, segir að þar sem lóðirnar verði seldar talsvert undir kostnaðarverði þurfi að setja reglur til að koma í veg fyrir lóðabrask.

Fulltrúar meirihlutans hafa lagst yfir reglur sem önnur sveitarfélög hafa beitt við lóðaúthlutun, þær aðferðir sem Reykjavíkurborg hefur beitt á undanförnum árum og úrskurði félagsmálaráðuneytisins um ákveðnar útfærslur.

„Það hefur ekki fundist hin fullkomna aðferð, en við hyggjumst koma þessu þannig fyrir að þetta verði gagnsæjar og sanngjarnar reglur þannig að fólk sitji við sama borð. Markmiðið er að allir geti fengið lóð sem vilja, og þess vegna reynum við að auka framboðið,“ segir Björn Ingi.

Ákveðið hefur verið að lóðir í Reykjavík verði seldar á föstu verði óháð stærð, og þurfa þeir sem byggja einbýlishús í nýjum hverfum borgarinnar að greiða 11 milljónir króna fyrir lóð.

Þetta er nokkuð meira en greitt er fyrir lóðir í nýjum hverfum í Hafnarfirði. Við síðustu úthlutun þurftu þeir sem ætluðu sér að byggja á Völlunum eða í Áslandshverfi þannig að greiða um 9.400 krónur á hvern lóðarfermetra, auk ýmissa fastra gjalda. Kostnaðurinn var því um 6,4 milljónir fyrir 650 fermetra lóð, eða 8,8 milljónir fyrir 900 fermetra lóð.

Í Garðabæ eru lóðir seldar á verði sem nálgast það að vera markaðsverð, segir Guðfinna Kristjánsdóttir, upplýsingastjóri bæjarins. Sem dæmi var 900 fermetra lóð í Garðahrauni úthlutað á 16,2 milljónir króna fyrr á árinu. Slík lóð fengist fyrir um 4,1 milljón á Akureyri og 2,3 milljónir á Egilsstöðum.

Ekki er hægt á þessari stundu að sundurgreina fyrir fjölmiðla hvaða kostnaði borgin verði fyrir sem liggi til grundvallar þeim verðmiða sem settur er á lóðir, segir Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. „Við erum að áætla ákveðinn stofnkostnað hverfanna, sem getur auðvitað verið breytilegur frá hverfi til hverfis, en við erum að reyna að láta lóðirnar standa undir því.“



**LÓÐAVERÐ Í ÞÉTTBÝLI**

**Miðað við 900 fermetra lóð undir einbýlishús.**

| | |
|---|---|
| Garðabær | 16,2 milljónir |
| Reykjavík | 11,0 milljónir |
| Hafnarfjörður | 8,8 milljónir |
| Akureyri | 4,1 milljón |
| Egilsstaðir | 2,3 milljónir |

Hann segir að inni í lóðaverðinu séu gatnagerðargjöld, en ekki ýmis þjónustugjöld og byggingarleyfisgjöld. Gjöldunum sé ekki eingöngu ætlað að standa undir gatnagerð, heldur einnig uppbyggingu innviða nýrra hverfa, svo sem grunnskóla, leikskóla, íþróttamannvirkja og fleira.

Björn Ingi bendir á að þegar lóðum í fyrsta áfanga Úlfarsárdals hafi verið úthlutað á síðasta kjörtímabili hafi lóðaverðið verið á bilinu 18-23 milljónir króna, en hliðstæðum eða stærri lóðum verði á næstunni úthlutað fyrir 11 milljónir króna.

brjann@frettabladid.is

## Borgarstjóri svíkur loforð



Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sakar Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra og borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins um að svíkja kosningaloforð um ódýrar lóðir fyrir alla.

Í pistli sem Dagur sendi frá sér í gær vísar hann í ummæli Vilhjálms frá síðasta kjörtímabili þar sem Vilhjálmur fordæmdi hátt lóðaverð. Dagur segir að fyrir tveimur árum hafi Vilhjálmur sagt það stefnu Sjálfstæðisflokksins að bjóða lóðir fyrir andvirði gatnagerðargjalda, en nú hafi borgarstjóri ákveðið að bjóða lóðir á fjórföldum gatnagerðargjöldum. - bj



**KRÓKÓDÍLL** Þessi er reyndar ekki umræddur Reggie. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ógnvaldur í Los Angeles:

# Krókódíll kominn úr felum

**BANDARÍKIN, AP** Krókódíll nokkur, sem kallaður hefur verið Reggie, hefur skotið upp kollinum á ný í tjörn í Los Angeles. Hann hafði ekki sést í hálft annað ár.

Fyrrverandi lögreglumaður er talinn hafa haldið krókódílinn sem gæludýr, en í algeru heimildarleysi, og sleppt honum í tjörnina eftir að hann varð of stór. Hann sást fyrst í ágúst árið 2005 og olli töluverðum usla þar til hann hvarf skyndilega.

Krókódíllinn þykir hættulegur fólki og er mun stærri nú en þegar hann sást síðast, en tilraunir til að handsama hann á sínum tíma fóru allar út um þúfur. - gb

## LÖGREGLUMÁL

### Fá aðgang að gagnabanka

Lögregla og ríkisstofnanir fá aðgang að gagnabanka fyrirtækisins World-Check um fjármálaumsvif og tengsl fyrirtækja og einstaklinga. Upplýsingar úr gagnabankanum nýtast meðal annars í baráttunni gegn peningaþvætti, að því er fram kemur í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

## ALÞINGISKOSNINGARNAR

### Baráttusamtökin ekki fram

Framboð Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja í Norðausturkjördæmi hefur verið dregið til baka. Forsvarsmenn þess töldu hvorki skynsamlegt né vænlegt til árangurs að bjóða fram í aðeins einu kjördæmi.


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY**

Nýskr. 04.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 21 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Héraðsdómur Reykjavíkur fellir dóm sinn í öðrum hluta Baugsmálsins í dag:

# Líklega áfrýjað hvernig sem fer

**BAUGSMÁL** Dómur verður kveðinn upp í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur klukkan 12 á hádegi í dag. Hver sem niðurstaða dómsins verður er afar líklegt að dóminum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Um er að ræða þann þátt málsins sem varð til þegar settur ríkissaksóknari gaf út endurákæru í 19 liðum eftir að 32 af 40 liðum upphaflegrar ákæru hafði verið vísað frá dómi. Fyrsta ákæruliðið endurákærunnar var vísað frá dómi.

BAUGS MÁLIÐ

Þrír eru ákærðir í þessum hluta Baugsmálsins, þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, og Jón Gerald Sullenberger, fyrrverandi viðskiptafélagi Baugsmanna.

Jón Ásgeir er ákærður í 17 af 18 eftirstandandi ákæruliðum, og hljóða ákærurnar meðal annars upp á meiri háttar bókhaldsbrot og fjárdrátt úr Baugi. Tryggvi Jónsson er ákærður fyrir sömu sakir í 9 ákæruliðum af 18.

Jón Gerald, sem kom málinu af stað með kæru til lögreglu í ágúst 2002, er ákærður í einum ákærulið fyrir meiri háttar bókhaldsbrot.



**DÓMUR FELLUR** Þeir Jón Ásgeir Jóhannesson (til vinstri) og Tryggvi Jónsson bíða þess nú að dómur falli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líklegt er að dómi héraðsdóms verði áfrýjað til Hæstaréttar, hvernig sem fer, og því vart um endanlegan dóm að ræða. Eftir að sýknudómur féll í fyrsta hluta Baugsmálsins tók þó Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, þá ákvörðun að áfrýja aðeins sex af átta ákæruliðum til Hæstaréttar. - bj




**Nýr og glæsilegur**

# Sælureitur

**Vantar þig bækling?**

- Þú getur nálgast eintak í næstu verslun
- Þú getur skoðað hann á **www.husa.is**
- Þú getur pantað **frítt** eintak á **www.husa.is**

# **Nýr afgreiðslutími** í Skútuvogi

Opið til klukkan **21:00** alla daga vikunnar



**3.995**
~~5.995~~

**Hjólbörur, Ravendo**
85 ltr.
5080041

# **Allt fyrir** garðverkin



**399**
~~999~~

**Laufhrífa**
22 tinda.
5084344



**795**
~~1.395~~

**Malarskófla**
5082502



**2.599**

**Kantskeri, Lysbro**
5084402



**Stunguskófla, Lysbro**
5084080

**3.699**
~~4.299~~



**15.995**

**Háþrýstidæla, Sistema**
130 bör, 6 m slanga, kústur, sápubrúsi.
5254228



**5.499**

**Kaupauki**
Hanskar og öryggisgleraugu



**Hekkklippa, B&D**
Rafmagn, 420W, 40 sm blað
5083647

**30%** afsláttur



**4.399**
~~5.995~~

**Slönguvagn, Gardena**
Tekur 60m af 1/2” slöngu.
5087606




**3 ltr**

**Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún og græn, einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

**1.490**
~~2.190~~




**Trebitt Terrassebeis**
Ný pallaolía á markaðnum sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. Fljótþornandi og aðeins þarf að hreinsa áhlöldin með vatni.
7049307-8

| | | |
|---|---|---|
| 1 ltr | **1.495** | ~~1.990~~ |
| 3 ltr | **3.695** | ~~4.590~~ |

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 02.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,92 | 64,22 |
| Sterlingspund | 127,27 | 127,89 |
| Evra | 86,67 | 87,15 |
| Dönsk króna | 11,63 | 11,698 |
| Norsk króna | 10,676 | 10,738 |
| Sænsk króna | 9,466 | 9,522 |
| Japanskt jen | 0,5316 | 0,5348 |
| SDR | 97,17 | 97,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

109,9128

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ók undir áhrifum fíkniefna og án gildra ökuréttinda:

# Ökuníðingurinn eirði engu

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir ótrúlegan glæfraakstur. Hann ók undir áhrifum fíkniefna, án gildra ökuréttinda, án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu og langt yfir leyfilegum hámarkshraða í Reykjavík og Kópavogi. Með þessu athæfi raskaði hann umferðaröryggi og stofnaði lífi og heilsu tveggja farþega bílsins sem hann ók og annarra vegfarenda á akstursleiðinni á ófyrirleitinn hátt í augljósa hættu, að því er segir í ákærunni.

Háskaaksturinn hófst á Höfðabakka inn á Vesturlandsveg og vestur Ártúnsbrekku. Maðurinn ók þar á 160 kílómetra hraða. Áfram hélt hann, lenti inn á Suðurlandsbraut þar sem hann ók yfir grasflöt inn á Miklubraut án þess að virða biðskyldu, þannig að ökumaður annarrar bifreiðar varð að nauðhemla til að forða árekstri. Síðan lá leið ökuníðingsins upp á gangstétt, um bifreiðastæði við Bústaðaveg, en þar



**ÖKUNÍÐINGUR** Ökuníðingurinn var að lokum stöðvaður með því að lögregla ók á bíl hans. MYNDIN ER ÚR SAFNI.

keyrði hann utan í kyrrstæða bifreið. Næst brenndi hann yfir grasflöt og umferðareyju, inn á Reykjanesbraut og áfram, stundum á röngum vegarhelmingi. Lögreglunni tókst að stöðva hann með því að aka á bifreið hans við Súðavog. Í ökuferðinni var maðurinn alltaf tugum kílómetra yfir leyfilegum hámarkshraða. **- jss**

Franskar sjónvarpskappræður:

# Eitt síðasta tækifæri Royal

**FRAKKLAND, AP** Neistarnir flugu þegar keppinautarnir um franska forsetaembættið, sósíalistinn Segolene Royal og hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy, mættust í sjónvarpskappræðum í gærkvöld. Þær voru hápunktur kosningabaráttunnar fyrir úrslitaumferð kosninganna á sunnudaginn.

Kappræðurnar voru svo að segja síðasta tækifæri Royal til að vinna upp fylgisforskotið sem flestar skoðanakannanir hafa sýnt Sarkozy njóta. Hún gagnrýndi þar meðal annars feril Sarkozy sem ráðherra í ríkisstjórn Jacques Chirac. Þau tókust einnig á um 35 stunda vinnuvikuna. **- aa / bj**



**ÍSAFJÖRÐUR** Ferðir til Grænlands frá Ísafjarðarflugvelli gætu lagst af.

Ísafjarðarflugvöllur:

# Vopnaleitarbúnað vantar

**SAMGÖNGUR** Hlutverk Ísafjarðarflugvallar í Grænlandsflugi mun stórminnka að ef ekki verður komið upp búnaði til vopnaleitar og annarra tækja sem nauðsynlegar eru fyrir millilandaflug.

Þetta kemur fram á vestfirska fréttavefnum bb.is. Völlurinn hefur um árabil verið burðarás í þjónustu Flugfélags Íslands við fyrirtæki á A-Grænlandi en útlit er fyrir að það geti lagst af ef ekkert verður að gert. Að sögn Friðriks Adolfssonar, deildarstjóra flugfélagsins, hefur fengist leyfi til að millilenda á Ísafirði til að fylla vélarnar eldsneyti, með þeim skilyrðum að farþegar yfirgefi ekki vélarnar og að lögreglan hafi eftirlit á vellinum. **- kdk**

## RÍKISSAKSÓKNARI

### Fimm sækja um embætti

Fimm umsóknir bárust um embætti ríkissaksóknara, en umsóknarfrestur rann út 27. apríl. Umsækjendur eru þau Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður, Egill Stephensen saksóknari, Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður, Jón H. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari, og Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur á Sportbarnum

Eldur kviknaði í rusli inni á Sportbarnum í Hafnarfirði aðfaranótt miðvikudags. Þegar slökkviliðið kom á staðinn höfðu lögreglumenn náð að slökkva eldinn með handslökkvitæki. Engan sakaði en reykræsta þurfti staðinn.

# BTC í Búlgaríu selt á 160 milljarða króna

**Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hagnast um 60 milljarða króna við söluna á BTC til bandarísks fjármálafyrirtækis. Hlutur annarra íslenskra fjárfesta er nálægt 6 milljörðum. Ávöxtun fjárfestanna er nálægt því fimmföld.**

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá sölu á búlgarska símafélaginu BTC til bandaríska fjármálafyrirtækisins AIG Global Investment Group fyrir 160 milljarða króna. Skrifað var undir sölusamning í gærkvöldi, en stærsti eigandi BTC var Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, með um 85 prósenta eignarhlut.

Í tilkynningu Novator kemur fram að um sé að ræða stærstu skuldsettu yfirtöku í Mið- og Austur-Evrópu til þessa. „Markaðsvirði félagsins er um 145 milljarðar króna. AIG hefur tryggt sér kaup á rúmlega 90 prósentum í félaginu en stefnir að kaupum á öllu félaginu og afskráningu úr Kauphöllinni í Sófíu,“ segir þar.

Novator fjárfesti fyrst í BTC í samvinnu við fjárfestingafélagið Advent International, EBRD, National Bank of Greece, og fleiri þegar félagið var einkavætt í júní 2004. Félögin Straumur, Burðarás og Síminn sem þá var í ríkiseigu tóku einnig þátt í upphaflegu viðskiptunum, en þá voru keypt 65 prósent í félaginu. Síðan hefur Novator aukið við hlut sinn og fer við söluna nú með um 85 prósenta hlut í BTC. „Ávöxtun íslensku fjárfestanna sem tóku þátt í fyrstu viðskiptunum fyrir rúmlega tveimur og hálfu ári er nærri fimmföld. Hagnaður Novator af viðskiptunum er um 55 til 60 milljarðar króna en annarra íslenskra fjárfesta um 6 milljarðar króna,“ segir í tilkynningunni.

Frá einkavæðingu hefur BTC tekið miklum breytingum og



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Björgólfur á aðalfundi Straums-Burðaráss í byrjun marsmánaðar. Félögin Straumur og Burðarás tóku þátt í kaupum á 65 prósenta hlut í búlgarska símafélaginu BTC sumarið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

vaxið samhliða gagngerum endurbótum á tæknibúnaði og margþættum skipulagsbreytingum. Þannig segir í tilkynningu Novator að starfsmönnum hafi verið fækkað úr um 24 þúsundum í 10 þúsund í samráði við stjórnvöld og verkalýðsfélög. Þá hafi verið fjárfest í nýjum tækjabúnaði fyrir nærri 40 milljarða króna og rekstur farsímaþjónustu hafinn. BTC býður nú alhliða fjarskiptaþjónustu og má til marks um vöxt félagsins nefna tæplega 17 prósenta aukningu hagnaðar eftir skatta og afskriftir milli áranna 2006 og 2005, úr rúmlega 113 milljónum búlgarskra leva í 132 milljónir leva, eða úr sem nemur 5,03 milljörðum króna í 5,9 milljarða króna.

Kaupandi BTC, bandaríska félagið AIG, býður alhliða fjármálaþjónustu um heim allan, þar á meðal í tryggingum, fjárfestingum, eignastýringu og fasteignum.

Fyrirtækið stýrir nærri 55 þúsund milljörðum króna og hefur um 2.000 starfsmenn sem starfa á 44 skrifstofum víða um heim.

**olikr@frettabladid.is**

Ráðherra leigir á Suðurlandi:

# Lögheimili Árna í Þykkvabæ



ÁRNI M. MATHIESEN

**ALÞINGI Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur tekið á leigu húsnæði á Kirkjuhvoli í Þykkvabæ og hafa bæði hann og eiginkona hans flutt lögheimili sitt í Þykkvabæinn.**

**Breyting á lögheimili ráðherrans er vegna framboðs hans í Suðurkjördæmi, en hann hefur hingað til haft lögheimili í Hafnarfirði. Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að Árni muni eins og flestir aðrir landsbyggðarþingmenn reka tvö heimili, eitt í Þykkvabænum og annað í Hafnarfirði.** **- bj**



**HÆTTUSVÆÐI** Síðasta sumar lét ferðamaður lífið eftir að hafa farið inn í íshelli.

Þjófar á ferð við íshella:

# Viðvörunarmerki stolið af hættusvæði

**LÖGREGLUMÁL** Viðvörunarskilti sem komið hafði verið fyrir við íshelli á jökulsporði Sólheimajökuls hefur verið fjarlægt. Lögreglan á Hvolsvelli segist ekki vita hver hafi verið að verki en litið sé á slík mál alvarlegum augum.

Í fyrrasumar lét ferðamaður lífið eftir að hluti af íshelli hrundi yfir hann.

Slysavarnafélagið Landsbjörg lét koma nýju skilti fyrir eftir að stuldurinn uppgötvaðist. Lögreglan minnir á að lífshættulegt geti verið að fara inn í slíka hella. **- kdk**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐURMETIN FÉLLU**

**Það er ótrúlegt til þess að hugsa hversu víða féllu hitamet nú í apríl. Séu allar opinberar veðurathugunarstöðvar skoðaðar kemur í ljós að aprílhitamet féllu á tveimur af hverjum þremur stöðvum. Já ótrúlegt. En nú er þessi hitabylgja að baki og fram undan eðlilegri hitatölur og raunar svo að hitinn verður fyrir norðan og austan á föstudag og laugardag 0-3°C.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Vestan 5-8. Skýjað og hætt við smáskúrum.**

*um hádegi »*




*» á morgun*




8- 13 m/s norðaustast á landinu, annars hægari.

*» laugardagur*




8- 15 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | London | 19°C heiðskírt | Alicante | 21°C skúrir |
| Billund | 18°C léttskýjað | París | 20°C heiðskírt | Mallorca | 22°C skúrir |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 21°C hálskýjað | Eindhoven | 21°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 21°C hálfskýjað | Basel | 21°C alskýjað |
| Gautaborg | 14°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# ELICA HÁFAR

## 20% kynningarafsláttur til sunnudags

| | | | |
|---|---|---|---|
| egg afsláttur 20%  **239.990** **Baumatic,** kælir / frystir 180x92,5x81,6 sm 1860080 | egg afsláttur 20%  **76.790** **Baumatic Retro,** kælir / frystir 124 sm 1860078 | egg afsláttur 20%  **252.792** **Baumatic Alabama,** eldavél Gas / rafmagns 1860092 | egg afsláttur 20%  **127.840** **Elica OM,** veggháfur, svartur 1860531 |
| egg afsláttur 20%  **7.760** **Damixa Space,** blöndunartæki 8000850 | egg afsláttur 20%  **215.920** **Illusion,** rafknúið blöndunartæki 8000355 | egg afsláttur 20%  **15.920** **Orbix,** blöndunartæki 8000370 | egg afsláttur 20%  **17.065** **Kafé,** blöndunartæki 8000400 |
|  **6.795 m²** **GEO,** planki, hnota natur olíuborin 146002 |  **5.290 m²** **GEO,** planki, eik natur mattlökkuð 146006 |  **5.695 m²** **GEO,** planki, hlynur natur lakkaður 146005 | egg afsláttur 50%  **11.450** var 22.900 **Atmos,** fótskemlar 4200475-481 |

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

EGG
SMÁRATORGI

## KJÖRKASSINN



*Fórst þú í kröfugöngu 1. maí?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,8% |
| Nei | 91,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Treystir þú einkafyrirtæki til að sinna vopnaleit og öryggiseftirliti á flugvöllum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Stjórn LÍN samþykkti breyttar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2007-2008:

# Framfærslan fer í 94 þúsund

**MENNTUN** Framfærslugrunnur Lánastofnunar íslenskra námsmanna (LÍN) hækkar um 4,9% á milli ára, og verður 94 þúsund krónur á mánuði á skólaárinu 2007-2008. Þetta var samþykkt á stjórnarfundi LÍN í gær, en breytingarnar taka gildi 1. júní.

Í tilkynningu frá LÍN kemur fram að fimmta árið í röð sé dregið úr tekjutilliti á námstíma, og á komandi skólaári munu 10 prósent tekna koma til skerðingar á láni.

Hlutfallið var 12 prósent fyrir breytingarnar og var 40 prósent fyrir fimm árum.



**NÁMSLÁN** Kjör námsmanna breyttust til batnaðar með breytingum á úthlutunarreglum LÍN sem samþykktar voru í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Stjórnin samþykkti einnig að námsmenn í sérnámi og grunnnámi í háskólum erlendis ættu framvegis rétt á lánum vegna skólagjalda. Fram að þessu hefur sjóðurinn aðeins lánað vegna skólagjalda í framhaldsháskólanámi. Hámarkslán vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi verða 670 þúsund krónur á ári.

Samhliða þessu var ákveðið að samanlögð hámarkslán vegna skólagjalda muni hækka að meðaltali um fimm prósent. Sé lán tekið vegna náms á Íslandi hækkar hámarkið þannig úr 3,2 milljónum króna í 3,35 milljónir króna. - bj

Skoðanakönnun Stöðvar 2:

# Formaður nær ekki inn á þing

**STJÓRNMÁL** Formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, kemst ekki á þing verði niðurstöður kosninganna svipaðar og í könnun Félagsvísindastofnunar.

Kannað var fylgi í Reykjavíkurkjördæmi norður. Sjálfstæðismenn mældust með 34,5 prósenta fylgi og fjóra þingmenn, Samfylkingin tæplega 30 prósent og þrjá þingmenn og 22 prósent sögðust kjósa Vinstri græn sem fengju tvo þingmenn. Framsóknarflokkurinn fengi tæp 5 prósent, Frjálslyndir um 6 prósent og Íslandshreyfingin 2,8 prósent. Enginn þeirra flokka næði inn kjördæmakjörnum þingmanni. - bj

Samfylkingin

xS

Jöfnum launamun kynjanna

Góð hugmynd um betri framtíð

# Ásakanir ganga á víxl í allsherjarnefnd

**Bjarni Benediktsson segir Sigurjón Þórðarson fara með dylgjur í máli tengdadóttur umhverfisráðherra. Hann segir að umsóknir allsherjarnefndar um ríkisfang hafi verið afgreiddar á skemmri tíma en í tilfelli stúlkunnar frá Gvatemala.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta eru ekkert annað en rakalausar dylgjur,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjarnefndar Alþingis, um skrif Sigurjóns Þórðarsonar, þingmanns Frjálslyndra. Á heimasíðu sinni hélt Sigurjón því fram að Bjarni, Guðjón Ólafur Jónsson og Guðrún Ögmundsdóttir hefðu sagt ósatt þegar þau sögðust ekki hafa vitað um tengsl Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra við umsækjandann Lucia Celeste Molina Sierra, sem þó hafði lögheimili skráð á heimili ráðherra.



JÓNÍNA BJARTMARZ



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON



BJARNI BENEDIKTSSON

Sigurjón hélt því einnig fram að Bjarni hefði neitað að afhenda sér gögn í tengslum við umsókn um ríkisborgararétt. Þessum ásökunum vísaði Bjarni alfarið á bug í bréfi sem hann sendi fjölmiðlum vegna málsins. Sagðist hann ekki hafa heyrt í Sigurjóni svo vikum skipti og þaðan af síður neitað honum um gögn enda hafi hann ekki heimild til að veita aðgang að þeim. Bjarni segir að sér sé þó kunnugt um að Sigurjón hafi leitað til þingsins með beiðni um upplýsingar.

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, sendi Sigurjóni og fjölmiðlum upplýsingar um verklag allsherjarnefndar við afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt. Sigurjóni er svo bent á að hafa samband við forstöðumann nefndasviðs Alþingis til að fá að skoða umrædda umsókn.

Bjarni sendi seinna um daginn samantekt á þeim umsóknum sem allsherjarnefnd hefur afgreitt á yfirstandandi kjörtímabili. Meðal þess sem þar kemur fram er að meirihluti þeirra 144 einstaklinga sem allsherjarnefnd Alþingis hefur veitt ríkisborgararétt á kjörtímabilinu hefur átt lögheimili hér á landi lengur en í tvö ár. Hlutfall þeirra sem einungis hafa búið hér á landi í hálft ár eða minna hefur aukist.

Í fréttum RÚV var greint frá því að tíu dagar liðu frá því að unnusta sonar umhverfisráðherra sótti um ríkisborgararétt þar til lög þess efnis voru sett á Alþingi. Meðalafgreiðslutími samskonar umsókna er þó venjulega fimm til tólf mánuðir. Bjarni svaraði því þannig til í Kastljósi að fjölmörg dæmi væru fyrir því að mál væru unnin fremur hratt þegar komið væri undir þinglok. Jafnvel væru dæmi um að mál væru afgreidd á skemmri tíma.

karen@frettabladid.is

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

KVENFRELSI ER OKKAR MÁL

kynntu þér málið á www.vg.is







Samfylkingin hlustar

Fjallað verður um samgöngur og Miklubraut, í salnum Hæðargarði 31, 3. maí kl. 20 - 21:30.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flytur ávarp
Steinunn Valdís Óskarsdóttir fjallar um samgöngumál
Fundarstjóri: Ásta Ragnheiður
Gestur fundarins: Einar Kárason

Allir velkomnir

Samfylkingin





**NÝR GJALDFLOKKUR** Einum gjaldflokki hefur verið bætt við verðskrána auk þess sem nú verður tekið aukagjald fyrir eftirvagna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný gjaldskrá tekur gildi:

# Ódýrara í Hvalfjarðargöngin

**SAMGÖNGUR** Ný gjaldskrá fyrir akstur um Hvalfjarðargöng tekur gildi 7. maí. Samkvæmt nýju gjaldskránni fjölgar gjaldflokkum um einn og við bætist nýr flokkur fyrir 6-8 metra löng ökutæki. Tekinn verður í notkun sjálfvirkur lengdarmælingabúnaður. Við breytingarnar mun veggjald fyrir pallbíla, sendibíla og önnur ökutæki sem lenda í þessum nýja flokki lækka um nær helming. Gjald fyrir marga húsbíla, sem hingað til hafa farið í gegnum göngin í lægsta gjaldi, hækkar hins vegar á móti.

Veggjald í Hvalfjarðargöngum lækkaði þann 1. mars síðastliðinn. Nú lækkar verð í ýmsum áskriftarflokkum enn frekar. - þo

**NÝ GJALDSKRÁ**

| | |
|---|---|
| **I. gjaldflokkur - Ökutæki styttri en 6 metrar** | |
| Stök ferð | 900 |
| 10 ferðir - afsláttarkort | 5.400 |
| 40 ferðir - áskrift | 14.400 |
| 100 ferðir - áskrift | 24.000 |
| **II. gjaldflokkur - Ökutæki 6-8 metrar** | |
| Stök ferð | 1.500 |
| 40 ferðir - áskrift | 40.000 |
| **III. gjaldflokkur - Ökutæki 8-12 metrar** | |
| Stök ferð | 2.600 |
| 40 ferðir - áskrift | 69.320 |
| **IV. Gjaldflokkur - Ökutæki lengri en 12 metrar** | |
| Stök ferð | 3.600 |
| 40 ferðir - áskrift | 95.120 |
| **V. gjaldflokkur - Mótorhjól** | |
| Stök ferð | 200 |

Bátsmenn í vanda:

# Vélarvana á Skutulsfirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði dró tvo vélarvana báta til hafnar á Ísafirði aðfaranótt miðvikudags. Einn maður var í hvorum bát en þá sakaði ekki.

Um var að ræða tvo sjóstangveiðibáta sem höfðu verið á veiðum í Ísafjarðardjúpi og voru á leið til hafnar á Suðureyri í samfloti við sex aðra báta.

Vél bilaði í einum bátnum og ætlaði annar bátur að taka hann í tog og draga hann inn til Ísafjarðar. Ekki vildi betur til en svo að á Skutulsfirðinum missti dráttarbáturinn afl svo kalla þurfti eftir aðstoð til þess að koma bátunum tveimur til lands. - þo

## LÖGREGLUMÁL

### Þrettán ára innbrotsþjófar

Lögreglan á Suðurnesjum stóð þrjá þrettán ára pilta að verki þegar þeir reyndu að brjótast inn í áhaldageymslu Hitaveitu Suðurnesja í Reykjanesbæ á þriðjudagskvöld. Drengirnir voru færðir á lögreglustöð og voru sóttir þangað af foreldrum sínum eftir yfirheyrslu.


Ferð þú
til Helsinki
á Eurovision?
Kíktu á www.esciceland.com
Valentine Lost
14 laga geisladiskur
Ferð þú til Helsinki á Eurovision?
Valentine Lost geisladiskurinn er kominn í verslanir Hagkaupa og N1. Hverjum geisladiski fylgir happadrættisnúmer.
Inn á vefsíðunni www.esciceland.com slærð þú inn þitt happadrættisnúmer.
Þann 4. maí verður dreginn út heppinn vinningshafi. Verðalaunin eru ferð fyrir tvo til Helsinki ásamt hótelgistingu og miðum á forkeppni og úrslitakeppni Eurovision.
ATH. að einungis er dregið úr seldum eintökum. Nánari upplýsingar á www.esciceland.com.
N1
Gildir til 4. maí.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hafir þú undir höndum enskt lingapon námskeið**

**1 - 4 í kassettum er ég reiðubúinn að greiða 25.000 kr**

**Björgvin Ómar Ólafsson sími: 8657013**

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, um seinkun vélar til London:

# Keypti miða með Icelandair

**SAMGÖNGUR** Farþegar sem áttu að fljúga með flugvél Iceland Express til London klukkan 7.15 í gærmorgun, þurftu að bíða tímunum saman eftir flugi á flugvellinum meðan beðið var eftir varahlut í vélina frá London. Farþegarnir fóru loks í loftið um fjögurleytið í gær eftir að Iceland Express hafði keypt flugmiða fyrir þá með Icelandair.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir að félagið hafi sent út tilkynningu um seinkunina með sms í gærmorgun til þeirra farþega sem hafi skráð farsíma við bókun og sett upplýsingar um seinkunina á netið. Þetta hafi gefið góða raun því aðeins um þrjátíu prósent farþeganna hafi mætt á flugvöllinn og sumir þeirra snúið strax til baka.

„Ég hef ekki orðið var við óánægju. Við höfum frekar fengið jákvæð viðbrögð á það hvað við reyndum þó að gera,“ segir hann. Matthías segir að seinni partinn hafi verið ákveðið að kaupa flug fyrir alla farþegana hundrað til London með Icelandair. „Það tók tíma að koma varahlutnum til landsins og svo tekur það flugvirkjana tíma að gera við. Við tókum þá ákvörðun að kaupa miða fyrir alla farþegana og taka á okkur þann kostnað í stað þess að vera að draga þetta lengur,“ segir hann. - ghs



**EKKI VAR VIÐ ÓÁNÆGJU** „Ég hef ekki orðið var við óánægju,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.

CAPACENT ÞJÁLFUN KYNNIR

VORIÐ OG STERK LIÐSHEILD

Við leiðum fyrirtækjahópa í gegnum skemmtileg og uppbyggileg verkefni sem bæta starfsandann og þjappa hópnum saman. Þrautirnar og verkefnin má auk þess nota til að varpa ljósi á mikilvæga þætti eins og samvinnu, lausn vandamála, frumkvæði, traust, ákvarðanatöku, samskipti og forystuhegðun.

Nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða hjá ráðgjafa í síma 540 1000.

Nýttu vorið til vaxtar



capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

Alþjóðlegi sakadómstóllinn gefur út handtökutilskipanir vegna voðaverka í Darfúr:

# Súdanstjórn hafnar afskiptum

**HAAG, AP** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag (ICC) hefur gefið út handtökutilskipun á hendur ráðherra í Súdanstjórn og eins af forsprökkum svonefndra janjaweed-sveita á grundvelli gruns um að þeir beri ábyrgð á stríðsglæpum í Darfúr-héraði. Frá þessu greindi dómstóllinn í gær.

Súdanstjórn svaraði því til að hún hefði alls ekki í hyggju að framselja sakborningana og tilkynnti að í ljósi þessara handtökutilskipana væri það takmarkaða samstarf sem stjórnin hefði átt við dómstólinn úr sögunni. Mjög ólíklegt virtist að sakborningarnir myndu gefa sig fram af sjálfsdáðum.

„Okkar afstaða er mjög skýr – ICC getur ekki tekið sér lögsögu til að dæma súdanska borgara utan Súdans,“ sagði Mohamed Ali al-Mardi, dómsmálaráðherra Súdans. En Luis Moreno-Ocampo, saksóknari við dómstólinn, sagði að handtökutilskipanirnar væru mikilvægt skref í átt að því að koma einhverju af þeim voðaverkum sem unnin hafa verið í Darfúr fyrir alþjóðlegan dómstól.

Sem það ríki sem yfir svæðinu ræður ber ríkisstjórn Súdans lagaleg skylda til að handtaka Ahmad Harun og Ali Kushayb,“ sagði Moreno-Ocampo. - aa




**MÓTMÆLI** Fjöldamorðum í Darfúr mótmælt í Boston.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðir bílar í toppstandi!
100% lán

Polo-veisla

Bjóðum glæsilegt úrval Polo-bíla á frábærum kjörum

Volkswagen Polo
árgerð 2004 13.750 kr. á mánuði* verð 850.000 kr.
árgerð 2003 11.150 kr. á mánuði* verð 690.000 kr.

* Miðað við 100% lán frá SP Fjármögnun í 72 mánuði

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8959



HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið á Klettshálsi 11
mánudaga til föstudaga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# LAUN OG VELFERÐ ERU MÁL OKKAR ALLRA

**Eldri borgarar og öryrkjar eiga að lifa við mannsæmandi kjör og hafa rétt til atvinnu- eða lífeyristekna án skerðingar greiðslna frá Tryggingastofnun.**



**Guðjón A. Kristjánson**
**Norðvesturkjördæmi**



**Sigurjón Þórðarson**
**Norðausturkjördæmi**



**Grétar Mar Jónsson**
**Suðurkjördæmi**



**Kolbrún Stefánsdóttir**
**Suðvesturkjördæmi**



**Jón Magnússon**
**Reykjavík-Suður**



**Magnús Þór Hafsteinsson**
**Reykjavík-Norður**

## Frjálslyndi flokkurinn vill eina milljón í frítekjumark fyrir hvern og einn lífeyrisþega án skerðingar.

- Frjálslyndi flokkurinn vill afnám tekjutengingar við tekjur maka.
- Hækkum skattleysismörkin strax í 150 þúsund hjá þeim tekjulægstu.
- Lífeyrisgreiðslur skulu bera 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

## Atvinnumál eru einnig velferðarmál

- Verjum kjarasamninga íslenskra launamanna.
- Látum ekki einstaka atvinnurekandur þrýsta niður launum í landinu með því að misnota frjálst flæði verkafólks til Íslands.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is



**NÝRÚIÐ ALPAKADÝR** Truffle heitir þetta alpakadýr sem situr og gæðir sér á hádegismatnum strax eftir rúningu á alpakasýningu í Harrisburg í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Alpaka er dýrategund af lamaætt sem gefur af sér góða ull. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarfélögum heimilt að greiða minna með einkareknum leikskólum:

# Vilja ódýrari einkaleikskóla

**MENNTAMÁL** ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur úrskurðað að sveitarfélögum sé heimilt að greiða meira með leikskólum sem sveitarfélögin reka sjálf heldur en einkareknum leikskólum.

Samtök einkarekinna leikskóla í Noregi lögðu nýverið fram kæru til ESA þar sem gerð var athugasemd við mismunun á framlagi sveitarfélaga til eigin leikskóla annars vegar og einkarekinna leikskóla hins vegar.

ESA komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum væri heimilt að verja meira fé til reksturs sinna leikskóla en reksturs einkarekinna skóla. Í kjölfarið hafa Samtök einkarekinna leikskóla í Noregi ákveðið að vísa málinu áfram til EFTA dómstólsins.

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, á ekki von á að stefna borgaryfirvalda hvað varðar einkarekna leikskóla breytist í kjölfar úrskurðar ESA.

„Ég hef ekki kynnt mér þennan úrskurð ESA en leikskólaráð er nýbúið að samþykkja breytingar á greiðslum til einkarekinna leikskóla. Þær breytingar gengu í gegn um áramót og nú fá allir einkareknir leikskólar í Reykjavík greiðslur sem nema meðaltalskostnaði á okkar leikskólum og eiga því að sitja við sama borð og leikskólar sveitarfélagsins,“ segir Ragnhildur. - þo



**GAMAN Á LEIKSKÓLA** Einkareknir leikskólar á Íslandi hafa löngum barist fyrir því að fá jafn há framlög og leikskólar sveitarfélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Yfirlýsing frá Nóa-Síríusi:

# Afsaka Tópas-auglýsinguna

**MARKAÐSSETNING** **Forsvarsmenn Nóa-Síríusar biðjast afsökunar á vörukynningu á Tópas í kröfugöngu verkalýðsins 1. maí. Þar gekk hópur ungmenna með Tópasauglýsingar á mótmælaspjöldum með göngunni og hrópaði slagorð, í óþökk margra sem í göngunni voru.**

**Í yfirlýsingu, sem Gunnar Sigurgeirsson markaðsstjóri skrifar undir, segir að fyrirtækinu sé nú ljóst að það sem átti að vera vörukynning á léttum nótum virðist hafa farið úr böndunum og greinilega sært einhverja. Aldrei hafi staðið til að valda fólki sárindum og eru allir hlutaðeigandi beðnir afsökunar.** - sþs


120 1886 2006

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning.
Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að skattamálum, fjármálum heimilisins, fjárfestingum, ávöxtun eigna og lífeyrissparnaði. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Í kvöld | 3. maí | Fjarðargata, Hafnarfirði | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |
| | 24. maí | Akureyri | Fjármál heimilisins |
| | 24. maí | Árbæjarútibú | Lífeyrismálin mín |
| | 31. maí | Egilsstaðir | Fjármál heimilisins |

Í kvöld, Fjarðargötu: Farið verður yfir fjárfestingarkosti sem í boði eru, til dæmis skráð hlutafélög í kauphöll og verðbréfasjóði. Einnig verða gefin hagnýt ráð um uppbyggingu eignasafna. Jafnframt verður greint frá því hvar hægt er að nálgast upplýsingar um fjármálamarkaðinn og hvernig þær eru nýttar. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja nýta tækifæri á fjármálamarkaði til að ávaxta eignir sínar.

2007 MARS APRÍL MAÍ

Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

ÍSLENSKA SIA.IS/ LBI 37425 05/07

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár




**MENGUN** Stöðva þurfti vinnu starfsmanna í ákveðnum hlutum aðganga Kárahnjúkavirkjunar í fyrradag, en í gær var mengunin alls staðar undir viðmiðunarmörkum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mengun hefur óveruleg áhrif

**Mengun var undir viðmiðunarmörkum alls staðar í aðgöngum Kárahnjúkavirkjunar í gær. Óvenju mikið er af starfsmönnum og tækjum í göngunum þar sem verkið er um þremur mánuðum á eftir áætlun.**

**STÓRIÐJA** Vinna Impregilo við aðgöng Kárahnjúkavirkjunar er um þremur mánuðum á eftir upphaflegri áætlun. Vegna þessa er óvenju mikið af mannskap og tækjum í göngunum, sem er einn af þeim þáttum sem eykur mengun í göngunum.

Þetta segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo. Miðað við hvernig gengið hefur gera nýjustu áætlanir Impregilo ráð fyrir því að göngin verði tilbúin í júlí. Nú er unnið hörðum höndum að því að húða göngin með steypu til að tryggja að engin fyrirstaða sé í göngunum þegar vatni verður hleypt á þau.

Undir kvöld í gær var mengun í aðgöngunum alls staðar undir viðmiðunarmörkum að sögn Ómars, en í fyrradag þurfti Impregilo að færa mannskap í göngunum milli staða þar sem mengun í ákveðnum hluta ganganna fór yfir viðmiðunarmörk.

Ómar segir að það að ekki hafi verið hægt að vinna í hluta ganganna undanfarna daga hafi engin áhrif haft á framgang verksins. „Mennirnir sem voru að vinna á þeim svæðum þar sem mengunin var yfir mörkum voru einfaldlega færðir í önnur verk. Það voru sjö menn fyrst og síðan tólf. Þetta hefur óveruleg eða í raun engin áhrif.“

Mun fleiri starfsmenn vinna í göngunum í dag en ráð var fyrir gert upphaflega. „Það er verið að reyna að flýta verkinu eins og kostur er, án þess þó að það bitni á öryggінu,“ segir Ómar.

brjann@frettabladid.is


Samfylkingin

Stórátak í samgöngumálum





Sköpum jöfn tækifæri fyrir alla landsmenn

**Kristján L. Möller,** 1. sæti í norðausturkjördæmi
**Anna Kristín Gunnarsdóttir,** 3. sæti í norðvesturkjördæmi

xS

KRÓNAN
fyrst og fremst.

...í sumar!



# Virkjum kraft eldri borgara

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verða með morgunverðafund um málefni eldri borgara föstudaginn 4. maí. Fundurinn verður í Hlíðarsmára 3 (Amokka) og hefst kl.08.15 og lýkur kl.09.15.

Boðið verður upp á morgunverð.

*Allir velkomnir*

- *Álftanes*
- *Garðabær*
- *Hafnarfjörður*
- *Kjós*
- *Kópavogur*
- *Mosfellsbær*
- *Seltjarnarnes*




Vonar að rúðubrotum linni við Nönnugötu:

## Þreyttur á ofsóknunum

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hef tilkynnt lögreglunni um hótanirnar,“ segir Ingi Þór Sigurjónsson, öryrki við Nönnugötu í Reykjavík, sem segist ítrekað hafa verið áreittur af félögum nágranna síns með rúðubrotum og sms-hótunum. Ofsóknirnar segir hann tengjast deilum við nágranna sinn sem hann kærði fyrir líkamsárás.



**VIÐ GLUGGANN** Ingi fékk grjóthnullunga inn um gluggann hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fréttablaðið greindi frá málinu fyrst 15. apríl. Ingi segist hafa fengið fjölda hótana í sms-formi í síma sinn þar sem hann er sakaður um að vera kjaftaskjóða vegna þess hann hafði samband við lögreglu og fjölmiðla. Skilaboðin séu þó send úr tölvu og því ekki hægt að fullyrða hvaðan þau koma.

Ingi segir að lögreglan hafi enn ekki aðhafst í málinu og hefur hann ákveðið að flytja. Vonast hann til þess að eigandi hússins fái að hafa rúðurnar í húsinu í friði eftir það. - kdk

# Eignarnám fer fyrir dómstóla

**Eigendur jarðarinnar Laugavalla sætta sig ekki við heimild sem ríkið veitti Landsvirkjun til eignarnáms á hluta Laugavalla. Lögmaður eigenda Brúar er ósáttur við matsnefnd eignarnámsbóta.**

**DÓMSMÁL** „Við erum ekki alveg sáttir við það að Brú sé sögð svo stór jörð að það hafi áhrif á hvernig meta eigi þessa þrjú þúsund hektara,“ segir Jón Jónsson, lögmaður bræðra sem eiga jörðina Brú í Fljótsdalshéraði.

Matsnefnd eignarnámsbóta komst að þeirri niðurstöðu að Landsvirkjun ætti að greiða Sigurði og Sigvarði Halldórssonum 63,7 milljónir króna fyrir 3.025 hektara úr landi Brúar sem fara undir Hálslón og fyrir 400 þúsund rúmmetra af malarefni. Matsnefndin segir að Brú, sem er 160 þúsund hektarar, sé afar landmikil og því hefði eignarnámið minni áhrif á heildarverðmæti jarðarinnar allrar en ef um stærri hlutdeild í jörðinni væri að ræða.

Jón segir að deilt hafi verið um aðferðafræði. „Okkar ítrustu kröfur byggðu á því að verðmæti landsins yrði metið út frá miðlunarnýtingu þessa stærsta miðlunarlóns á Íslandi. Því var hafnað og landið metið sem almennt heiðarland,“ segir Jón.

Ítrasta krafa Brúarmanna var 1.300 milljónir króna en Landsvirkjun taldi að áður greiddar 5,3 milljónir króna væru nægileg heildarborgun.

Ríkið hefur reyndar gert kröfu um að landið undir Hálslóni sé í raun þjóðlenda og þar með ríkiseign. Burtséð frá því eru Prestssetrasjóður, sem fer með eignir Valþjófsstaða, samdi við Landsvirkjun fyrir nokkrum misserum fyrir mun lægri upphæð en matsnefndin telur nú vera sanngjarnt verð.



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Hluti af löndum Laugavalla, Brúar og Valþjófsstaða fór undir Hálslón.

Landsvirkjun hefur fengið heimild hjá ríkinu til að taka eignarnámi þann hluta lands Laugavalla sem fer undir Hálslón. Veitt var heimild til svokallaðs fullnaðareignarnáms sem felur í sér að Landsvirkjun fái landið til fullrar eignar gagnstætt því sem er með land Brúar sem á að skilast í sama ástandi þegar Kárahnjúkavirkjun hefur runnið sitt skeið á enda. „Í þessu er mismunun,“ segir Bjarni Björgvinsson, lögmaður eigenda Laugavalla, sem skotið hafa eignarnámsheimildinni til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Jón segir ekki ákveðið hvort niðurstaða matsnefndarinnar varðandi Brú verði send til dómstóla: „Það hefur aldrei reynt á það fyrir íslenskum dómstólum hvort horfa eigi til miðlunarnýtingar. Í orði að minnsta kosti er samkeppni á raforkumarkaði og kannski hefði einhver annar viljað kaupa þessa miðlunarmöguleika á eðlilegu verði.“ gar@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



# Viltu hafa báða fætur á jörðinni? eða …

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf






spron VERÐBRÉF Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf / SÍA – 9070354



3. - 6. MAÍ

# SNYRTIDAGAR

Í SMÁRALIND

## DEBENHAMS

Rifka gefur glæsilega hliðartösku ef keyptar eru vörur fyrir 3.500 kr.

Sportleg taska fylgir nýja sumarilminum 1881 frá Cerrutti

**SENSAI SILK snyrtitaska**
með Softening Lotion 30 ml, Emulsion 30 ml og Moisture Polish Essence 10 ml
**ef verslaðar eru Kanebo vörur fyrir 4.900 kr**

**SENSAI CP snyrtitaska**
með Body Firming Formula 30 ml, Throat and Bust Lifting Effect Formula 30 ml og Quick Radiance 10 ml
**ef verslaðar eru Kanebo vörur fyrir 4.900 kr**

## HYGEA

Kynning á nýjum litum frá Helena Rubenstein

Kaupauki fylgir öllum seldum snyrtivörum á meðan birgðir endast

50% afsláttur af Babylon skartgripum á Snyrtidögum

Frí Guinot augnmeðferð

Kaupauki fylgir Lancome vörum

Kynning á nýjum rakakremum frá Dior, kaupauki fylgir

## ORMSSON SMÁRALIND

20% afsláttur af hársnyrtivörum

## THE BODY SHOP

25% afsláttur af eftirfarandi vörum

SÓLARPÚÐUR
tvö litbrigði

CRANBERRY - VARAGLOSS
tvö litbrigði

FÖRÐUNARBURSTAR
fyrir andlit og líkama

Í kvöld verður boðið upp á ókeypis förðun ásamt ráðgjöf varðandi förðun

## byggtogbúið Smáralind Kringlunni

20% afsláttur af völdum Babyliss vörum

Babyliss hárblásara 2000W
Babyliss hárblásara 1900W
Babyliss Press&Curl
Babyliss sléttujárn - nýtt

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

**Opið:** Mán, þri, mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

ENNEMM / SÍA




LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN GRILLSPJÓT
**2.798** kr. kg
**20%** afsláttur




GRÍSAKÓTELETTUR PIRI-PIRI
**1.998** kr. kg




LAMBAKÓRÓNA AÐ HÆTTI GRIKKJA
**2.798** kr. kg
Þú sparar **200** kr. kg

# Laxaveisla í Nóatúni!




LAXAFLÖK BEINHREINSUÐ
**998** kr. kg
Þú sparar **500** kr. kg




LAXASNEIÐAR
**698** kr. kg
Þú sparar **430** kr. kg




LAXAFLÖK KRYDDUÐ
**998** kr. kg
Þú sparar **600** kr. kg




GEVALIA KAFFI RAUTT
**299** kr. pk.




**10%** afsláttur



MYLLU SAMLOKU-BRAUÐ HEILHVEITI
**199** kr. pk.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

# Lambahryggur á tilboði!



Þú sparar 500 kr. kg

LAMBAHRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg



NÓATÚNS UNGNAUTAHAKK
478 kr. pk.
20% afsláttur




FRESCHETTA NAPOLI PIZZUR
199 kr. pk.
44% afsláttur



NÓATÚNS HAKKBOLLUR Í SÚRSÆTRI SÓSU
798 kr. kg
Þú sparar 420 kr. kg




20% afsláttur
Kelloggs all-bran og Kellogs bran flakes




GOÐA DÖNSK LIFRAKÆFA
179 kr. pk.




NÓATÚNS ELDHÚSRÚLLUR
299 kr. pk.




BRAZZI SAFAR
99 kr. l

Verði ykkur að góðu!



**FORSETI KÝS** Amadou Toumani Touré, forseti Malí, greiðir atkvæði í kjörklefa í forsetakosningunum á mánudag. Hann vonast til að fá að gegna embættinu annað kjörtímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Framkvæmdasvið og fyrirtæki endurnýja lagnir í hverfi 105:

# Orðsendingu mætti breyta

**FRAMKVÆMDIR** Orðsending framkvæmdasviðs Reykjavíkur til íbúa á svæði 105 var fyrst og fremst hugsuð fólki til viðvörunar og má vel vera að hana hefði mátt orða betur, að sögn Hrólfs Jóhannessonar sviðsstjóra.

„Ef veggurinn er innan lóðarmarka getum við ekkert komið og mokað og skemmt vegginn og rukkað þig, það er ekki þannig. Hins vegar eru veggir víða gamlir og hanga út fyrir gangstéttina. Verði hreyft við stéttinni geta þeir fallið út. Þá er fyrst haft samband við eigendur, þeir heimsóttir og allt myndað. Fullt samráð er haft áður en verkið hefst,“ segir Hrólfur, sem kveður þetta koma örsjaldan upp á. Hrólfur telur að orðsendinguna vegna þessa mætti ef til vill endurskoða, en í henni segir; „þegar að gangstétt borgarinnar er mokað upp við lóð [húseigenda] getur veggur [...] sem nær út á gangstétt borgarinnar riðlast eða skemmst. Verkkostnaður af þessum völdum fellur á húseiganda.“

Einnig er minnst á „veruleg vatnstjón“ í orðsendingunni. Hrólfur segir að vatnsskemmdir, sem komi af því að fólk gleymi að skrúfa fyrir kranana, verði að vera á ábyrgð íbúa. Orkuveitan eigi lagnirnar og viðskiptavinir hennar þurfi að leyfa henni að endurnýja þær. **- kóþ**



**FRAMKVÆMDIR Í MEÐALHOLTI** Sviðsstjóri framkvæmdasviðs segir örsjaldan hafa komið fyrir að veggir Reykvíkinga riðlist eða skemmist við svona framkvæmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aftökur í Sádi-Arabíu:

## Fjórir Pakistanar hálshöggnir

**SÁDI-ARABÍA, AP Yfirvöld í Sádi-Arabíu létu í gær hálshöggva fjóra Pakistana, sem dæmdir höfðu verið fyrir að berja mann til dauða þar sem hann svaf í rekkju sinni, nauðga og misþyrma eiginkonu hans og ræna fé og skartgripum hjónanna. Frá þessu greindi sádi-arabíska innanríkisráðuneytið.**

**Í Sádi-Arabíu á fólk líflát yfir höfði sér sem dæmt er fyrir morð, eiturlyfjasmygl, nauðgun eða vopnuð rán. Aftökurnar fara fram fyrir opnum tjöldum. Hinir dæmdu eru hálshöggnir með sverði. 51 maður hefur verið hálshöggvinn í landinu það sem af er þessu ári.** **- aa**







**FLUTT** Minnismerkið komið á nýja staðinn í kirkjugarði í Tallinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sendiráð Eista njóti verndar

**Erindrekar Evrópusambandsins þrýsta á rússnesk yfirvöld að vernda betur eistneska sendiráðið í Moskvu, sem reiðir ungir Rússar sitja um vegna minnismerkis.**

**BRUSSEL, MOSKVU, AP** Erindrekar Evrópusambandsins þrýstu á rússnesk stjórnvöld í gær að sjá til þess að eistneska sendiráðið í Moskvu nyti tilhlýðilegrar verndar, en fjöldi ungra Rússa hefur setið um það síðustu daga og gert aðsúg að starfsmönnum þess, þar á meðal sendiherranum Marinu Kaljurand.

Umsátursliðið er reitt þeirri ákvörðun eistneskra stjórnvalda að láta flytja minnismerki um sigur Rauða hersins í síðari heimsstyrjöld frá torgi í miðborg Tallinn inn í kirkjugarð í borginni. Er hafist var handa við að flytja styttuna á föstudaginn kom til átaka milli lögreglu og ungmenna af rússneskumælandi minnihlutanum í Eistlandi.

„Við mælumst eindregið til þess að rússnesk stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar samkvæmt Vínarsáttmálanum um diplómatísk samskipti,“ sagði Christiane Hohmann, talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hún sagði að nefnd sendiherra ESB-ríkja vildi sem fyrst eiga fund í rússneska utanríkisráðuneytinu til að koma þessum skilaboðum á framfæri.

Kaljurand sendiherra hafði áður greint frá því að rússnesk ungmenni, sem fylgja núverandi valdhöfum í Kreml að málum, hefðu reynt að ráðast á sig er hún reyndi að halda blaðamannafund í Moskvu. Hún sagði einnig að tölvuþrjótar sem meðal annars notuðu tölvur skráðar af rússnesku ríkisstjórninni hefðu brotist inn á opinberar heimasíður Eistlandsstjórnar.

Minnismerkið umdeilda, „Bronshermanninn“, álíta Eistar almennt tákn um sovéskt hernám og ofríki Moskvuvaldsins í hálfa öld í landi þeirra. **- aa**






**699** kr/kg. áður 1.021 kr/kg.
Goða blandað hakk - Prepack




**424** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Holta kjúklingalæri með legg




**979** kr/kg. áður 1.399 kr/kg.
Holta blandaður grillbakki




**399** kr/kg. áður 499 kr/kg.
Goða súpukjöt blandað




**454** kr/kg. áður 699 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur




**799** kr/kg. áður 1.238 kr/kg.
Borgarnes hangiframpartur - sagaður




**70** kr/stk. áður 140 kr/stk.
Náttúra jurtarjómi




O&S Gouda 17%

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 3. maí til 6. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## „ORÐRÉTT“

### Handan við hitt hornið kannski?

**„Það hefur verið lengi látið eins og jafnrétti sé rétt handan við hornið. Að það þyrfti ekki lengur að berjast því þetta væri allt rétt að bresta á.“**

ANDREA HJÁLMARSDÓTTIR KOMST AÐ ÞVÍ AÐ FLEIRI UNGLINGAR TELJA NÚ EN FYRIR FJÓRTÁN ÁRUM AÐ KONUR EIGI FREKAR AÐ SJÁ UM ÞVOTT EN KARLAR.
**Fréttablaðið 2. maí**

### Jón Sigurðsson hver?

**„En þeir þurfa ekki annað en að líta á nafnið til að vita að hann var Íslendingur.“**

ATLI ÁSMUNDSSON, RÆÐISMAÐUR ÍSLANDS Í WINNIPEG, VIÐURKENNIR AÐ FÆSTIR HEIMAMANNA VITI HVER JÓN SIGURÐSSON VAR, EN STYTTA AF HONUM ER Í WINNIPEG.
**Fréttablaðið 2. maí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GÍSLI MARTEINN BALDURSSON BORGARFULLTRÚI

## *Grænn og áhyggjulaus á reiðhjóli*



„Af mér er það að frétta að ég er í Melabúðinni að kaupa í matinn, sem verður að þessu sinni borðaður fyrir framan sjónvarpið yfir leik Manchester United og AC Milan,“ segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, inntur eftir tíðindum.

Þótt kosningar séu á næsta leiti er tónninn í Gísla léttur enda segist hann geta notið þess í þetta sinn að fylgjast með af hliðarlínunni. „Ég er mjög áhyggjulaus yfir kosningunum, enda hvíla þær á herðum annarra að mestu. Það er mjög þægileg tilfinning, ekki síst í ljósi þess að mínum mönnum í Sjálfstæðisflokknum gengur jafn vel og raun ber vitni,“ segir borgarfulltrúinn og kveðst ósammála þeim sem þykir kosningabaráttan hafa verið leiðinleg.

Sumarið er handan við hornið og segir Gísli sig og félaga sína í borgarstjórn stíga hin boðuðu grænu skref eins hratt og örugglega og þau geta. „Ég er til dæmis á hjóli núna, eins og allir sem taka þátt í átakinu Á hjóli í vinnuna. Fyrsta daginn hjólaði ég frá Húsdýragarðinum að Ráðhúsinu, sem var hressandi. Þótt það væri rigning fannst mér þetta vera fyrsti eiginlegi sumardagurinn.“

## KAFFIBAUNIR:
### ROBUSTA SEM VOTTAR AF BLAUTUM PAPPA

■ Tvenns konar kaffibaunir fyrirfinnast. Annars vega arabica-baunir, sem eru dýrari, og hins vegar robusta-baunir.

Í robusta-baunum er um 40 til 50 prósent meira koffein en í arabica. Það er auðveldara að rækta robusta-baunir. Hins vegar þykja arabica-baunirnar bragðbetri. Í ýmsum kaffiblöndum er því tekið til þess ráðs að drýgja arabica-kaffi með robusta. Ef miðað er við arabica-baunir þykir robusta-kaffi vera beiskara og vottar fyrir bragði af brenndu gúmmíi.



## SJÓNARHÓLL
### VERKASKIPTING Á HEIMILINU



SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
Söngkona

### *Endurspeglar fyrirmyndir*

„Ég held að þetta endurspegli að vissu leyti þær fyrirmyndir sem krakkarnir hafa,“ segir Sesselja Kristjánsdóttir söngkona um niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Háskólann á Akureyri og Fréttablaðið sagði frá í gær. Þar kom meðal annars fram að mun fleiri unglingsstúlkur telja að konur eigi að sjá um þvott nú heldur en árið 1992. „Mér finnst skipta miklu máli hvernig uppalendur taka á þessum málum, til dæmis hvort þess sé krafist af strákum að þeir setji í þvottavél og straui af sér sjálfir. Það er ekki nóg að sjá, það þarf líka að gera.“

Spurð hvernig hún telji eðlilega verkaskiptingu á heimilinu vera segir hún ekki skipta öllu máli að skiptin séu nákvæmlega jöfn, mestu máli skipti að sátt sé milli hjóna um verkaskiptinguna. „Mér finnst að það þurfi að bera virðingu fyrir þeirri ákvörðun sem tekin er innan heimilisins.“

# Þetta verður rosalegur dagur

**Óvenju margir ætla að ganga í það heilaga hinn 7. júlí næstkomandi og virðist dagsetningin 07.07.07 hafa mikið um það að segja. Dæmi eru um að kirkjur séu bókaðar samfellt frá morgni til kvölds. Prestar og kirkjuhaldarar muna ekki eftir öðru eins og telja að það stefni í met.**

„Já, það er fjöldi að fara að gifta sig,“ segir séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju. Sjálfur gefur hann nokkur brúðhjón saman 7. júlí, hist og her um borgina, en í Grafarvogskirkju verða sex eða sjö hjónavígslur þennan dag. „Ég held að við komum ekki fleiri athöfnum fyrir á sama degi með góðu. Kirkjan er bókuð frá hádegis fram á kvöld,“ segir hann og bætir við að ástandið sé álíka í helstu brúðkaupskirkjunum í Reykjavík; sex pör gifta sig í Háteigskirkju þennan dag, fjórar til fimm hjónavígslur verða í Hallgrímskirkju og álíka margar í Bústaðakirkju. Þá ganga tólf turtildúfur í það heilaga á Akureyri þennan dag og tvö pör gifta sig að kaþólskum sið í Landakotskirkju. „Ég man að það var líka mikið að gera 5. maí 2005,“ segir séra Vigfús Þór. „En 7. júlí verður ábyggilega einn af metdögunum.“



SÉRA JÓNA HRÖNN



SÉRA VIGFÚS ÞÓR



ÁSTBJÖRN EGILSSON

Undir það tekur Ástbjörn Egilsson, kirkjuhaldari í Dómkirkjunni í Reykjavík, en þar láta átta pör, jafnvel níu, pússa sig saman fyrsta laugardaginn í júlí. „Þetta verður rosalegur dagur,“ segir Ástbjörn. „Við byrjum klukkan níu um morguninn og síðasta giftingin er klukkan níu um kvöldið, þannig að straumurinn verður nokkuð stöðugur allan daginn.“

Nokkrir prestar gefa brúðhjónin saman í Dómkirkjunni þennan dag en Ástbjörn segir hvorki hann né annað starfsfólk Dómkirkjunnar muna eftir öðru eins annríki á einum degi. „Það má segja að prestarnir verði í hálfgerðu akkorði,“ segir hann og hlær.

Brullaupsfárið, ef svo má kalla, hefur heldur ekki farið fram hjá séra Jónu Hrönn Bolladóttur miðborgarpresti. Að minnsta kosti tíu hjónaleysi hafa sóst eftir kröftum hennar 7. júlí og ekki færri leitað til eiginmanns hennar, séra Bjarna Karlssonar. „Miðað við hversu margar beiðnir okkur hafa borist finnst mér ekki ólíklegt að þetta sé met,“ segir Jóna. Illu heilli geta hjónin ekki gefið neinn saman á þessum degi. „Ég ráðstafaði sumarfríinu fyrir jól og áttaði mig ekki á að 7. júlí myndi bera upp á laugardegi, þannig að við verðum erlendis þennan dag,“ segir Jóna. Hún býst þó ekki við að fólk lendi í vandræðum með að finna prest til að gefa sig saman. Hún telur að dagsetningin 07.07.07 sé fyrst og fremst aðdráttaraflið í augum verðandi brúðhjóna. „Ég held að þetta helgist af umhyggjusemi kvenna svo mennirnir þeirra muni eftir brúðkaupsdeginum. Það má sjálfsagt koma í veg fyrir mikla hjónabandserfiðleika með því móti,“ segir hún og hlær.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**Í ÞAÐ HEILAGA** Átta, jafnvel níu pör láta pússa sig saman í Dómkirkjunni hinn 7. júlí. Fyrsta athöfnin hefst klukkan níu að morgni en sú síðasta á sama tíma að kvöldi.

## 07.07.07



Samkvæmt Hagstofu Íslands gengu 1.607 pör í hnappheldúna hér á landi árið 2005. Þar af voru kirkjulegar vígslur 1.363, um 26 að meðaltali á viku, en þær borgaralegu voru 244, eða tæplega fimm á viku. Ljóst er að fjöldi brúðkaupa hinn 7. júlí verður því langt yfir meðaltali, jafnvel þótt aðeins sé litið til fjögurra eða fimm kirkna á höfuðborgarsvæðinu. Þeim sem kjósa borgaralega athöfn er hins vegar sniðinn þrengri stakkur en þeim sem eru handgengnir kirkjulegri vígslu, að minnsta kosti á laugardögum. Hjá Sýslumanninum í Reykjavík er boðið upp á tvær athafnir á laugardögum og báðar eru fráteknar hinn 07.07.07. Eftir því sem næst verður komist hefur 8. ágúst 2008 ekki verið ráðstafað hjá sýslumannsembættinu, sú dagsetning ber upp á föstudegi.


… ertu til í að taka flugið?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ
24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.
• 75% hlutabréf
• 25% skuldabréf

spron VERÐBRÉF
Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf / SÍA – 9070354




Í DAG, KL. 17.30, MUN EIRÍKUR STÍGA Á SVIÐ Í SMÁRALINDINNI OG HITA UPP FYRIR EUROVISION ÁÐUR EN HANN FLÝGUR Á VIT ÆVINTÝRANNA Í HELSINKI.

- Eiríkur flytur Eurovision-lagið Valentine Lost ásamt hljómsveit og áritar geisladiskinn og annan Eurovision-varning.
- Aðalheiður Ólafs og Sigurjón Brink taka lagið.
- Tilkynnt hver er vinningshafi í Eurovision-leik SPRON og verður í fylgdarliði Eiríks í Helsinki.
- Kynnirinn, Björgvin Franz Gíslason, heldur utan um fjörið.

SENDU EUROVISION-HÓPNUM STUÐNINGSKVEÐJU Á SPRON.IS

## SPRON STYÐUR EIRÍK – HVAÐ MEÐ ÞIG?

SPRON hvetur Eirík og Eurovision-hópinn til dáða í Helsinki og hvetur þjóðina til að gera það sama. Farðu inn á spron.is fyrir 10. maí nk. og sendu Eiríki og Eurovision-hópnum stuðningskveðju þína. Daglega verður dreginn út Eurovision-varningur og einn heppinn þátttakandi mun vinna glæsilegt 42" LCD-sjónvarp.

Við hvetjum landsmenn til að mæta og taka þátt í gleðinni.

**Sjáumst í Smáralindinni!**

spron

ARGUS 07-0311

## Svona erum við

> Meðalrennsli nokkurra áa á Íslandi í rúmmetrum á sekúndu talið




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VERKALÝÐSDAGURINN 1. MAÍ

# *Barátta fyrir réttlátara þjóðfélagi*

Þann 1. maí, áttu flestir Íslendingar frí frá vinnu og fólk fór saman út á götur og torg, ekki bara á Íslandi heldur úti um allan heim, til að láta að sér kveða og halda frídag verkalýðsins hátíðlegan.

**Hvaða dagur er þetta og um hvað snýst hann?**
Fyrsti maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins. Árið 1889 hittust fulltrúar alþjóðasamtaka kommúnista á ráðstefnu í París í tilefni af því að hundrað ár voru liðin frá því að Parísarbúar tóku Bastilluna. Þar var ákveðið að gera fyrsta maí að baráttudegi verkafólks. Þessi tiltekni dagur var valinn meðal annars til að minnast blóðbaðs í Chicago í Bandaríkjunum þremur árum áður.



**Til hvers er dagurinn notaður?**
Frakkar lögðu á sínum tíma til að verkafólk notaði daginn til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfum um átta stunda vinnudag og aðrar umbætur á kjörum sínum og þannig hefur dagurinn verið notaður alla tíð síðan. Á Íslandi var fyrst gengin kröfuganga 1. maí árið 1923. Dagurinn varð lögskipaður frídagur árið 1972.

Hinn 1. maí gengur launafólk undir rauðum fána og leikinn er alþjóðasöngur verkalýðsins, Internasjónalinn sem einnig kallast Nallinn, ræður haldnar og svo drekkur verkalýðurinn kaffi saman. Krafa dagsins er réttlátara þjóðfélag. Rauði liturinn á fána verkalýðshreyfingarinnar táknar uppreisn gegn ranglæti. Hann þýðir að nú sé nóg komið, auk þess sem hann táknar dagrenninguna.

**Hvaða þýðingu aðra hefur þessi dagur erlendis?**
Valið á þessum degi styðst við rótgróna hefð í sunnanverðri Evrópu þar sem menn tóku sér oft frí. Í heiðnum sið var hann táknrænn fyrir endalok vetrarins og upphaf sumarsins. Í Skandinavíu var 1. maí fyrsti dagur sumars. Svíar og Finnar halda enn þann dag í dag upp á Valborgarmessu kvöldið fyrir 1. maí og segir hefðin að það sé dagur stúdentanna þar sem þeir ganga um með stúdentshúfurnar á kollinum.

## SPURT & SVARAÐ
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR

### *Landgræðsla með skógrækt*

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við ríkissjóð um áframhaldandi Landgræðsluskóga. Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélagsins, segir samninginn marka tímamót.



**MAGNÚS JÓHANNESSON**
Formaður Skógræktarfélags Íslands.

**Hvað eru Landgræðsluskógar?**
Tilgangurinn með verkefninu er að tengja saman landgræðslu og skógrækt. Skógræktin fer fram á tiltölulega rýru landi, bæði til að koma upp skógi og að bæta jarðveginn.

Skógarnir eru nú um 140 talsins og þekja alls um 12.000 hektara. Það eru um 0,12 prósent af landinu. Skógarnir eru hugsaðir til útivistar fyrir almenning, því skilyrði fyrir skógræktinni er að landið verði opið fyrir almenning.

**Hvað felst í samningnum?**
Þetta er tímamótasamningur sem tryggir að verkefnið haldi áfram til ársins 2013. Við munum planta 800.000 til milljón plöntum á ári.

**Verður landið þá brátt fullgrætt?**
Nei, því miður. Alls eru 1,6 prósent af Íslandi þakin skógi. Talið er að við landnám hafi um 25 til 30 prósent landsins verið skógi vaxin.

# 756 á listum vegna kosninganna

**Framboðslistar flokkanna fyrir kosningarnar 12. maí hafa verið samþykktir og kynntir. Listarnir eru samtals 36, á hverjum eru 18 til 24 – alls 756 manns. Heldur fleiri karlar en konur eru á listunum, 397 á móti 359.**



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Sex flokkar bjóða fram í öllum kjördæmunum sex: Framsóknarflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Íslandshreyfingin, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri hreyfingin - grænt framboð.

Fjöldi fólks á hverjum lista fer eftir fjölda þingmanna í kjördæminu. Skal frambjóðendafjöldinn vera tvöföld þingmannatalan. Er það gert ef svo færi að sami flokkurinn fengi alla þingmenn kjördæmisins.

Fleiri karlar en konur eru á listunum, 397 en 359 konur. Heldur hefur dregið saman með kynjunum frá kosningunum 2003 þegar 447 karlmenn voru í framboði en 329 kvenmenn.

Þá voru framboðslistar einum fleiri. Mestur munur er á kynjafjölda á listum Frjálslyndra í Norðausturkjördæmi og í Suðurkjördæmi. Í Norðaustur eru fimmtán karlar og fimm konur og í Suður eru sautján karlar og sjö konur.

Karlar eru oddvitar 24 lista en konur eru í efsta sæti á tólf listum.

Hartnær 50 þingmenn eiga, það sem kalla má, raunhæfa möguleika á að ná endurkjöri. Þó er útilokað að öllum takist það. Mun fleiri þingmenn eru á listum, í heiðurssætum eða þar nærri og fylla flokk fyrrverandi þingmanna eftir kosningarnar.

Fólk á framboðslistum tilheyrir ólíkum starfsstéttum og ber margvíslega titla. Bændur, verkfræðingar, forstjórar, deildarstjórar, læknar, bakarar, rafvirkjar, þroskaþjálfar, verkamenn og skipstjórar eru á listum sem og lögreglumenn, eldri borgarar, leiðsögumenn, forstöðumenn, húsmæður, flugstjórar og bifreiðastjórar.

Skólafólk, bæði nemendur og kennarar, eru áberandi á listum allra flokka í öllum kjördæmum. Yfir 70 manns sem koma að skólastarfi með einum eða öðrum hætti eru á listum; kennarar, leikskólakennarar, skólastjórar, námsráðgjafar, lektorar, prófessorar og skólaliðar. Ögn færri nemar eru á listum en þeir eru ýmist í háskólanámi, flugnámi, doktorsnámi eða bara námi.

Sumir bera öðruvísi titla en aðrir, til dæmis er Guðmundur Theódórsson, heldri borgari, á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Bjarni Pálsson uppfinningamaður er á lista Íslandshreyfingarinnar í Suðurkjördæmi, Guðrún Jónsdóttir lífeyrislaunakona er á lista VG í Suðurkjördæmi, Matti Ósvald Stefánsson, heildrænn heilsufræðingur, er á lista Íslandshreyfingarinnar í Suðvesturkjördæmi og Guðmundur Ragnar Guðmundsson, tölvunarfræðingur og frumkvöðull, er á lista Íslandshreyfingarinnar í Reykjavík suður.



**ÞINGSETNING** Fólkið sem skipar listana fyrir kosningarnar eftir níu daga hefur ólíka reynslu að baki. Mest ber þó á kennurum og nemum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÞINGMENN Í HEIÐURSSÆTUM

Ýmist fyrrverandi eða verða fyrrverandi. Horft er til þriggja síðustu sæta listanna. Tólf eru fyrrverandi ráðherrar.

- Ingibjörg Pálmadóttir, Framsókn NV
- Stefán Guðmundsson, Framsókn NV
- Guðjón Guðmundsson, Sjálfstæðisfl. NV
- Jóhann Ársælsson, Samfylkingin NV
- Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Samfylkingin NV
- Jón Kristjánsson, Framsókn NA
- Halldór Blöndal, Sjálfstæðisfl. NA
- Sverrir Hermannsson, Íslandshreyfingin NA
- Málmfríður Sigurðardóttir, VG NA
- Hjálmar Árnason, Framsókn Suður
- Kristján Pálsson, Sjálfstæðisfl. Suður
- Sigríður Jóhannesdóttir, Samfylkingin Suður
- Árni Gunnarsson, Samfylkingin Suður
- Margrét Frímannsdóttir, Samfylkingin Suður
- Steingrímur Hermannsson, Framsókn Suðvestur
- Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sjálfstæðisfl. Suðvestur
- Gunnar Ingi Birgisson, Sjálfstæðisfl. Suðvestur
- Sigríður Anna Þórðardóttir, Sjálfstæðisfl. Suðvestur
- Rannveig Guðmundsdóttir, Samfylkingin Suðvestur
- Jón Sigurðsson, Samfylkingin Suðvestur
- Kristín Halldórsdóttir, VG Suðvestur
- Haraldur Ólafsson, Framsókn Reykjavík S
- Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisfl. Reykjavík S
- Bryndís Hlöðversdóttir, Samfylkingin Reykjavík S
- Halldór Ásgrímsson, Framsóknarfl. Reykjavík N
- Árni Magnússon, Framsóknarfl. Reykjavík N
- Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisfl. Reykjavík N
- Guðrún Ögmundsdóttir, Samfylkingin Reykjavík N
- Hjörleifur Guttormsson, VG Reykjavík N

Þá skipa nokkrir þingmenn sæti um eða í kringum miðja lista.

## MEÐAL ÞEKKTRA

- Sunna Gestsdóttir, Sjálfstæðisfl. NV
- Valgeir Guðjónsson, Sjálfstæðisfl. Suðvestur
- Vanda Sigurgeirsdóttir, Samfylkingin NV
- Einar Már Guðmundsson, VG Reykjavík N
- Theódór Júlíusson, Samfylkingin Suður
- Helena Jónsdóttir, Íslandshreyfingin Reykjavík S
- Ragnar Kjartansson, Íslandshreyfingin Reykjavík N
- Ragnheiður Gröndal, Samfylkingin Reykjavík N
- Lýður Árnason, Frjálslyndir Norðvestur
- Silja Úlfarsdóttir, Samfylkingin SV
- Stefán Máni, Sjálfstæðisfl. Reykjavík S
- Heimir Örn Árnason, handboltam. Sjálfst.fl. Reykjavík S
- Reynir Jónasson, VG Reykjavík N
- Benedikt S. Lafleur, Íslandshreyfingin Suðvestur
- Jón Viktor Gunnarsson, VG Reykjavík S
- Guðrún Ásmundsdóttir, Íslandshreyfingin Reykjavík N
- Elín Ósk Óskarsdóttir, Sjálfstæðisfl. Suðvestur
- Jóhann Helgason, Íslandshreyfingin Reykjavík S
- Halldór Guðmundsson, Samfylkingin Reykjavík S
- Helgi Pétursson, Samfylkingin Suðvestur
- Sólveig Arnarsdóttir, Samfylkingin Reykjavík S
- Helgi Hallvarðsson, Frjálslyndir Suðvestur
- Víkingur Kristjánsson, VG Reykjavík S

## Frægir í framboði

Dágóður hópur fólks, sem er þekkt af einhverju allt öðru en afskiptum af pólitík, er á listum flokkanna. Fer mest fyrir listaog íþróttamönnum en einnig er þar fólk sem hefur getið sér orðs á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Meðal íþróttamanna eru Sunna Gestsdóttir, Silja Úlfarsdóttir og Heimir Örn Árnason. Úr hópi tónlistarmanna eru Valgeir Guðjónsson, Elín Ósk Óskarsdóttir, Jóhann Helgason og Ragnheiður Gröndal og meðal annarra þjóðþekktra má nefna Lýð Árnason lækni, Hannes Örn Blandon prófast og Helga Hallvarðsson skipherra.


**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, SPORT OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

**HEFST Í DAG OG STENDUR TIL 13. MAÍ**

**OPIÐ FRÁ 12:00 – 18:00 ALLA DAGA**

## EKKI MISSA AF ÓTRÚLEGUM TILBOÐUM

| | |
|---|---|
| 66°N Dömu og herra peysur frá | 2.500 kr |
| 66°N Dúnúlpur dömu og herra | 8.000 kr |
| 66°N Jakkar dömu og herra | 5.000 kr |
| 66°N Buxur dömu og herra frá | 2.000 kr |
| 66°N Krakka úlpur | 300 kr |
| 66°N Fylgihlutir | 500 kr |
| 66°N Bolir | 500 kr |
| Herraskór frá | 2.000 kr |
| Dömuleðurstígvél frá | 2.000 kr |
| Barnaskór frá | 1.000 kr |
| Sandalar frá | 500 kr |
| Puma íþróttagallar frá | 3.990 kr |
| Puma fótboltaskór frá | 1.990 kr |
| Puma bolir frá | 1.000 kr |
| Puma stuttbuxur frá | 1.000 kr |

66° NORÐUR

ecco®

Kaupfélagið

PUMA®

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

## SUÐURKJÖRDÆMI

**FJÖLDI Á KJÖRSKRÁ**
**Árið 2007** 30.589
**Árið 2003** 28.374

**FJÖLDI KJÓSENDA AÐ BAKI HVERJU ÞINGSÆTI**
**Árið 2007** 3.060
**Árið 2003** 2.837

**HLUTFALLSLEG FJÖLGUN ÍBÚA SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR**
**Í kjördæminu** 12,5%
**Á landinu öllu** 9,9%

**KOSNINGAÞÁTTTAKA Í KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003**
**Kosningaþátttaka karla** 88,9%
**Kosningaþátttaka kvenna** 90,0%



**SVEITARFÉLÖG**
Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Grindavíkurbær, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Ölfus, Sveitarfélagið Vogar og Vestmannaeyjabær.

**ÚRSLIT KOSNINGA 2003**

10 þingsæti, 9 kjördæmissæti, 1 jöfnunarsæti




**KJÖRNIR ÞINGMENN 2003**
Margrét Frímannsdóttir (S)
Árni Ragnar Árnason (D) lést, varam: Kjartan Ólafsson (D)
Guðni Ágústsson (B)
Lúðvík Bergvinsson (S)
Drífa Hjartardóttir (D)
Hjálmar Árnason (B)
Björgvin G. Sigurðsson (S)
Guðjón Hjörleifsson (D)
Magnús Þór Hafsteinsson (F)
Jón Gunnarsson (S)

# Menntir fela vaxtarmöguleika

Frambjóðendur allra flokka í Suðurkjördæmi eru sammála um brýnustu verkefni kjördæmisins á næstu árum. Áherslur eru þó ólíkar. Samgöngumál eru þeim efst í huga ásamt atvinnu-, velferðar- og umhverfismálum. *Svavar Hávarðsson* innti efstu menn á listum flokkanna sem bjóða fram fyrir alþingiskosningarnar eftir því hvaða verkefni væru mest aðkallandi í kjördæminu.

**KOSNINGAR 2007**

Suðurkjördæmi er hið gamla Suðurlandskjördæmi að viðbættum Hornafirði sem áður tilheyrði Austurlandskjördæmi og Suðurnesjum sem áður voru í Reykjaneskjördæmi. Innan þess eru því ólíkar byggðir og þarfir á uppbyggingu atvinnu og þjónustu renna ekki alfarið í sama farvegi. Efstu menn flokkanna sem bjóða fram á landsvísu fyrir alþingiskosningarnar eru sammála um flest það sem brýnast er að framkvæma á næstu árum en áherslur eru þó að nokkru leyti ólíkar. Samgöngumál nefna allir frambjóðendur sem brýnt framtíðarverkefni en atvinnumál, velferðarmál og umhverfismál eru frambjóðendum jafnframt ofarlega í huga.

### Vegir liggja til allra átta

Umtalaðasta samgöngubót innan Suðurkjördæmis eru jarðgöng til Vestmannaeyja eða uppbygging hafnaraðstöðu fyrir ferju í Bakkafjöru. Mikið er undir, því bættar samgöngur munu hleypa nýju lífi í margs konar starfsemi í Eyjum en gæfi einnig Suðurlandi í heild margvíslega möguleika.

Guðni Ágústsson, Framsóknarflokki, segir nauðsynlegt að ný ferja verði keypt strax á þessu ári og ljúka þurfi rannsóknum á jarðgöngum og Bakkafjöruhöfn á stuttum tíma. Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingu, segir samgöngur við Eyjar eitt stærsta kosningamálið í kjördæminu og flokkurinn hafi barist fyrir því lengi að sett verði nægt fé í rannsóknir. Hann segir Samfylkinguna ekki hafa útilokað jarðgöng sem að hans mati væri langbesti kosturinn ef það reynist gerlegt. Óháð rannsóknum vill Björgvin nýja ferju án tafar. Grétar Mar Jónsson, Frjálslyndum, leggst alfarið gegn hafnarframkvæmdum í Bakkafjöru. Hann vill nýja ferju á meðan metið er hvort það sé mögulegt fjárhagslega og tæknilega að gera göng. Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki, segir samgöngur við Eyjar sérstakt verkefni. Þar sé verið að leggja síðustu hönd á að meta hvort einstakar framkvæmdir eru raunhæfar og von sé á stórum ákvörðunum varðandi framtíðarsamgöngur. Hvort aðstæður við Bakkafjöru séu erfiðar til siglinga vill hann að sérfræðingar meti auk þess hvort eldvirkni útiloki jarðgöng. Atli Gíslason, vinstri-grænum, vill nýja ferju strax og aukaferð verði komið á með fisk og aðra þungaflutninga. Hann vill frekari rannsóknir á jarðgöngum sem hann trúir að sé hagkvæmasti kosturinn, en segist hafa verulegar efasemdir um höfn í Bakkafjöru. Ásta Þorleifsdóttir, Íslandshreyfingu, vill ekki útiloka neina kosti í samgöngumálum fyrr en rannsóknir hafa farið fram og hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir. Það á jafnt við um göng til Eyja sem aðrar samgöngubætur í kjördæminu.

Samgönguverkefni innan kjördæmisins eru margs konar eftir því hvert er litið. Tvöföldun Reykjanesbrautarinnar á Suðurnesjunum, tenging Suðurnesja og Suðurlands um Suðurstrandarveg og tenging við höfuðborgarsvæðið um Suðurlandsveg. Þetta eru þau verkefni sem efstu menn listanna nefna sem mikilvægust auk tengivega í sveitum. Brú yfir Hornafjarðarfljót er mikilvægt verkefni til að styrkja jaðarsvæði kjördæmisins.

### Atvinnumál

Þegar horft er til atvinnumála í Suðurkjördæmi ber ýmislegt á góma. Þar hefur Grétar Mar sérstöðu í áherslum sínum á sjávarútveg. Fyrir honum eru atvinnumálin brýnasta málið í kjördæminu því að ekki tekst vel með atvinnuuppbyggingu í kjördæminu þá sitji allt annað á hakanum. „Við höfum tækifæri til að auka tekjur í sjávarútvegi, til dæmis með því að setja allan fisk á markað og auka veiðar með því að koma í veg fyrir brottkast. Við getum nýtt fiskistofnana betur en við erum að gera núna, fyrir því liggja vísindalegar sannanir," segir Grétar. Hann útilokar ekki álþekniiðngarð í Þorlákshöfn og vill nýta orkuna sem er í kjördæminu. Guðni Ágústsson telur að stóriðjumál séu ekki stærsta eða brýnasta verkefnið sem er við að fást í Suðurkjördæmi. „Eitt brýnasta verkefni kjördæmisins er háskólamenntun og ég bind miklar vonir um að eitthvað stórt muni gerast varðandi alþjóðlegan háskóla tengt varnarliðssvæðinu. Hér fyrir austan fjall tel ég afar brýnt að fá háskóla sem myndi þýða gríðarlega uppsveiflu og öryggi til framtíðar." Hann leggur áherslu á tækifæri sveitanna til að vaxa.

Björgvin G. Sigurðsson vill berjast fyrir uppbyggingu á staðbundnu háskólanámi í kjördæminu og telur menntamál lykilatriði. „Það þarf ekki að vera nýr háskóli, hann getur verið undir merkjum Háskóla Íslands. Þetta er það brýnasta í atvinnumálunum, það er að byggja upp menntastofnanir, nýja framhaldsskóla í Grindavík og Rangárvallasýslu sem hvíla á sérkennum svæðanna; sjávarútvegi, landbúnaði og landgræðslu." Árni M. Mathiesen leggur áherslu á að styrkja landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu en vill einnig auka fjölbreytnina „því þess sterkari eru byggðarlögin að fjölbreytnin sé meiri", segir Árni. Hann vill því styrkja menntamálin í kjördæminu með því að byggja undir það sem fyrir er. „Hugmyndir eru uppi um tvo nýja framhaldsskóla í Rangárþingi og á Suðurnesjunum og við viljum jafnframt styðja háskólastarfið í kjördæminu. Ásta Þorleifsdóttir vill byggja upp háskóla til að tryggja atvinnu. „Það er kominn vísir að honum með umhverfisháskóla á varnarliðssvæðinu sem sérhæfir sig í orku- og auðlindafræðum. Ég vil líka fiskvinnsluháskóla og frumkvöðlasetur með líftæknifyrirtækjum í Grindavík." Atli Gíslason vill átak í atvinnumálum en leggja höfuðáherslu á mismunandi laun karla og kvenna. „Hvað varðar kvenréttindi þá eru mannréttindi brotin gegn konum. Mismunandi laun karla og kvenna fyrir sömu störf eru brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar."

### Fleiri verkefni

Af öðrum verkefnum tiltaka efstu menn ýmisleg verkefni sem þeim finnst að ráðast þurfi í. Björgvin G. Sigurðsson segir öldrunarmálin gríðarlega aðkallandi og við vill átak. Atli Gíslason tiltekur umhverfismálin sem forgangsmál. Guðni Ágústsson vill tryggja að nærþjónusta við aldraða í héraði sé trygg og Árni M. Mathiesen segir að opinber þjónusta sé mjög mikilvæg í sínum huga, sama hvort um þjónustu ríkisins eða sveitarfélaganna sé að ræða. Grétar Mar Jónsson vill að betur sé gert í heilbrigðismálum innan kjördæmisins, sérstaklega hvað varðar aðbúnað aldraðra og öryrkja. Ásta Þorleifsdóttir segir umhverfismál skipta sig meginmáli.

Efstu menn eru sammála um að jaðarsvæði og sveitir kjördæmisins þurfi að hafa sérstaklega í huga. Öll segja þau koma til greina að staðsetja þyrlu á Suðurlandi til að bæta búsetuöryggi og fylgja eftir möguleikum sem felast í nýjum Vatnajökulsþjóðgarði sem er einn mesti vaxtarbroddur kjördæmisins.

## HVER ERU TVÖ HELSTU KOSNINGAMÁL NORÐAUSTURKJÖRDÆMIS?


**GUÐNI ÁGÚSTSSON (B)**
Samgöngumál | Heilbrigðismál (öldrunar- og nærþjónusta)


**ÁRNI M. MATHIESEN (D)**
Samgöngumál
Atvinnu- og velferðarmál


**GRÉTAR MAR JÓNSSON (F)**
Atvinnumál
Samgöngumál


**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR (Í)**
Samgöngumál
Umhverfismál


**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON (S)**
Samgöngumál
Öldrunarmál


**ATLI GÍSLASON (V)**
Umhverfismál
Búsetujafnræði/kvenfrelsi

## HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ?

Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

| | |
|---|---|
| 1. Velferðarmál | 4,447 |
| 2. Menntamál | 4,229 |
| 3. Efnahagsmál | 4,202 |
| 4. Samgöngumál | 4,125 |
| 5. Skattamál | 4,063 |
| 6. Fiskveiðimál | 3,686 |
| 7. Umhverfismál | 3,620 |
| 8. Evrópumál | 2,946 |

*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 25. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 92,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.*

# Kaupaukinn þinn frá CLINIQUE er í Hagkaupum!

**Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE getur þú valið um dömu eða herra gjöf.* Verðmæti gjafarinnar er 5.900.-**

- Take the day off cleansing milk 30 ml
- Moisture surge extra rakakrem 15 ml
- Repairwear Intesive augnkrem 5 ml
- High definition lashes maskari
- Colour surge impossibly glossy
- Hreinsi- og nuddbursti fyrir andlit

*Gildir á meðan birgðir endast.




## Nýtt krem frá Clinique

*Hollustan er harla góð - en ekki næg fyrir vannærða húð. Það þarf meira til*

Auðvitað áttu að leggja áherslu á hollt mataræði. En þegar upp er staðið skilar það sér oft ekki nægilega til húðarinnar. Þegar við bætist áreitið af uppþornun, mengun, sólarljósinu - þá er ekki að furða að húðin þarfnist aukinnar næringar til varna gegn hugsanlegum skaða - þessu sem við yfirleitt flokkum undir línur, hrukkur og litaójöfnur. Þess vegna settum við saman átta öflug andoxunarefni, bæði skjótvirk og framvirk, sem sérstaklega eru ætluð húðinni. Þessi efnablanda hjálpar til við að gera húðina sterka og við að koma í veg fyrir sjáanleg merki öldrunar. Það eru góðar fréttir fyrir vannærða húð hvarvetna.




Clinique. Ofnæmisprófað. 100% án ilmefna.

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

Gildir til 9. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Útgjöldin**

> Árleg kindakjötsneysla á mann, í kílóum talið




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR

## *Stóðst ekki hælaskó með spennu*

„Bestu kaupin eru fartölvan mín sem ég keypti fyrir þremur árum þegar gamla fartölvan mín dó. Ég var í fjarnámi og var að klára skólann lengst norður í Kanada þar sem maður gat ekki verið nema eina klukkustund í einu annan hvern dag í tölvunni á bókasafninu. Ég þurfti að borga fyrir að vera í tölvunni og átti ekki krónu og átti eftir tvo kúrsa í fjarnáminu. Ég þurfti nauðsynlega á tölvu að halda því að ég gat hvorki tekið próf né unnið verkefni nema með tölvu. Ég bjó í hjólhýsi á árbakka og var atvinnulaus en ákvað að taka yfirdrátt og kaupa nýja tölvu. Ég fékk svo helling af frílansverkefnum þannig að tölvan var búin að borga sig upp eftir tvo mánuði,“ segir Sigrún María Kristinsdóttir blaðamaður.



„Verstu kaupin eru skórnir sem ég keypti mér í Kaupmannahöfn þegar var tvítug. Mér fannst þeir alveg ofboðslega fallegir. Þeir voru blásvartir með smá hæl og spennu yfir ristina og mér fannst þeir æði nema bara að þeir pössuðu ekki alveg. Ég stóðst þá ekki. Þetta var síðasta parið í fokdýrri búð og ég hélt það væri í lagi þó að þeir væru aðeins of stórir, þetta voru fínir skór og ég yrði bara í þeim í kaffiboðum og svoleiðis. Ég var í þeim þegar ég útskrifaðist með stúdentspróf úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og gaf þá svo tveimur dögum seinna í Hjálpræðisherinn.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SOÐIÐ SETT Í FRYSTI

■ *Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, félagsráðgjafarnemi og matgæðingur, lumar á ýmsum ráðum í eldhúsinu.*



„Ég eldaði lambafilé hjá frænku minni í vikunni. Þegar maturinn var tilbúinn var mikið af ljúffengum krafti eftir í fatinu sem ég tímdi ekki að henda. Ekki var á dagskrá að elda neitt næstu daga og því var öllu soðinu helt í sérstakan poka til að útbúa ísmola. Svo var þessu stungið í frystinn,“ segir Fanney Dóra, sem er ekki í nokkrum vafa um að frosna soðið eigi eftir að koma að góðum notum. „Næst þegar ég elda súpu, risotto, kúskús eða eitthvað slíkt skelli ég nokkrum ísmolum saman við til þess að fá ekta bragð,“ segir Fanney Dóra.

■ **Dýrast/ódýrast**

## Brúnkukrem



Brúnkukrem eru góð lausn fyrir þá sem vilja líta vel út en vilja jafnframt ekki skaða húðina með ljósa- eða sólböðum. Brúnkukrem er hægt að fá í öllum verðflokkum en oft kosta þau í kringum 2.500 krónur. Fréttablaðið hafði samband við Lyf og heilsu í Kringlunni en þar er mikið úrval snyrtivara. Ódýrasta brúnkukremið þar á bæ er frá NIVEA. Um er að ræða krem fyrir andlit og líkama í 150 ml túbu sem kostar aðeins 738 kr. Dýrasta brúnkukremið kemur hins vegar úr smiðju Chanel. Það heitir Soleil Identité og er fyrir andlit. 50 ml af slíku kremi kosta 3.440 krónur.

■ **Leitarvél**

## Nýjung í upplýsingaleit á vefnum

Á upplýsingasíðunni ja.is hefur nú verið komið fyrir Íslandskorti sem tengt er öflugri leitarvél og gagnagrunni. Með hjálp kortsins má leita eftir þjónustu eða heimilisfangi um allt land á þægilegan máta. Í gagnagrunninum eru meðal annars upplýsingar um gistingu, afþreyingu og menningu og því ætti þessi nýjung að henta ferðamönnum vel. Þá er einnig hægt að slá inn ákveðið heimilisfang og leitarvélin finnur það á fljótlegan og öruggan hátt. Þessi nýi leitarmöguleiki blasir við þegar farið er inn á já.is. Efst á síðunni er smellt á flipann „kort“ og þá opnast leitarsíðan.




Nýtt prjónablað frá Dale á íslensku

Fæst í hannyrðaverslunum um allt land.



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur
www.skola.is

Sími 585 0500
Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-14


# Lág álagning á bensíni en hækkandi á olíu

**Álagning olíufélaganna á eldsneyti er með allra minnsta móti þessa dagana og hefur aldrei verið jafn lág síðustu tólf mánuði og hún er nú þó að heimsmarkaðsverð á eldsneyti hafi farið hækkandi. Álagning á bensíni hefur lækkað en álagning á dísilolíu hefur hækkað. Þetta er mat Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra FÍB.**

Álagning olíufélaganna síðustu vikurnar hefur verið rétt rúmar 20 krónur á lítrann en var 25 krónur í janúar. Í haust fór álagningin hæst í 29 krónur í september. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir að töluverðar verðhækkanir hafi átt sér stað á eldsneyti erlendis síðustu vikur en verðið hafi ekki hækkað í samræmi við það hér á landi. Hann telur þetta benda til þess að verðsamkeppni sé virkari þessa dagana.

FÍB fylgist grannt með eldsneytisverði á Rotterdammarkaði og uppreiknar innkaupsverð á bensíni og dísilolíu yfir í lítra og íslenskar krónur á hverjum virkum degi. Útreikningarnir sýna að heimsmarkaðsverð á bensíni hefur farið hækkandi frá því um áramót og sama gildir um heimsmarkaðsverð á olíu. Olían hefur þó ekki hækkað jafn skarpt í verði og bensínið. Enn er töluvert í að verðið verði jafnt hátt og í júlí 2006.

Runólfur telur að Atlantsolía hafi bætt við sig markaðshlutdeild, það megi sjá á innflutningstölum hjá Hagstofunni, og hafi áhrif á markaðinn. Einnig hafi áhrif þær fjárfestingar sem hafi átt sér stað undanfarið kringum nafnabreytingar og ímyndarbreytingar hjá N1 sem áður hét Esso.



**MINNI ÁLAGNING** Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur hækkað verulega frá ársbyrjun þótt töluvert sé í verðhæðirnar frá því í júlí í fyrra.

**ÞRÓUN HEIMSMARKAÐSVERÐS Á BENSÍNI OG DÍSILOLÍU**




Heimild: FÍB

„Við sjáum samkeppnina í bensíninu en þessu er öfugt farið í olíunni. Þróunin frá því í janúar sýnir að álagning á bensíni hefur lækkað en álagning á dísilolíu hefur farið hækkandi síðustu tvo mánuði,“ segir hann og veltir upp þeirri spurningu hvort verðið sé að einhverju leyti að jafna út lægri álagningu á bensíni með hærri álagningu á dísilolíu.

„Aukin sala hefur verið á dísilbílum og því aukin notkun. Kannski er líka harðari samkeppni um bensínkúnnana á sjálfsafgreiðslustöðvum. Stærri viðskiptavinir fá afslætti en að öðru leyti er kannski verið að mæta þróuninni með því að taka stærra hlutfall af álagningu inn á olíunni,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

# Dýrara að senda pakka

Ný verðskrá Póstsins tók gildi 1. maí síðastliðinn. Ekki er um stórtækar breytingar að ræða en í nokkrum verðflokkum hækkar verð um nokkrar krónur, á það einkum við um bréfapóst til útlanda, pakkasendingar og ábyrgðarbréf.

Verð á almennum pósti innanlands stendur í stað en sendingarkostnaður fyrir rúmfrekan póst hækkar. Þannig kostaði áður 455 krónur að senda rúmfrekt 1.000 gramma bréf en í dag er það 20 krónum dýrara.

Verð á pakkasendingum innanlands hefur hækkað í öllum þyngdarflokkum og á öllum gjaldsvæðum. Í dag kostar til að mynda 1.655 krónur að senda 20 kílóa pakka frá Reykjavík til Akureyrar en áður kostaði það 1.590 krónur.

Sendingarkostnaður allra bréfa sem fara til útlanda hefur hækkað. Almennt bréf til Evrópu sem áður kostaði 75 krónur að senda með A-pósti kostar nú 80 krónur. Þá kostar núna 1.700 krónur að senda bréf sem vegur 800 grömm til Bandaríkjanna með A-pósti en verð fyrir slíkt bréf var áður 1.575 krónur.




Hægt er að nálgast nýju verðskrána á heimasíðu Póstsins, postur.is.



Dásamlegir dagar...
EKKERT BRUDL
6 vistvæn egg kílóverð nú: 259 KR.
Beikon frá Gæðagrís kílóverð nú: 898 KR.
GÆÐA GRÍS BEIKON
Bakaðar baunir 29 KR. 420g
Baked beans in tomatosauce
SMJÖR fyrsta flokks íslenskt smjör nettóþyngd 500g
Tilboðs smjör 500g 20% lægra verð!
Beikon frá Gæðagrís
Léttsaltaður þorskur 700g nú: 499 KR.
Túnfiskur olía/vatn 59 KR. 185g
Bónus býður betur!
...fyrir góðan dag! KS
Léttsaltaðar gellur 700g nú: 499 KR.
Frosið KS lambalæri
Frosið KS lambalæri kílóverð nú: 998 KR. Merkt verð 1098KR.
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú: 595 KR. Merkt verð 699KR.
Frosinn KS lambabógur
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur 1298 KR. kílóverð
EURO SHOPPER
Frosin KS lambasvið
...fyrir góðan dag! KS
Frosin KS lambasvið kílóverð nú: 279 KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.784 **+0,38%** **Fjöldi viðskipta:** 468 **Velta:** 14.393 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petrol.** | +4,2% | **Össur** | -2,47% |
| **Straumur-Bur.ás** | +1,76% | **Teymi** | -0,87% |
| **Mosaic** | +1,54% | **Bakkavör** | -0,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,45 +0,29% ... Actavis 78,70 +0,64% ... Alfesca 4,80 +0,63% ... Atlantic Petroleum 745,00 +4,20% ... Atorka 7,00 +0,00% ... Bakkavör 67,30 -0,59% ... Eimskipafélagið 34,00 -0,59% ... FL Group 29,20 +0,34% ... Glitnir 27,00 +1,50% ... Kaupþing 1.080 -0,28% ... Landsbankinn 34,75 +0,73% ... Marel 75,10 -0,13% ... Mosaic Fashions 16,50 +1,54% ... Straumur-Burðarás 20,25 +1,76% ... Össur 118,50 -2,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



### Storebrand hagnast

Hagnaður Storebrand Group nam 389 milljónum norskra króna á fyrsta fjórðungi ársins og dróst saman um 16,5 prósent á milli ára. Það jafngildir um 4.160 milljónum króna. Kaupþing er stærsti hluthafinn með 18,5 prósenta hlut. Hagnaður af líftryggingastarfsemi, sem er meginþunginn í starfsemi félagsins, var um 2,9 milljarðar króna. Að sögn stjórnenda félagsins var góður gangur í fjárfestingastarfsemi og þá tvöfaldaðist hagnaður af bankastarfsemi. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, hefur nefnt það sem kost að Kaupþing auki hlut sinn upp í fimmtung í Storebrand og færi hlutinn með þeim hætti að taka hlutdeild í hagnaði norska félagsins.

### Forstjóra skrikar fótur

Forstjórum getur skrikað fótur rétt eins og öðrum. Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, mætti á kynningarfund uppgjörs samstæðunnar í gær haltrandi við hækjur tvær. Þrátt fyrir að uppgjörið hafi verið undir vonum og væntingum bæði stjórnenda og markaðsaðila voru hækjurnar víst ekki markaðsbragð Jóns til að vekja samúð nærstaddra. Hann hafði einfaldlega misreiknað sig við tröppugang með þeim afleiðingum að liðbönd slitnuðu. Nú bíður hann spenntur eftir að geta prófað svokallaðar „walkers" frá Össuri, uppblásnum spelkum sem gera honum kleift að ganga þrátt fyrir meiðslin. Jón verður þó að gera sér hækjurnar að góðu enn um sinn því spelkurnar þarf að sérpanta frá Bandaríkjunum.

## MARKAÐSPUNKTAR

Tryggingamiðstöðin hefur fengið styrkleikamatið BBB hjá Standard & Poor's. Félagið er fyrst íslenskra tryggingafélaga til að fá slíkt mat. „Matið endurspeglar fjárhagslegan styrk og samkeppnisstöðu. Stöðuna veikir mikil áhætta á íslenskum tryggingamarkaði og efnahagslífi almennt," segir S&P.

Össur skilaði 2,7 milljóna dala tapi á fyrsta ársfjórðungi. Það nemur um 184 milljónum króna. Það var undir meðalspá greiningardeilda bankanna sem hljóðaði upp á 300 þúsund dala hagnað. Mikil endurskipulagning í Bandaríkjunum einkenndi fjórðunginn.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service hefur staðfest lánshæfismat Glitnis. Einkunn fyrir langtímaskuldbindingar er Aa3, fyrir skammtíma P-1, fjárhagslegan styrk C og horfur stöðugar.


Tilkynning um þinghald í matsmáli vegna innlausn á útistandandi hlutum í Líftæknisjóðnum hf., kt. 640100-3540.

Arkea hf., kt. 701204-4170, hefur innleyst hlutafé í Líftæknisjóðnum hf. Hluthafar í Líftæknisjóðnum hf. óskuðu eftir að dómkvaddir yrðu matsmenn til að ákveða innlausnarverð í samræmi við 24.gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú boðað til þinghalds í matsmálinu, sem er nr. M-54/2007. Matsbeiðandi er Arkea hf. en matsþolar hluthafar í Líftæknisjóðnum við innlausn hlutafjár 29. desember 2006.

Málið verður tekið fyrir föstudaginn 4. maí 2007, kl. 11.30 í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík. Mun þá dómari dómkveðja einn eða tvo matsmenn samkvæmt matsbeiðni, nema fram komi rökstudd mótmæli við dómkvaðningunni.

**Stjórn Líftæknisjóðsins hf. og Areka hf.**



Vinnuréttardagurinn



*Vinnuréttardagur Háskólans á Bifröst*
Föstudaginn 4. maí

Dagskrá

Kl. 13.00 Setning vinnuréttardagsins, **Ágúst Einarsson**, rektor Háskólans á Bifröst

Kl. 13.05 **Magnús M. Norðdahl,** deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ
Alþjóðlegur vinnuréttur – nýir Evrópusamningar og nýjar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

Kl. 13.25 **Hrafnhildur Stefánsdóttir**, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins
Lögfræðileg álitaefni varðandi frumvarp endurskoðunarnefndar jafnréttislaga

Kl. 13.45 **Elín Blöndal**, dósent við Háskólann á Bifröst
Vottun á jafnlaunastefnu

Kl. 14.05 Umræður og fyrirspurnir

Kl. 14.20 Kaffihlé

Kl. 14.40 **Ástráður Haraldsson**, dósent við Háskólann á Bifröst
Nýjar takmarkanir á rétti atvinnurekenda til að ráða og reka?

Kl. 15.00 **Bergþóra Ingólfsdóttir**, hdl., Mandat lögmannsstofu
Ábyrgð notendafyrirtækja á launum leigðra og útsendra starfsmanna

Kl. 15.20 **Lára V. Júlíusdóttir**, lektor við Háskóla Íslands
Réttur atvinnurekanda til skaðabóta við brotthlaup starfsmanns úr starfi—heimild til hýrudráttar og fleiri leiðir

Kl. 15.40 Umræður og fyrirspurnir

Kl. 16.00 Vinnuréttardegi lokið

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála stendur að vinnuréttardeginum í samstarfi við Vinnuréttarfélag Íslands og lagadeild Háskólans á Bifröst

Fundarstjóri er **Bryndís Hlöðversdóttir,** deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst

**Upplýsingar og skráning: bifrost@bifrost.is**
**Þátttökugjald er 4.000 kr.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000


# Gerðu með sér samstarf án heimildar frá FME

**Með ákvörðun FME um takmörkun atkvæðisréttar FL Group og tengdra aðila í Glitni er verið að skora á þá að sækja um heimild fyrir auknum virkum eignarhlut. Um 45% hlutafjár eru í höndum FL og tengdra aðila. FL er ósammála FME.**



**JÓNAS FR. JÓNSSON FORSTJÓRI FME**

FL Group og Jötunn Holding, sem samtals eiga 38,82 prósenta hlut í Glitni, mynduðu á mánudaginn með sér hluthafasamkomulag sem fól í sér samstarf um kjör stjórnar á hluthafafundum bankans án þess að hafa sótt um heimild til Fjármálaeftirlitsins (FME) fyrir auknum virkum eignarhlut í Glitni. FL Group hafði eitt og sér heimild FME til að fara með allt að 33 prósenta virkan hlut í Glitni.

Samkomulagið byggðist á þeim sjónarmiðum sem sett voru fram í bréfi FME, hinn 25. apríl, að það hefði til skoðunar hvort nýr virkur eignarhluti hefði stofnast í Glitni, mögulega milli FL Group og Jötuns. Það var gert til að eyða óvissu og upplýsa alla um stöðu mála.

Samkvæmt samkomulaginu er félögunum heimilt að auka eða minnka við hlut sinn í Glitni, þó þannig að samanlagður eignarhlutur fari ekki upp fyrir 39,9 prósent. Fram kom að FL og Jötunn myndu sækja um þessa viðbótarheimild til FME, en á meðan eftirlitið hefði málið til skoðunar væri gengið að því vísu að Jötunn, sem á 6,85 prósent í Glitni, hefði ekki atkvæðisrétt.

Fyrir hluthafafund Glitnis mánudaginn 30. apríl var birt tilkynning frá FME um takmörkun sameiginlegs atkvæðisréttar FL Group, Elliðatindur ehf., Jötuns Holding ehf. og Sunds ehf. við 32,99 prósent. Sameiginlega eiga þessir aðilar er um 44,99 prósent hlutafjár í Glitni.

FME telur að þessir aðilar séu í samstarfi um meðferð virks eignarhlutar í Glitni. „Við töldum ástæðu til þess að taka þessi viðskipti til skoðunar og okkar niðurstaða er sú að þau tengsl væru á milli þeirra félaga sem um ræðir, þ.e.a.s. Jötunn Holding, Elliðatindur, Sund Holding og FL Group, færu saman með virkan eignarhlut og væru þar með komin yfir þau 33 prósent sem FL Group hafði heimild til þess að fara með," segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME.

Forsvarsmenn FL Group eru ósammála niðurstöðu FME að félagið sé í samstarfi við Jötun Holding, Elliðatinda og Sund en eiga eftir að leggja á hana endanlagt mat við nánari skoðun. „Við erum enn að kynna okkur úrskurðinn," segir Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs FL Group.

Boltinn er hjá FL Group og er þrennt sennilegast í stöðunni: Í fyrsta lagi að FL Group og tengdir aðilar, að mati FME, sæki um heimild fyrir auknum virkum eignarhlut. Þá verður ekki annað séð en að yfirtökuskylda hafi myndast í Glitni. Í öðru lagi að umrædd félög losi um hlutabréf sín í Glitni til ótengdra aðila til að vera undir fjórutíu prósentum. Og í þriðja lagi geta félögin höfðað dómsmál til að hnekkja niðurstöðu FME. Það ferli getur verið langt og tímafrekt.

„Það er hlutverk FME að hafa eftirlit með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum og fylgjast með hæfi þeirra aðila sem með slíkan eignarhlut fara. Erlendir aðilar hafa gagnrýnt þröngt eignarhald og hafa til viðbótar haldið því fram að mikil tengsl séu á milli ýmissa aðila í íslensku viðskiptalífi. Það er því mikilvægt að eignarhaldið sé skýrt," segir forstjóri FME.

30. apríl sendi yfirtökunefnd FME bréf þar sem nefndin vildi vekja athygli á hugsanlegri yfirtökuskyldu vegna eigendaskipta að 19,46 prósenta hlut í Glitni þann 5. apríl.

eggert@frettabladid.is

# Bjarni hagnaðist um 564 milljónir

**Lárus Welding fékk fjögurra milljarða króna kauprétt.**

Bjarni Ármannsson hagnaðist um 564 milljónir króna þegar Glitnir keypti eigin hlutabréf af félögunum Landsýn og Sjávarsýn, sem eru í eigu Bjarna, sama dag og hann lét af störfum sem forstjóri Glitnis. Kaupverðið nam um 6.813 milljónum króna sem var níu prósenta yfirverð þar sem gengið í viðskiptunum var 29 krónur á hlut á sama tíma og gengi Glitnis var 26,6 við lokun markaða á mánudaginn.

Bjarni á eftir viðskiptin eignarhlut sem er rúmlega fjórtán milljóna króna virði miðað við síðasta viðskiptagengi.

Lárus Welding, nýráðinn forstjóri Glitnis, fékk í gær kauprétt að 150 milljónum hluta í bankanum á genginu 26,6 krónur hlut. Kaupverðið gæti því orðið alls tæpir fjórir milljarðar króna en fimmtungur af kaupréttinum ávinnist á hverju ári.

- eþa

# VBS og FSP renna saman

**Bankinn skilaði 550 milljóna hagnaði á 1. ársfjórðungi.**

Hluthafar í VBS fjárfestingarbanka og FSP samþykktu samruna félaganna á hluthafafundum í byrjun vikunnar. Samruninn er háður samþykki FME. Félögin sameinast undir merkjum VBS og verður eigið fé hins nýja banka um 6,1 milljarður króna. Bankinn er metinn á tíu milljarða króna miðað við viðskipti með bréf hans.

Hagnaður hins sameinaða félags nam 550 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi. Hreinar rekstrartekjur námu yfir 700 milljónum og vógu tekjur af eignarhlutum þar langþyngst, eða um 410 milljónum.

Jón Þórisson fer fyrir þrjátíu manna starfsliði, en Kjartan Broddi Bragason, sem stýrði FSP, heldur til annarra starfa. Stjórnarformaður hins nýja banka er Gísli Kjartansson.

- eþa

# Álag eykst á Glitnisbréf

Fimm punkta hækkun á skuldatryggingarálag (CDS) á fimm ára skuldabréf Glitnis í kjölfar forstjóraskipta gekk til baka að hluta í gær. Í lok dags stóð hækkunin eftir breytingar í tveimur punktum.



**INGVAR H. RAGNARSSON**

Þrítugasta apríl var álagið milli 24 og 25 punktar, en nálægt 30 punktum við opnun markaða í gær. „Í lok dags var álagið svo komið í 27 punkta," segir Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar bankans. Á sama tíma hefur skuldatryggingarálag á bréf hinna bankanna svo gott sem staðið í stað. Kaupþing er nálægt 30 punktum og í gær hafði álag á bréf Landsbankans hækkað í 24, um tvo punkta.

Ingvar segir viðtökur hafa verið góðar hjá greiningaraðilum en forsvarsmenn bankans, nýr forstjóri og fráfarandi, ásamt stjórnarformanni kynntu breytingarnar í Lundúnum í fyrradag og á Norðurlöndum í gær. Áréttað var á fundunum að ekki væri stefnubreytingar að vænta hjá bankanum. „Þá er jákvætt að Moody's staðfesti lánshæfismat sitt í gær, eins og búist var við," bætir Ingvar við.

- óká

# Heimspeki
# +
# Hagfræði
# +
# Stjórnmálafræði

# = HHS

## Þreföld þekking, þrefaldir möguleikar

### HHS – heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Félagsvísindadeild býður upp á grunnnám til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Þetta þrískipta nám á sér fyrirmynd í Oxford háskóla í Englandi og er vel þekkt í enskumælandi löndum undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, Politics and Economics).

HHS er traust grunnnám sem býr einstaklinga undir margvísleg störf á íslenskum og alþjóðlegum vinnumarkaði. Samsetning námsins tryggir víðari sýn og skarpari greiningartæki en nokkur greinanna þriggja getur veitt ein og sér.

**Umsóknafrestur í grunnám er til 10. júní 2007**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnarmyndun:

## Hlutverk forsetans

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Nú í aðdraganda alþingiskosninga hafa sést og heyrst bollaleggingar um hugsanleg áhrif forseta Íslands, ef til myndunar nýrrar ríkisstjórnar kemur að þeim loknum. Sú umræða hefur vakið upp það álitaefni hvort hætta geti verið á að forsetinn beiti sér fyrir niðurstöðu öndvert við lýðræðislegan vilja kjósenda.

Á það er að líta í þessu sambandi að vald forseta Íslands eins og annarra handhafa ríkisvalds er háð þeim takmörkunum sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Stjórnarskráin geymir engin bein fyrirmæli um myndun ríkisstjórnar. Þar um hafa hins vegar mótast nokkrar hefðir á grundvelli þingræðisreglunnar. Hún er stjórnlagaregla sem ekki verður vikið frá.

Engum vafa er því undirorpið að allt vald varðandi myndun og setu ríkisstjórnar er í höndum Alþingis. Enga ríkisstjórn er unnt að mynda og engin ríkisstjórn getur setið án stuðnings eða hlutleysis meirihluta Alþingis. Forsetinn er hluti af framkvæmdavaldinu og verður að lúta vilja Alþingis í þessu efni.

Þá vaknar sú spurning hvort forsetinn geti falið einhverjum myndun ríkisstjórnar gegn vilja meirihluta þingsins. Stjórnarskráin segir ekkert um svokallað umboð til stjórnarmyndunar. Um það eru engar lagareglur. Í reynd er það svo formlaus athöfn að hún hefur ekki verið skjalfest með öðrum hætti en fréttatilkynningu.

Kjarni málsins er sá að í þeim efnum getur forseti ekki gengið framhjá ábendingum flokksformanna sem hafa meirihluta þings á bak við sig. Alþingi myndi einfaldlega fella slíka stjórn um leið og það kæmi saman. Hér eru engin álitaefni sem ástæða er til að óttast.

Sú staða getur komið upp að forystumenn stjórnmálaflokkanna geti ekki gefið forseta vísbendingu um möguleika á myndun stjórnar með stuðningi eða hlutleysi meirihluta Alþingis. Í því falli hefur forseti nokkuð frjálsar hendur að biðja hvern sem er innan þings eða utan um að gera tilraun til stjórnarmyndunar eða láta kyrrt liggja.

Gerist það hins vegar meðan á slíkri tilraun stendur að meirihluti Alþingis vilji beina henni í annan farveg verður forseti á grundvelli þingræðisreglunnar að taka tillit til þess. Komi engir flokkar sér saman um myndun starfhæfrar ríkisstjórnar er við þingið sjálft að sakast en ekki forsetann. Best fer á því að forseti feli engum að gera tilraun til stjórnarmyndunar nema hann hafi fyrir fram ríka ástæðu til að ætla að hún takist.

Loks kemur til skoðunar hvort forseti geti beitt áhrifum sínum, vegna tengsla við forystumenn í stjórnmálum, í þeim tilgangi að skapa samstöðu um að ríkisstjórn verði mynduð á einn veg fremur en annan. Ekkert kemur í veg fyrir það. Slík tengsl geta reyndar virkað á báða bóga. Ef forsetinn er á annað borð opinn fyrir því geta stjórnmálaforingjarnir líka notað hann í þessu skyni.

Beiting áhrifa felur hins vegar ekki í sér neitt beint stjórnskipulegt vald. Í hverjum flokki má finna áhrifamenn sem geta beitt sér með svipuðum hætti og í sama tilgangi gagnvart einstökum flokksformönnum. Vilji forsetinn blanda sér í þann hóp er það í sjálfu sér ekkert ólýðræðislegra af hálfu hans en annarra. Það getur hins vegar haft víðtækari áhrif á álit hans og stöðu.

Hver sem hugur forsetans er getur hann aldrei tekið sér vald eða gengið í aðra átt en meirihluti Alþingis er fús að sætta sig við. Þar er ekkert stjórnskipulegt tómarúm.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tvöfalt fleiri dæmi en eitt

Mikið hefur verið rætt um Jónínu Bjartmarz og mál tengdadóttur hennar. Framsóknarmenn hafa verið duglegir á bloggsíðum að verja sína konu og einn af þeim er Gestur Guðjónsson sem í gær hann með sannfærandi rök fyrir því að mál tengdadótturinnar hafi síður en svo verið einsdæmi. „Í yfirliti sem Alþingi hefur gefið út um veitingar ríkisborgararéttar á síðasta löggjafarþingi, kemur fram að 31 fengu jákvæða afgreiðslu. Af þeim eru 5 eða 16% sem hafa skert ferðafrelsi sem ástæðu og af þeim 5 hafa 2 búið skemur en 2 ár á landinu, þannig að mál stúlkunnar er síður en svo einsdæmi." Tveir eru svo sannarlega fleiri en einn.



### Ekki gengið í takt

Ekki er allt framsóknarfólkið að ganga í takt í stóra Jónínumálinu, ekki líkt og Björn Ingi Hrafnsson og Pétur Gunnarsson sem skrifa sömu færsluna. Salvör Gissurardóttir segir til dæmis á sinni síðu að þetta þurfi að skýra betur; „það er ekkert að skýrast hvers vegna þessi allsherjarnefnd afgreiddi ríkisborgararétt til erlendrar stúlku þrátt fyrir skamma dvöl í landinu og að mér virðist veigalitlar ástæður í umsókn, ég veit að það eru mikilvægar ástæður fyrir alla að geta ferðast án vesens milli Íslands og annarra landa og unnið hérna að vild á meðan maður er í námi en frá sjónarhóli íslenska ríkisins þá hljóta þetta að teljast veigalitlar ástæður, ég held að það sé ekki sniðugt að ríkisborgararéttur sé svona eins konar reisupassi fyrir erlenda námsmenn."



### Treystir hún þá forsetanum?

Ásta Möller þótti ekki koma vel út úr fréttum hinn 1. maí, þar sem hún ýmist treysti ekki forsetanum, eða hafði ekki áhyggjur af honum, svona ef ske kynni að forsetanum dytti í huga að láta einhvern vinstri flokkinn hafa stjórnarmyndunarumboðið eftir kosningar. Svo mikla bakþanka fékk hún að vantraustsbloggfærslan er horfin af síðunni hennar. Enn er þó óljóst hvort hún treystir forsetanum. **svanborg@frettabladid.is**

# Misheppnuð sameining



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Stjórnmálaflokkarnir

Sameining stjórnmálaflokka tekst stundum vel, stundum ekki. Renni flokkar saman vegna þess, að breyttar aðstæður bjóða þeim að leggja gamlan ágreining til hliðar, getur hún tekizt vel, nema gamlir andstæðingar búi sér til nýjan ágreining eins og af gömlum vana. En renni ólíkir flokkar saman til þess eins að sameina krafta sína gegn sameiginlegum andstæðingum þrátt fyrir djúpstæðan innbyrðis ágreining um mikilvæg mál, þá er yfirleitt ekki góðs að vænta. Stjórnmálasaga Íslands á 20. öld og fram á þessa ber vitni.

Um hvaða flokk er ég að tala? Samfylkinguna? Nei. Það er of snemmt að fella dóm um hana. Hún hefur ekki enn átt aðild að ríkisstjórn. Hún er óskrifað blað. Ég á við Sjálfstæðisflokkinn. Sameining Frjálslynda flokksins, sem var að vísu rammur þjóðernisflokkur og reis ekki undir nafni nema til hálfs, og Íhaldsflokksins með stofnun Sjálfstæðisflokksins 1929 virðist í ljósi sögunnar hafa tekizt verr en vonir stóðu til. Þessi sameining dró dilk á eftir sér, svo að ekki sér enn fyrir endann á því ástandi, sem af henni leiddi.

Þetta á ekki að þurfa að koma neinum á óvart. Frjálslynd öfl og íhaldsöfl eiga yfirleitt ekki heima í einum flokki. Það er enda algengast í nálægum löndum, svo sem Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð og Þýzkalandi, að frjálslyndir hafi um sig sérstakan flokk og takist á við íhaldsmenn. Það er eðlileg skipan. Frjálslyndir flokkar horfa fram á við og aðhyllast markaðsbúskap og fríverzlun með sem fæstum hömlum, lýðræði og lítil ríkisafskipti. Þeir standa vörð um almannahag gegn þröngum sérhagsmunum. Þeir taka hag neytenda jafnan fram yfir hagsmuni framleiðenda. Íhaldsflokkar eru á hinn bóginn yfirleitt hallir undir ríkisafskipti og sérhagsmuni, einkum hagsmuni vinnuveitenda. Þeir standa vörð um óbreytt ástand og reyna yfirleitt ekki að leyna því, eins og íhaldsnafngiftin vitnar um.

Sameining Frjálslynda flokksins og Íhaldsflokksins í Sjálfstæðisflokknum 1929 varð til þess, að rödd frjálslynda armsins í flokknum kafnaði í faðmi íhaldsins. Óvíða í Vestur-Evrópu hafa sígild frjálslynd sjónarmið átt jafnörðugt uppdráttar og á Íslandi. Það var meðal annars fyrir máttleysi frjálslyndra, að erindrekum óprúttinna sérhagsmuna tókst að njörva Ísland í fjötra viðskiptahafta, markaðsfirringar og einangrunar frá 1930 til 1960. Það mátti vart á milli sjá, hvor stærstu flokkanna tveggja átti meiri þátt í því fráleita búskaparlagi, sem lagt var á fólkið í landinu öll þessi ár með illum afleiðingum, Sjálfstæðisflokkurinn eða Framsóknarflokkurinn. Aðrir flokkar voru þá að vísu litlu skárri. Hefði Frjálslyndi flokkurinn áfram verið sjálfstæður flokkur, hefði hann væntanlega streitzt gegn þessari óáran og eflzt af því. En sem visinn armur Sjálfstæðisflokksins máttu frjálslyndir sín lítils gegn haftastefnu helmingaskiptaflokkanna. Að vísu rofaði til í Sjálfstæðisflokknum á viðreisnarárunum 1959-71, þegar það rann upp fyrir Ólafi Thors, Bjarna Bendiktssyni og helztu samherjum þeirra, að nauðsynlegt væri að snúa frá haftapólitík fyrri ára. Þíðan stóð þó ekki lengi. Í forsætisráðherratíð sjálfstæðismannanna Geirs Hallgrímssonar 1974-78 og Gunnars Thoroddsen 1979-83 lék efnahagslífið allt á reiðiskjálfi. Verðbólgan lék á bilinu 30 til 60 prósent á ári. Það var ekki fyrr en í síðara ráðuneyti framsóknarmannsins Steingríms Hermannssonar 1988-91, að verðbólgan hjaðnaði niður fyrir 10 prósent á ári. Hún hefur síðan haldizt undir því marki, að vísu með hiksti og herkjum, enda hefur ríkisstjórnin síðustu ár beinlínis kynt undir verðbólgunni með gamla laginu.

Ætla má, að betri árangur hefði náðst í glímunni við verðbólguna og í hagstjórn yfirhöfuð, hefðu frjálslyndir menn haft um sig sérstakan flokk frá fyrstu tíð og aflað markaðsbúskapar- og viðskiptafrelsissjónarmiðum sínum fylgis á eigin spýtur frekar en sem vanburðug og vanrækt deild í Sjálfstæðisflokknum. Þá þyrftu Íslendingar varla enn að búa við okur og vinna lengstu vinnuviku í Vestur-Evrópu og safna miklum skuldum að auki til að halda þeim lífskjörum, sem þeir sækjast eftir. Þá ættu íhaldsöflin í Sjálfstæðisflokknum óhægt um vik að halda Íslandi utan Evrópusambandsins í óþökk meiri hluta þjóðarinnar, því að þá væri Sjálfstæðisflokkurinn miklu veikari en hann er nú. Frjálslyndi flokkurinn nýi var stofnaður 1998 til að mynda borgaralegt mótvægi við íhaldsöflin í Sjálfstæðisflokknum, þar eð Sjálfstæðisflokkurinn tók sérhagsmuni útvegsmanna fram yfir almannahag í deilunni um fiskveiðistjórnina. Ætlunarverk Frjálslynda flokksins getur því aðeins tekizt til fulls, að flokkurinn beri nafn sitt með rentu og styðji inngöngu Íslands í Evrópusambandið og önnur helztu óskamál frjálslynds fólks.

# Það verður kosið um stóriðju

**UMRÆÐAN**
Kosningar



GESTUR SVAVARSSON

Þorsteinn Pálsson skrifaði á dögunum leiðara þar sem hann hélt fram að vegna niðurstöðu íbúakosninganna í Hafnarfirði væri ekki lengur nauðsynlegt að kjósa Vinstrihreyfinguna - grænt framboð, því úrslit kosninganna í Hafnarfirði hefðu sinnt því ætlunarverki sem afgerandi kosning Vinstri grænna hefði verið – að hægja á í stóriðjumálum. Þorsteinn vill meina að úrslit kosninganna í Hafnarfirði hafi orðið til þess að ekki þurfi lengur að huga að því að hægja á.

Í þetta skiptið hefur Þorsteinn á röngu að standa. Eins og sást vel í kjördæmaþætti Stöðvar 2 síðasta vetrardag er fjarri því að stóriðjuáformum hafi nokkuð verið slegið á frest. Sjálfstæðisflokkurinn vill áframhald stóriðjustefnunnar eins og kom skýrt fram hjá talsmanni hans Bjarna Benediktssyni. Hann gerði meira að segja lítið úr niðurstöðu kosninganna í Hafnarfirði og hélt því fram að eingöngu hefði verið kosið um útfærslu á deiliskipulagi. Enda vakti mikla athygli eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins hvernig sjálfstæðismönnum þótti nauðsynlegt að leggja áfram áherslu á stóriðjustefnuna – að engin ástæða væri til þess að slá af. Það er því í besta falli einföldun hjá ritstjóra Fréttablaðsins að landsmenn líti svo á að björninn sé unninn – nú sé nóg að gert þegar kemur að því að draga úr stóriðjustefnunni. Þessi leiðari var því ekki jafn skarpur og margir leiðarar Þorsteins Pálssonar.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að forstjórar og allar stjórnir orkufyrirtækjanna, ekki síst þeirra orkufyrirtækja sem enn eru í opinberri eigu, spyrni við og fresti öllum ákvörðunum sem lúta að uppbyggingu stóriðju í landinu. Stjórnir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja hefðu allt eins átt að fá bréf frá stjórn Vinstri grænna um að fresta frekari ákvörðunum sem snerta stóriðjuuppbyggingu. Ekki síst þar sem nauðsynlegt er að axla ábyrgð einmitt núna þegar erlend álfyrirtæki reyna að klára þá samninga nokkrum vikum fyrir kosningar – því þau lesa öðruvísi í spilin en Fréttablaðsritstjórinn; þau óttast að eftir kosningarnar verði það of seint. Þrátt fyrir orð Þorsteins Pálssonar, þá verður kosið um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar þann 12. maí.

*Höfundur skipar 3. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi.*



VORSALA – SJÓNVÖRP Á TILBOÐI!
Þolinmæði þín er um það bil að skila sér í miklum sparnaði.
Hér er tækifærið sem þú hefur beðið eftir.
Til að rýma fyrir nýjum sendingunum af hágæða LOEWE og SAMSUNG sjónvörpum
bjóðum við tækin sem hér eru sýnd á ótrúlegu verði á meðan birgðir endast.
LOEWE.
HD ready
32" LCD sjónvarp
LOEWE Xelos A 32 Plantinum
Upplausn: 1366 x 768
Litaskerpa (kontrast): 800:1
Birta: 450 cd/m2
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 299.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 159.900 kr.
LOEWE.
HD ready
32" LCD sjónvarp
LOEWE Xelos A 32 Antracit
Upplausn: 1366 x 768
Litaskerpa (kontrast): 800:1
Birta: 450 cd/m2
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 299.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 159.900 kr.
LOEWE.
HD ready
32" LCD sjónvarp
LOEWE Concept 32 DVB
Upplausn: 1366 x 768
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
Litaskerpa (kontrast): 800:1
Innbyggður 2 x 40 W hljóðmagnari
LISTAVERÐ: 239.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 139.900 kr.
SAMSUNG
HD ready
15" / 20" LCD sjónvarp
Samsung LE15S51B
Upplausn: 640 x 480
Birta: 450 cd/m2
Sjónarhorn: 160°/160°
Hlutföll: 4:3
LISTAVERÐ: 49.900 / 69.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 39.900 / 49.900 kr.
SAMSUNG
Sjáðu afsláttinn!
Gríptu tækifærið!
HD ready
32" LCD sjónvarp
Samsung LE32N71BX
Upplausn: 1366 x 768
Litaskerpa (kontrast): 6000:1
Birta: 450 cd/m2
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 219.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 159.900 kr.
LOEWE.
HD ready
32" LCD sjónvarp
LOEWE Individual 32 Antracit/Chrome-siver
Upplausn: 1366 x 768
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
Litaskerpa (kontrast): 800:1
Innbyggður 4 x 40 W hljóðmagnari
LISTAVERÐ: 309.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 199.900 kr.
SAMSUNG
HD ready
32" / 40" LCD sjónvarp
Samsung LE40S71BX
Upplausn: 1366 x 768
6,4 miljarðar lita
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 149.900 / 249.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 119.900 / 199.900 kr.
SAMSUNG
HD ready
46" LCD sjónvarp
Samsung LE46N71BX
Upplausn: 1366 x 768
Litaskerpa (kontrast): 6000:1
Birta: 450 cd/m2
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 449.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 349.900 kr.
SAMSUNG
HD ready
32" LCD sjónvarp
Samsung LE32M61BX
Upplausn: 1366 x 768
6,4 miljarðar lita
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
LISTAVERÐ: 249.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 139.900 kr.
SAMSUNG
HD ready
50" PLASMA sjónvarp
Samsung PS50C7HX
Upplausn: 1366 x 768
549 miljarðar lita
Digital móttakari
LISTAVERÐ: 449.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ: 299.900 kr.
... og einstakt tækifæri að eignast Nikon stafræna myndavél:
Nikon Coolpix P3
Listaverð: 39.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ:
29.900 kr.
Nikon Coolpix 7600
Listaverð: 33.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ:
14.900 kr.
Nikon Coolpix S7
Listaverð: 46.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ:
33.900 kr.
Sjá nánar á www.ormsson.is
ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA
ÁN KREDITKORTS
*LEITIÐ NÁNARI UPPLÝSINGA HJÁ SÖLUMÖNNUM
ORMSSON
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# Við erum í fremstu röð í menntamálum

**UMRÆÐAN**
Menntamál

Í aðdraganda þessara kosninga hef ég fylgst sérstaklega með málflutningi frambjóðenda Samfylkingarinnar um menntamál. Sjálfur hef ég fengið fjölmörg tækifæri til að ræða menntamál við Samfylkingarfólk á framboðsfundum, en einnig hef ég lesið skrif þeirra í blöðum og á netmiðlum.

### Rangar fullyrðingar

Framlag frambjóðenda Samfylkingarinnar í þeirri umræðu hefur ekki verið uppbyggilegt. Því miður virðist markmið þeirra sem skrifa og tala af mestum móð vera það að reyna að draga upp þá mynd af menntakerfinu okkar að þar sé allt í kalda koli og að mikið ófremdarástand ríki í menntamálum. Fremstir í flokki þeirra sem þannig tala eru Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, og Katrín Júlíusdóttir alþingismaður, talsmenn Samfylkingarinnar í menntamálum.

Þau Katrín og Ágúst Ólafur hafa á síðustu dögum skrifað blaðagreinar þar sem slegið er fram fullyrðingum sem eiga að sanna að ríkisstjórnin eigi skilda „fall-einkunn í menntamálum“. Máli sínu til stuðnings vitna þau bæði í OECD-ritið Education at a Glance, en láta hjá líða að tölurnar sem þau vitna til séu gamlar eða frá árinu 2003. Þær segja því enga sögu um það sem gerst hefur á kjörtímabilinu enda veit Samfylkingin að aukið hefur verið við framlög til framhaldsskóla, háskóla og rannsókna um sem nemur á annan tug milljarða á ári frá þeim tíma.


SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

### Samfylkingin leiðrétt

Í ljósi þessa er full ástæða til þess að gera alvarlegar athugasemdir við talnameðferð Samfylkingarinnar og túlkun á stöðu menntamála á Íslandi því hún stenst ekki skoðun.

Fyrsta fullyrðing Samfylkingarinnar: *Hlutfall Íslendinga á aldursbilinu 25-34 ára sem hafa lokið framhaldsskólanámi er 68% en á hinum Norðurlöndunum er þetta hlutfall 86-96% samkvæmt nýjustu skýrslu OECD um menntamál. Meðaltalið í OECD ríkjum er 77% og í ESB ríkjum 78%. Ísland í 23. sæti af 30 OECD þjóðum og eru því borgarar flestra iðnríkja heims menntaðri en Íslendingar.*

Önnur fullyrðing Samfylkingarinnar: *40% þeirra sem eru á íslenskum vinnumarkaði eru með grunnskólapróf eða minna. Á hinum Norðurlöndunum er þetta hlutfall 12-19%.*

Þetta er gífurlega villandi framsetning á staðreyndum. Í fyrri fullyrðingunni er miðað við þá sem luku framhaldsskólanámi á árabilinu 1989-1999, en það segir litla sögu um hvernig staðan er í dag.

Staðreyndirnar eru þessar: Um 97% þeirra sem ljúka grunnskóla hefja nám í framhaldsskóla.

Brautskráningarhlutfallið úr framhaldsskóla árið 2004 var 84% samkvæmt tölum OECD.

Á sama ári var brautskráningarhlutfall á háskólastigi 50% en var 38,7% árið 2000. Þetta er hæsta hlutfall innan OECD ríkja en meðaltal þeirra er 34,8%. Hvernig Samfylkingin getur haldið því fram að í ljósi þessara talna séu Íslendingar eftirbátar annarra þjóða í menntamálum er mér hulin ráðgáta.

Þriðja fullyrðing Samfylkingarinnar: *Hlutfall Íslendinga á aldursbilinu 25-34 ára sem hafa lokið háskólanámi er 31% en á hinum Norðurlöndunum er þetta 35-42%. Meðaltalið í OECD er 31%. Við erum hér í 17. sæti af 30 þjóðum.*

Þessi fullyrðing er sett fram líkt og á Íslandi ríki ófremdarástand. Rétt er að taka fram að tölurnar miðast við þá sem lokið höfðu námi árið 2004. Þá var fjöldinn að meðaltali sá sami og í OECD ríkjunum og nokkru yfir meðaltali ESB-ríkjanna sem var 28%.

En hvað er það sem hefur gerst á þessum árum? Íslendingar hafa siglt fram úr Norðmönnum, Svíum og Dönum þegar kemur að fjölda í háskólanámi.

Í nýjasta hefti Norrænna hagtalna kemur fram að árið 2000 hafi 10,5% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára stundað háskólanám. Árið 2004, einungis fjórum árum síðar, var þetta hlutfall komið upp í 15%. Háskólanemum hefur svo haldið áfram að fjölga verulega á þeim árum sem síðan eru liðin.

Af hverju fagnar Samfylkingin ekki því að við séum að komast í fyrsta sæti í stað þess að gefa í skyn að við séum aftarlega á merinni? Það er ekki uppbyggilegt að gera lítið úr íslenska menntakerfinu með þessum hætti. Hvorki fyrir menntakerfið, né fyrir Samfylkinguna.

Fjórða fullyrðing Samfylkingarinnar: *Þegar kemur að opinberum útgjöldum í háskólana er Ísland í 21. sæti af 30 þjóðum.*

Þessi staðhæfing er óskiljanleg. Í tölum OECD fyrir árið 2003, bls. 288, kemur fram að Íslendingar vörðu 1,4% af þjóðarframleiðslu til háskólastigsins sem er bæði yfir meðaltali OECD- og ESB-ríkjanna og vermir Ísland tíunda sætið af þeim 30 þjóðum sem mældar.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Á síðasta ári uppfærði og birti Hagstofa Íslands tölur um útgjöld hins opinbera til fræðslumála. Auk þess að birta nýjar tölur fyrir árin 2004 og 2005 þá var í fyrsta skipti stuðst við endurskoðaðan staðal við flokkun útgjalda og áður birtar tölur fyrir árin 1998 til 2003 eru endurskoðaðar með hliðsjón af honum. Þarna er því í fyrsta skipti birtar tölur samkvæmt sama staðli og önnur OECD-ríki hafa notað.

Þá kemur í ljóst að útgjöld til háskólamála á Íslandi voru 1,62% og Ísland komið í fimmta sæti OECD-ríkjanna. Árið 2005 er hlutfallið 1,59%.

Enn og aftur kýs Samfylkingin að horfa fram hjá staðreyndum, heldur á lofti gömlum og/eða villandi tölum og lætur eins og eins sú gífurlega sókn sem allir hafa orðið vitni að á sviði háskólamála hafi aldrei átt sér stað.

### Við erum í fremstu röð

Það er dapurlegt að sjá hvernig Samfylkingin reynir að gera lítið úr þeim stórmerkilega árangri sem hér hefur náðst í menntamálum á síðustu árum með villandi talnabrellum og hreinum rangfærslum. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Þær segja okkur svart á hvítu að við erum í fremstu röð í menntamálum. Hér hefur orðið bylting og hún blasir við öllum. Það færi Samfylkingunni betur að viðurkenna að svo sé, frekar en að grípa til þeirra áróðursaðferða sem hér hefur verið lýst. Þær eru hvorki Samfylkingunni né menntakerfinu til framdráttar.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og formaður menntamálanefndar Alþingis.*

# Lítilmagninn fái áheyrn

**UMRÆÐAN**
Kosningar


ELÍN G. ÓLAFSDÓTTIR

Vegna þeirra gífurlegu eignatilfærslna sem orðið hafa undir ráðstjórn D og B listans hér á landi undanfarið rifja ég upp ævagamla sögu af gæsinni og gulleggjunum sem er að finna í Dæmisögum Esóps:

Maður nokkur átti gæs, sem verpti einu gulleggi á dag. En hann var ekki ánægður með það. Honum fannst það ganga allt of seint. Til þess að auðgast fyrr, tók hann það ráð að drepa gæsina og rista hana á kviðinn. En þar greip hann í tómt. Gæsin var eins og hver önnur gæs.

*Mikið vill alltaf meira,*
*missir að síðustu allt.*

Í skólalok gangast nemendur undir próf. Í lok kjörtímabils gangast þingmenn einnig undir próf – eins konar frammistöðumat. Kjósenda er að nota það tækifæri og meta vandlega hvernig þeir hafa staðið sig, hverjir eru „á vetur setjandi“ og hverjir ekki. Nú ríður á að vera gagnrýnin en réttlát, sýna enga miskunn, hampa kjarnafólki og því sem það hefur vel gert en losa sig við hryggleysingja og hismi.

Mín skoðun er að vart megi á milli sjá hvor flokkur núverandi ríkisstjórnar Framsóknar-íhalds og Sjálfstæðis-íhalds hefur reynst verri öllum þorra almennings í landinu. Þeim efnuðu hafa þeir hampað en níðst á peningasnauðum, fótfúnum og þeim sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni. Allt er þeirra æði fallvalt eins og dæmisagan sýnir.

Á undanförnum árum hefur græðgin verið æst markvisst upp í fólki með aukinni skuldasöfnun, skrumi og viðeigandi kaupæði. Lítilmagninn hefur á sama tíma dregist aftur úr og gleymst. Áðurnefndir ríkisstjórnarflokkar hafa gleymt hinu gullna boðorði um náungakærleikann og hvað jöfnuður merkir. Í Samfylkingu undir forystu Ingibjargar Sólrúnar er jöfnuður aðalmarkmið. Sólrún hét því að berjast með kjafti og klóm fyrir velferðarmálum fengi hún umboð í vor. Hún og hennar stuðningsfólk talar ekki tungum tveim í jafnaðar- og velferðarmálum. Þar er talað um jöfnuð og jafnrétti í reynd. Þetta eru stór orð og því er nú reynt að rugga báti Samfylkingarinnar og Ingibjargar Sólrúnar, í þeirri von að það verði henni að falli. Undirliggjandi er hræðsla við að þessi sterka kona og hennar fólk muni í reynd snúa óheillaþróuninni við, ríkisstjórninni og plotti hennar gegn þjóðinni verði fleygt út í hafsauga – lítilmagninn fái loks áheyrn.

Í litlum eineltisþjóðfélögum, eins og okkar virðist vera um þessar mundir, er stöðug uppnefning og stagl um að viðkomandi sé fýld eða reið og því ekta „lúser“ ótrúlega beitt, niðrandi og niðurdrepandi vopn. Ef „lúser“ eða „tapari“ er notað um slíka hörkupólitíkusa og femínista eins og hana Ingibjörgu Sólrúnu, er það hreint öfugmæli og vindhögg sem fólk sér vonandi í gegnum. Efinn nægir hins vegar oft til að grafa undan tiltrú fólks. Einelti af hvaða toga sem er hefur niðurrífandi áhrif og getur skemmt fyrir framúrskarandi manneskjum. Vonandi sér fólk litlu sálirnar á bak við róginn og hefur hann að engu. Ég hvet fólk til að kjósa hana Ingibjörgu Sólrúnu og Samfylkinguna, það er lag nú í vor að færa til betri vegar á ýmsum sviðum það sem ríkisstjórnin hefur úr lagi fært. Með baráttukveðjum.

*Höfundur er fyrrverandi borgarfulltrúi.*


vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



Íslensku hreindýrin –veiðistjórnun

Fundur um nýtingu íslenska hreindýrastofnsins fimmtudaginn 3. maí á Grand Hótel kl. 20:00


Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra
Ávarp


Skarphéðinn G. Þórisson, líffræðingur
Fortíð og framtíð hreindýra á Íslandi


Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs UST
Stjórnun hreindýraveiða

Vinsældir hreindýraveiða hafa aukist ár frá ári, skiptar skoðanir eru um stjórnun veiðanna og ýmislegt annað er þeim við kemur. Af því tilefni efnir Skotveiðifélag Íslands til fundar um íslensku hreindýrin fimmtudaginn 3. maí kl. 20.
Fundurinn er öllum opinn og fundarstjóri verður Rúnar Bachmann.

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
Landssamtök um skynsamlega skotveiði
www.skotvis.is



**Fyrirsætan** (og leikkonan) Gisele Bündchen hefur lokið störfum hjá undirfataframleiðandanum Victoria´s Secret. Myndir af henni munu þó birtast í bæklingum fyrirtækisins það sem eftir er árs. Skýringar á starfslokum Bündchen liggja ekki fyrir.

**Organza** loftljósin eru komin aftur í verslunina Mirale á Grensásvegi 8. Hægt er að fá slík loftljós, lampa og standlampa. Nánar á www.mirale.is

**Tískufyrirtækið** Fendi hyggst setja upp tískusýningu á Kínamúrnum í haust. Ítalski tískurisinn er hvað þekktastur fyrir veski sín og töskur en Fendi er í mikilli uppsveiflu og setur brátt á markað nýjan ilm auk þess sem nýjar verslanir munu verða opnaðar allt frá Tyrklandi til Qatar.



Margrét Valdimarsdóttir og Friðbjörg Kristmundsdóttir kunna vel við að sitja og prjóna á kaffihúsi og verða vafalaust á prjónakaffinu í Iðu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Rósaleppaprjón á prjónakaffihúsi í Iðu

***Heimilisiðnaðarfélag Íslands stendur fyrir prjónakaffihúsi í kvöld.***

Fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði stendur Heimilisiðnaðarfélag Íslands fyrir prjónakaffi í Iðu í Lækjargötu frá kl. 20-22. Tilgangurinn er að áhugafólk um handavinnu komi saman með prjónana sína eða aðra handavinnu og njóti samveru annarra gesta og er prjónakaffið nú haldið í fjórða sinn.

„Þessu hefur verið mjög vel tekið, fyrstu tvö skiptin mættu 80 til 100 manns en síðast var kaffið haldið á skírdag og þá mættu 20,“ segir Margrét en á kaffihúsið mæta heilu saumaklúbbarnir með eitthvað á prjónunum.

Margrét segir konur í miklum meirihluta en karlar séu þó hjartanlega velkomnir. Algengast sé að fólk prjóni peysur, barnaföt eða vettlinga. „Svo er hekl líka mjög vinsælt núna,“ segir Margrét og telur mikla vakningu hafa orðið í handavinnu hin síðari ár. „Lopapeysan hefur verið í tísku í nokkur ár og prjón almennt á uppleið. Þessari hugmynd um prjónakaffi er því tekið fagnandi,“ segir Margrét og útskýrir að fyrirbærið prjónakaffi sé þekkt víða um heim.

Boðið er upp á kynningar og uppákomur af ýmsu tagi á prjónakaffinu en í kvöld mun Héléne Magnússon kynna bók sína „Rósaleppaprjón í nýju ljósi“ og sýna eigin hönnun með rósaleppaprjóni. Félagskonur í Heimilisiðnaðarfélaginu og Handprjónasamandinu aðstoða þá sem vilja við prjónaskap.

*solveig@frettabladid.is*














**Fatahönnuðurinn John Galliano** hefur verið sektaður um 200 þúsund evrur fyrir að nota ljósmyndir bandaríska ljósmyndarans William Klein í óleyfi í auglýsingaherferð.








# Suðræn þokkadís

*Hin kynþokkafulla leikkona Eva Longoria hefur fágaðan fatasmekk.*

Eva Longoria er flestum Íslendingum að góðu kunn sem hin kynþokkafulla Gabrielle Solis í sjónvarpsþáttunum Aðþrengdar eiginkonur. Eva þykir hafa fágaðan fatasmekk og heillar tískulöggur upp úr skónum í hvert sinn sem hún stígur á rauða dregilinn.

**Stærðir: 36-41**
**Litir: hvítur, beige**

LEÐUR

Almennt verð: 3.999 kr.

Sappos verð **1.000 kr.**



**Stærðir: 36-41**
**Litir: hvítur, turquis**

RÚSSKINN

Almennt verð: 4.999 kr.

Sappos verð **1.000 kr.**



**Stærðir: 36-41**
**Litir: grænn, orange**

Almennt verð: 7.999 kr.

Sappos verð **5.000 kr.**



LEÐUR

**Stærðir: 36-41**
**Litir: rauður, hvítur, svartur**

Almennt verð: 4.999 kr.

Sappos verð **2.000 kr.**



**Stærðir: 36-41**
**Litir: brúnn**

Almennt verð: 4.999 kr.

Sappos verð **2.000 kr.**



**Stærðir: 36-41**
**Litir: brúnn**

**ATHUGIÐ! Sumar vörur eru í takmörkuðu magni því getum við ekki ábyrgst að allar vörur séu til í öllum númerum.**







## STUÐ MILLI STRÍÐA: Kjaftæði og kosningar

**KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR** KÝS EKKI FROÐUSNAKKA



Nú í aðdraganda kosninganna varð mér hugsað til Frankfurts prófessors sem samdi grein um kjaftæði fyrir nokkrum árum og kallaði hana „On Bullshit“. Þessi grein kom síðar út á bók og nýtur hún nokkuð almennra vinsælda.

Í ritgerð sinni setur Frankfurt fram kenningu um kjaftæði, skilgreinir hugtakið og virkni þess, ekki síst út frá hugmyndinni um lygi. Kenning Frankfurts um að kjaftæði sé skaðlegra en lygin finnst mér afar áhugaverð í fyrrgreindu samhengi. Hann heldur því fram að á meðan lygarar fara vitandi með fleipur og fals hafi froðusnakkar og kjaftaskar einfaldlega ekki áhuga á sannleikanum. Markmið þeirra sé fyrst og fremst að heilla aðra og þeir þurfi, ólíkt lygurunum, ekki að „vita“ sannleikann til að ana af stað með sitt slúður og hjal. Því telur Frankfurt að kjaftæði sé skaðlegra sannleikanum en lygin.

Afstæði sannleikans er vitanlega botnlaust, ekki síst í pólitíkinni, en mér finnst þetta vel athugað hjá prófessornum. Nú þegar stjórnmálamenn keppast við að skrafa við kjósendur og fjölmiðla um hvernig allt muni fara ef þeir komist bara á þing þá fer kjaftæðisskynjarinn minn í gang. Ekki svo að segja að mér finnist þeir allir vera eintómir froðusnakkar og blöðruselir en það er nokkuð grunnt á því þessa dagana.

Í skrifum Frankfurts er kjaftæðið ekki tengt illum ásetningi þess sem ætlar að blekkja aðra, þvert á móti getur viðkomandi meinað vel með raupi sínu, og það er ég viss um að allir frambjóðendurnir gera. Kosningaloforð eru afar fallegar hugmyndir í hentugum búningi sem hægt er að kasta fram í krafti þess að þegar á hólminn er komið vita flestir að efndirnar verða litlar. Og ef það verða einhverjar efndir þá er ekki einsýnt að fólk verði sammála um hvort þær séu til góðs eða ills.

Stundum væri ósköp gott ef til væri sía sem hægt væri að beita á stjórnmálamenn og annað fólk sem hefur hag af því að móta skoðanir annarra. Kannski myndi pólitískt argaþras minnka eða verða markvissara eða myndi þá kannski ekki heyrast neitt í þeim?

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




FRÁBÆR
TILBOÐ
500GB
Harður diskur
ÁBYRGÐ 5 ár
SERIAL ATA 3Gb/s
500GB SATA2 16MB
500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður
VERÐ 14.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
MSI 8600GTS OC
MSI
Það nýjasta frá MSI, yfirklukkað GeForce8 NX8600GTS skjákort með ofur hraðvirkt 256MB 2100MHz DDR3 vinnsluminni. Kemur með HDTV og HDCP stuðning, TV-út og Dual DVI. Frábært PCI-Express 16x skjákort. Styður DirectX 10
VERÐ 28.900
500GB HÝSING
FRÁ 575 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
WD Western Digital®
500GB My Book er flott svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað
VERÐ 19.900
20" ACER SKJÁR
FRÁ 777 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
20" Acer AL2017 LCD breiðtjaldsskjár 1400x1050 • 600:1 í skerpu, 8ms viðbragðstími • VGA tengi • silfurlitur
VERÐ 26.900
VALUE SELECT MINNI
CORSAIR
2GB - Pöruð 2 stk 1GB DDR2, 667MHz 240pin PC2-5400, Corsair Value Select minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 11.900
HEYRNARTÓL
Logitech
Logitech Premium heyrnartól, grá og svört stereo heyrnartól með hljóðnema sem minnkar umhverfishljóð
VERÐ 3.990
MINNISLYKILL
ÁBYRGÐ 10 ár
CORSAIR
512MB Flash Voyager USB2 minnislyklarnir eru vatnsþéttir, höggþolnir og koma með 10 ára ábyrgð
VERÐ 990
15" University fartölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 3.990
15" Empire II hliðartaska frá Manhattan
VERÐ 5.990
15" City Bag fartölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 6.990
Logitech Dialog 812 heyrnatól m. hljóðnema
VERÐ 2.490
Svartur Samsung S183A 18x SATA DVD skrifari
VERÐ 5.990
80GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 9.990
120GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 12.900
160GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 16.900
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735

**!** **Kl. 17.00**

*Inga Dóra Guðmundsdóttir opnar sýningu á vegum Art Iceland gallerísins á Skólavörðustíg. Þetta er þriðja einkasýning Ingu og samanstendur hún af verkum úr seríunum Charcoal Digital og Empathy in Sepia ásamt nýjum, áður óbirtum verkum. Sýningin stendur til 16. maí.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sjónlistatilnefningar kynntar

Tilkynnt var um tilnefningar til Sjónlistaverðlaunanna árið 2007 í gær en markmið þeirra verðlauna er að vekja athygli á framúrskarandi framlagi myndlistarmanna og hönnuða starfandi á Íslandi og íslenskra sjónlistamanna erlendis.

Tilnefndir eru myndlistarmennirnir Birgir Andrésson fyrir framlag sitt til könnunar á íslenskri menningu og sambandi sjónrænnar skynjunar og merkingu texta, Hrafnkell Sigurðsson fyrir ljósmyndaröðina „Áhöfn“ og Hekla Dögg Jónsdóttir fyrir verkið „Fossinn“. Fyrir hönnun valdi dómnefndin fyrirtækið NIKITA og hönnuðinn Heiðu Birgisdóttur, arkitektastofuna STUDIO GRANDA fyrir viðbyggingu Vogaskóla og íbúðarhús á Hofi á Höfðaströnd og stoðtækjafyrirtækið Össur fyrir gervifótinn „Proprop Foot“.



**TILNEFNDUR Í ÁR** Birgir Andrésson með hönd undir kinn.

Sýning á verkum þeirra sem hlutu tilnefningu í ár verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á Akureyrarvöku 25. ágúst næstkomandi en verðlaunaafhendingin fer fram á Akureyri 21. september í beinni útsendingu Sjónvarpsins og verða tilnefndir listamenn kynntir til leiks með stuttum sjónvarpsþáttum þegar nær dregur hátíðinni.

Sjónlist 2007 er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Forms Ísland – samtaka hönnuða og Sambands íslenskra myndlistarmanna.

### >Ekki missa af …

tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** á morgun en þá leikur píanóleikarinn **John Lill** verk eftir Brahms og Beethoven undir stjórn **Rumons Gamba.**

sýningu **Kristins G. Harðarsonar** í **Anima** galleríi í Ingólfsstræti.

farsanum **Viltu finna milljón?** í **Borgarleikhúsinu** í kvöld. Dágóður skammtur af misskilningi getur alltaf kitlað hláturtaugarnar.

## Ljúfar tenóraríur



Tenórinn ungi Þorsteinn H. Árbjörnsson syngur þekktar aríur við undirleik píanóleikarans Antoníu Hevesi á hádegistónleikum í menningarmiðstöðinni Hafnarborg í dag.

Tónleikarnir standa sem fyrr yfir í um hálfa klukkustund og eru algjörlega ókeypis.

Þorsteinn Árbjörnsson og Antonía Hevesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## Stillur á þorra og gylltur sjór

**María Huld Markan Sigfúsdóttir og Páll Ragnar Pálsson hafa verið virk í tónlistarlífi hérlendis um árabil en nú fá hlustendur að kynnast verkum þeirra í nýju samhengi.**

Á tónleikum í Fríkirkjunni í kvöld verða flutt útskriftarverkefni þeirra frá tónsmíðadeild Listaháskóla Íslands.

María hefur starfað með kvartettinum amiinu og leikið með Sigur Rós en Páll Ragnar er vel kunnur af spilamennsku sinni með hljómsveitunum Maus og Fræ.

Páll Ragnar semur verk fyrir flautu, klarínett, trompet, horn, túbu, píanó, selló og kontrabassa sem heitir því líflega nafni „Bleikur himinn, fjólublátt fjall, gylltur sjór“. Hughrif verksins eru sótt beint í hans nánasta umhverfi en hann kveðst ekki vilja láta of mikið með innblásturinn til að lita ekki viðtökurnar. Hann frábiður sér einnig allan flokkadrátt og stimplun. „Ef það þarf endilega að troða manni ofan í einhver hólf vildi ég gjarnan vera í kassanum þar sem tónskáldin eru sem skrifa skemmtilega tónlist,“ grínar hann. Hann viðurkennir síðar að bassaleikarinn sinn hafi líkt sér við neo-impressjónista. Páll Ragnar hyggur á frekara tónsmíðanám í framtíðinni og ku vera kominn með annan fótinn til Eistlands.

María Huld rekur aðdraganda verks síns, „Þorra“, til veru sinnar á Bretlandi þar sem hún dvaldist í skiptinámi í tónsmíðum. „Ég var þar í janúar og þá var allt frekar grátt og þumbaralegt. Þegar mér gafst tækifæri til að semja verk fyrir kammerhóp sem kom til skólans langaði mig að gera verk sem myndi minna á ískalda birtu norðursins, þorrann hérna heima.“ Hún útskýrir að ísköld birta og ljúfsár melankólía gangi í gegnum verkið. Það er skrifað fyrir strengjakavartett, marimbu og sög en síðastnefnda hljóðfærið er til að mynda notað til að undirstrika stálkaldan veturinn.



**KUNNUGLEG ANDLIT Í NÝJUM HLUTVERKUM** Útskriftartónleikar Maríu Huldar Markan Sigfúsdóttur og Páls Ragnars Pálssonar verða í Fríkirkjunni í kvöld.

Bæði segjast þau eiga sér ýmis draumaverkefni í tónsmíðunum sem gaman væri að fást við í framtíðinni. „Nú er meginmarkmið mitt bara að klára skólann og fara í smá sumarfrí,“ segir María Huld en hún er nýkomin úr afar vellukkuðu tónleikaferðalagi hljómsveitarinnar Amiinu um Bandaríkin þar sem hljómsveitin kynnti sína fyrstu beiðskífu, Kurr, sem er væntanleg í júní. Fékk hljómsveitin dúndrandi viðtökur og dóma í þarlendum blöðum og er stefnan síðan tekin á Evrópu nú í maí en eftir að Kurr kemur út mun hljómsveitin síðan „kemba veröldina“ og kynna hana frekar. „Draumaverkefni framtíðarinnar er að semja stóran og mikinn strengjakvartett,“ segir María Huld. „Ég held mjög mikið upp á það form. Það er eiginlega hin fullkomna hljóðfæraskipan,“ segir hún og bætir við hlæjandi að máski nái hún aldrei að semja „hinn fullkomna strengjakvartett“ en það sé í það minnsta draumurinn.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20.

**- khh**






# KYNNING Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Allir sem koma á kynninguna fá sýnishorn af Lash Queen einum vinsælasta maskara landsins.*

**Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur frá Helena Rubinstein fyrir 5.500 kr. eða meira meðan á kynningu stendur.***

*meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa – Kringlan
Sími: 568 9970

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Tröllaslagurinn í Kvosinni

Skessur leggja undir sig Reykjavík sólarhringana fyrir kosningarnar. Tilefnið er ekki fardagar heldur Listahátíðin sem skellir sér ofan í síðustu metrana í kosningabaráttu og andlegan undirbúning þjóðarinnar fyrir Eurovision. Í gær voru kynnt áform Listahátíðar, Franska vorsins í Reykjavík og fjölda stuðningsaðila með lögreglu og slökkviliði, Glitni og Samskipum, Gámafélaginu og framkvæmdasviði Reykjavíkur að hleypa á götur Kvosarinnar tveimur tröllum sunnan úr álfu. Það er götuleikhópurinn Royal de Luxe sem hingað kemur og treður upp í miðborginni, börnum og fullorðnum til ánægju.

Á blaðamannafundi í gær hélt forkólfur og leikstórji hópsins hjartnæma tölu um kynni sín af Íslandi úr sögu Jules Verne, hingað hafi hann alltaf langað að koma, á stað þar sem ævintýri og raunveran mættust, sagan og lífið. Hann smíðaði því ævintýri sem hentaði söguþjóðinni – hún ætti jú orðið saga. Jean Luc Courcoult hefur rekið risabrúðuleikhús sitt í nær tuttugu ár. Hann segir sig þjóna sömu hefð og hleypti helgileik kirkjunnar á götur borga Evrópu eftir að kirkjunni var ljóst að fornar hefðir skrílsláta og fagnaðar yrði kirkjan að taka yfir. Sagan sem hann smíðaði fyrir sýningar flokksins í Reykjavík tekur snið sitt af fornum tröllasögum: við miðpunkt borgarinnar – í Grófinni – hafa franskir fornleifafræðingar verið við rannsókn og vakið úr dái styggan tröllkarl sem við það fer á stjá og veldur skemmdum og öllu lauslegu sem á vegi hans verður, einkum þó bílum. Til að koma böndum á tröllkarlinn er leitað hjálpar dóttur hans sem kemur og reynir að stilla föður sinn. Þessi feðgin verða á ferð um borgina, loka ökuleiðum, taka á móti þúsundum barna og berst leikur þeirra frá Hlemmi og niður á hafnarbakka suður í Hljómskála. Taka verður fram að þau eru engin smásmíði: stúlkan sem er minni en karlinn vegur ellefu tonn með fylgihlutum. Hún tekur börn í hendur sér og lætur blíðlegar en faðir hennar sem bæði hrækir á fólk og spýr eldi. Gott að hann sprænir ekki óhreinni vökvum á nærstadda.


**BORGARLIF** Tröllaskellan á ferð um erlenda stórborg.

Þessi tröllaslagur mun ekki fara framhjá neinum sem í Kvosinni verður eða á leið um Sæbrautina. Í allt verða um tvö hundruð tæknimenn og bæjarstarfsmenn við leikinn og ættu allir sem vettlingi geta valdið að fylgjast með ferðum þeirra feðgina. Ólíkt öðrum borgum sem hafa fengið þau í heimsókn verður uppljóstrað um ferðir þeirra og áfangastaði á vef Listahátíðar, artfest.is, svo akandi menn geti gert ráðstafanir. Lúðrablástur og mannfylgd mun annars tefja margra för.

Það eru því dótadagar hjá starfsmönnum borgarinnar en þau tröllin eru þessi dægrin við æfingar ásamt öllu sínu hyski og hafa sér til fulltingis starfsmenn borgarinnar og Faxaflóahafna. Það stefnir því í að það verði rosalegt fjör í bænum 11. og 12. maí. Bara tröllin dagi ekki uppi í borginni. **pbb@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

30 1 2 **3** 4 5 6

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Freydís Dögg Steindórsdóttir** heldur burtfararprófstónleika á flautu frá **Tónlistarskóla Reykjavíkur** í **Salnum** í Kópavogi. Undirleikari er Raul Jiménez. Aðgangur ókeypis.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikritið **Afgangar** eftir **Agnar Jón Egilsson** er sýnt í Austurbæ. Leikendur eru **Elma Lísa Gunnarsdóttir** og **Stefán Hallur Stefánsson** en höfundurinn er jafnframt leikstjóri. Í kvöld verða tvær sýningar, sú síðari kl. 22.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Heimilisiðnaðarfélag Íslands** býður áhugasömum í **prjónakaffi** í **Iðu-húsinu** í Lækjargötu fimmtudagskvöldið. **Hélène Magnússon** kynnir bókina **Rósaleppaprjón í nýju ljósi**, ásamt eigin hönnun með rósaleppaprjóni. Allt áhugafólk er velkomið með prjónana sína eða aðra handavinnu.

### SÝNINGAR

☐ 14.00 **Leifur Þorsteinsson** sýnir **litljósmyndir** í **Grafíksafni Íslands-sal íslenskrar grafíkur**, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Sýningin verður opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-18. Sýningunni lýkur 6. maí.

☐ 13.00 Listamaðurinn **Birgir Breiðdal** opnar sýningu í **Gallerí List** í **Skipholti 50a.** Birgir er búsettur á Ítalíu og starfar sem arkitekt og hönnuður en málverkin á sýningun bera augljós tengsl við arkitektúr. Þetta er fimmta einkasýning listamannsins

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ABBABABB! eftir Dr. Gunna
6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

Draumalandið
5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**DANSLEIKHÚS MEÐ EKKA - 10 ára afmælishátíð**
Í kvöld fim. 3/5 milli kl. 17:00 og 01:00. Fjölbreytt dagskrá. Skoðið á heimasíðu www.leikhusid.is

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5, lau. 25/5. Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!

**CYMBELINE** eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU** eftir Carole Fréchette.
Lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5. Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 5/5 og Hrafnhildi Gunnarsdóttur 13/5.

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt. sun. 13/5 uppselt, aukasýningar mið. 16/5, örfá sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 uppselt, aukasýning sun. 20/5 nokkur sæti laus, fim. 24/5 uppselt.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÝTLA,** Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Sun. 6/5 kl. 11:00 uppselt og 12:15 uppselt, lau. 12/5 kl. 11:00 örfá sæti laus og 12:15, sun. 13/5 kl. 11:00 örfá sæti laus og 12:15.

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Síðasta sýning

**HIPP HOPP GESTASÝNING**
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

**LADDI 6-TUGUR**
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

**DAGUR VONAR**
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 6/5 kl. 13 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 14 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 15 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**EILÍF HAMINGJA**
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING
Allra síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Viðburðir Landnámsseturs í apríl og maí**
**fö. 4. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
**lau. 5. maí**.kl. 20 Svona eru menn - KK og Einar *örfá sæti laus*
**su. 6. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**fö. 11. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**lau. 12. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
**mið. 16. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**fös. 18. maí** kl. 20 Mýramaðurinn
**lau. 19. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

SKEMMTILEG SUMARNÁMSKEIÐ





Gítarnámskeið - Trommunámskeið - Bassanámskeið.
Þátttakendur mæta tvisvar í viku, 4 vikur í júní. Námskeiðin eru ætluð stelpum og strákum á aldrinum 7-14 ára. Ætlað byrjendum sem vilja kynnast hljóðfærunum og undirbúa sig fyrir frekara tónlistarnám.
Upplýsingar og skráning: www.tonsalir.is
Lokadagur skráningar er 18. maí.
Tónsalir
Bæjarlind 2, Kópavogi - Sími 534-3700
www.tonsalir.is

# Dagur harmonikunnar



**laugardaginn 5. maí 2007**

**Samband íslenskra harmonikuunnenda og harmonikufélögin í landinu**
**halda hátíðlegan dag harmonikunnar þann 5. maí.**

Þá munu harmonikufélög víða um land kynna þetta skemmtilega hljóðfæri með sérstakri áherslu á hversu margt ungt fólk spilar á harmoniku um þessar mundir.

## Reykjavík

### Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 13:00
**þar sem leikið er á harmoniku í anddyri og göngum.**

### Tónleikar kl. 14:00
**Fram koma félagar úr eftirtöldum félögum:**
(Hljómsveitir og einleikarar)

Léttsveit Harmonikufélags Reykjavíkur | Stormurinn Harmonikufélag Reykjavíkur
Harmonikufélag Selfoss | Félag harmonikuunnenda á Suðurnesjum
Félag harmonikuunnenda í Reykjavík | Harmonikufélagið Hljómur Reykjavík

Harmonikuleikur í miðborginni og stórmörkuðum
í tilefni dagsins.

### Dansleikur Broadway
kl. 22:00
-gengið inn að austan



## Dalasýsla
**Harmonikufélagið Nikkolína Dalasýslu**

Tónleikar í Grunnskólanum í Búðardal kl. 17:00
Þar koma fram nemendur sem stunda nám í harmonikuleik við Tónlistarskóla Dalasýslu auk hljóðfæraleikara Nikkolínu.

## Húnavatnssýsla
**Harmonikuunnendur Húnavatnssýslum**

Tónleikar í Ósbæ kl.15:00
Þar koma fram ungir harmonikuleikarar á vegum Tónlistarskóla A-Hún. og unglingahljómsveit

Dansleikur í Ósbæ kl. 22:00.



## Skagafjörður
**Harmonikfélag Skagafjarðar**

Opið hús að Mælifelli, opnað kl. 13:00 með sýningu frá Landsmóti harmonikufélaga á Neskaupstað 2006. (efri hæð)

Tónleikar kl.14:00 (neðri hæð) | Dansleikur kl. 22:00-02:00

## Eyjafjörður
**Félag harmonikuunnenda við Eyjafjörð**

Tónleikar á hótel KEA kl. 15:00 | Dansleikur á hótel KEA kl. 22:00

## Þingeyjarsýsla
**Harmonikufélag Þingeyinga**

Tónleikar að Breiðumýri í Reykjadal kl.14:00



## Egilsstaðir



**Harmonikufélag Héraðsbúa**

Tónleikar kl 13:30 í Fellaskóla.
Frá kl. 16:00-18:00 spila félagar harmonikufélags Héraðsbúa í verslunum og fleiri stöðum á Egilsstöðum

**Dansað í Golfskálanum frá kl. 20:30 og fram eftir kvöldi.**

## Neskaupstaður
**Harmonikufélag Norðfjarðar**

Harmonikukvöld og dansveisla í Jósafatssafni.
**Húsið opnað kl. 20:00**
**og dansað til miðnættis eða svo.**

**Við hvetjum alla til að taka þátt í þessum degi og koma og njóta þessa sérstaka og skemmtilega hljóðfæris með okkur**

Samband Íslenskra Harmonikuunnenda

imago | grafísk hönnun





## > GOTT GLÁP

**Blades of Glory:** Brjálæðingarnir Jon Heder og Will Ferrell eru hrikalega fyndnir á skautasvellinu. Tilvalin mynd fyrir þá sem vilja koma sér í gott skap fyrir sumarið.

**Inland Empire:** Annar brjálæðingur, David Lynch, fer á kostum í nýjasta meistarastykki sínu þar sem Laura Dern á allt hrós skilið fyrir frammistöðu sína.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN STEFÁN PÁLSSON SAGNFRÆÐINGUR

# Johnny Weissmuller mesta hetjan



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Fór síðast á Mótorhjóladagbækurnar, rétt áður en dóttir mín fæddist. Ég hef nú ekki verið duglegur við að fara og það er nú meira framtaksleysi um að kenna heldur en barneignum.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Life and Death of Peter Sellers og fannst hún bara ansi skemmtileg.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Ég hef horft á tvær myndir nokkuð oft: Chinatown eftir Roman Polanski og Þriðji maðurinn með Orson Welles en handritið er eftir Graham Greene sem ég les nokkuð mikið.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Nei, ég hef ekki grátið en það hefur stundum setið eftir mikill kökkur í hálsinum.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Ég er hrifinn af Skyttunum eftir Friðrik Þór og Einar Kárason og Bubbi er þar í miklu uppáhaldi.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Charlie Chaplin, hann er einn af þeim sem allir þekkja þótt þeir hafi ekki séð myndirnar.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Johnny Weissmuller sem Tarzan. Ekki bara kvikmyndastjarna heldur sankaði hann að sér verðlaunapeningum á ólympíuleikunum og rúllaði upp fegurðarsamkeppnum.
**Mesti skúrkurinn:**
Cruella De Vil úr 101 Dalmatíuhundum.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Nei er ekkert svar var afskaplega vond mynd.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Leikstjórinn yrði Roman Polanski. Við myndum láta hann gera íþróttamynd þar sem ég myndi leika Maradona og Mads Mikkelsen yrði í hlutverki hins illa Þjóðverja sem færi halloka í baráttunni á vellinum.



UNDIR EFTIRLITI Listahjónin Dreyman og Christa Maria eru undir eftirliti hjá Stasi þegar fall Berlínarmúrsins virðist vera á næsta leiti.

# Þegar múrinn féll

Græna ljósið tekur til sýningar um helgina þýsku myndina Líf hinna eða Das Leben der Anderen en hún hlaut Óskarsverðlaun sem besta erlenda myndin fyrr á árinu. Að venju býður Græna ljósið félögum í kvikmyndaklúbbnum sínum frítt á myndina um opnunarhelgina en þeir fá sendan miðakvóta á föstudaginn sem þeir geta notað á midi.is.

Líf hinna gerist á árunum 1984 til 1991 í Austur-Berlín. Stjórnvöld Austur-Þýskalands finna fyrir einhverjum losarabrag í alþýðulýðveldinu og ákveða að hefja stóra njósnaherferð á hendur borgurum landsins. Tilgangurinn er að vita allt um líf hinna. Öryggislögreglunni illræmdu Stasi er falið að sjá um verkefnið og er talið að yfir njósnað hafi verið um 200 þúsund borgara með einum eða öðrum hætti á þessum tíma.

Hershöfðingjanum Gerd Wiesler er falið að fylgjast með leikritaskáldinu Georg Dreyman og eiginkonu hans, leikkonunni Christa-Maria Sieland. Í fyrstu virðist leikritaskáldið vera föðurlandsvinur en það breytist fljótt þegar hann kemst á snoðir um að eiginkonu hans hafi verið þröngvað í kynlífssamband við ráðherra í ríkisstjórninni. Og ekki batnar ástandið þegar góðvinur hans fremur sjálfsmorð eftir að hafa verið á „svörtum lista“ stjórnvalda. Dreyman ákveður því að skrifa grein í Der Spiegel þar sem hann hyggst svipta hulunni af því ömurlega lífi sem þegnarnir búa við austan megin múrsins.

Ulrich Muhe, Sebastian Koch og Martina Gedeck sem leika aðalhlutverkin í myndinni en henni er leikstýrt af Florian Henckel von Donnersmarck.








SANDMAÐURINN Köngulóarmaðurinn þarf að kljást við þrjá óvini í stað eins eins og hingað til.

# Köngulóarmaðurinn snýr aftur

**Sam Raimi mætir til leiks nú um helgina með þriðju myndina um Köngulóarmanninn Peter Parker en kvikmyndahúsagestir hafa bundist þessum veggjaklifrara og ofurhuga miklum tryggðarböndum.**



SVARTUR KÖNGULÓARMAÐUR Myndir af þessum svarta búningi fóru eins og eldur í sinu um netið enda kom hann mörgum í opna skjöldu.

Að þessu sinni þarf Parker að fást við hvorki meira né minna en þrjá óvini; Hinn unga Green Goblin, Sandmanninn og Venom. Ólíkt annarri myndinni – þar sem Parker fannst hann fá óverðskuldaða gagnrýni og engar þakki frá íbúum New York – er Köngulóarmaðurinn nú elskaður og dáður af öllum. Og virðist kunna því ansi vel. Parker gengst upp í því að fá athygli og virðist gleyma þeim sem þykir vænst um hann. Þar að auki berjast nú tvær stúlkur um hylli hans, þær Mary Jane Watson og Gwyn Stacy. Og Parker virðist ekkert una því neitt sérstaklega illa.

Það sem helst hefur hrifið fólk með myndunum um Köngulóarmanninn er hversu mannlegur hann er. Þrátt fyrir ofurkrafta sína þarf Parker engu að síður að kljást við siðferðilegar spurningar milli þess sem hann frelsar samborgara sína frá óþjóðalýð. Þannig vakti það gríðarlega mikla athygli þegar myndir af svörtum Köngulóarmanni fóru eins og eldur í sinu um netið. Svarti búningurinn er tákmynd nýs afls sem bærir á sér í hjarta Parkers og er keyrt áfram af hatri og hefnd. Þetta fyllir Parker mun meiri krafti, en sviptir hann sýn á hvað er rétt og hvað er rangt í baráttunni gegn illum öflum.

Sam Raimi hefur hingað til haldið sig við eitt illmenni í hverri mynd; fyrst var það Willem Dafoe í líki Green Goblin og svo kom Alfred Molina sem Dr. Oktavius. Raimi fer hins vegar þá leið að láta Köngulóarmanninn kljást við þrjá óvini í einu og segir þá hugmynd hafa komið frá samstarfsmanni sínum, Avi Arad. „Ég var búinn að skrifa söguna að þriðju myndinni með Sandmanninum í aðalhlutverki. Þá kom Arad að máli við mig og sagði að ég sæi ekki heildarmyndina,“ sagði Raimi í samtali við kvikmyndavefinn Movieweb. „Hann taldi að ég væri að gleyma aðdáendum Köngulóarmannsins og einblína of mikið á mitt áhugasvið og mína eftirlætisþrjóta,“ bætir Raimi við. „Arad bað mig um að setja Venom í myndina enda væri hann það illmenni sem væri í mestu uppáhaldi hjá aðdáendum Köngulóarmannsins,“ útskýrir Raimi en leikstjórinn taldi sig ekki vera undir mikilli pressu frá aðdáendum hverju sinni. „Það er alltaf ég sem tek ákvarðanirnar og það er alltaf ég sem stend og fell með þeim.“

Að venju er Tobey Maguire í hlutverki Peter Parker og hann er dyggilega studdur af Kirsten Dunst sem Mary Jane Watson. Þar að auki er James Franco á sínum stað sem Harry Osbourne. Meðal nýrra andlita má nefna Thomas Haden Church í hlutverki Sandmannsins, Topher Grace sem Venom og Bryce Dallas Howard sem hjónadjöfullinn Gwen Stacy.

- fgg

# Knightley býðst hlutverk í leikhúsi

Leikkonan Keira Knightley íhugar alvarlega að hætta kvikmyndaleik en leikkonan segir að kastljós fjölmiðlanna sé orðið alltof mikið. Þetta kemur fram í viðtali við tímaritið Elle.

Knightley er ein stærsta kvikmyndastjarna heims um þessar mundir og verður því fyrir miklum ágangi af hendi svokallaðra paparazzi-ljósmyndara sem sitja fyrir henni í hverju horni. Myndbirting af leikkonunni á vefsíðu hjá baráttusamtökum gegn átröskun er þó talin hafa verið kornið sem fyllti mælinn en Knightley hefur ávallt neitað því að mæla megrun bót heldur segist alltaf hafa verið grönn frá náttúrunnar hendi.

Í gær var síðan greint frá því að hinn virti konunglegi Shakespeare-leikhópur í London hefði lýst yfir miklum áhuga á að fá Knightley til liðs við sig. Leikkonan sagðist vera í skýjunum yfir þessum áhuga og fannst það mikil viðurkenning að jafnmikið fagfólk og þarna störfuðu skyldu hafa trú á sér í verkefnið. Þannig að allt stefnir í að Keira Knightley muni ljúka ferlinum á hvíta tjaldinu.



**KEIRA KNIGHTLEY** Segist vera orðin þreytt á sviðsljósinu og vill leika á sviði.

# Háskólabíó verði heimavöllur Íslands

Sena hefur tekið við rekstri Háskólabíós af Sambíóunum og hyggst gera kvikmyndahúsið að heimavelli íslenskrar kvikmyndagerðar. Af því tilefni hefur verið ákveðið að bjóða upp á „tveir fyrir einn“-tilboð á spennumyndirnar Köld slóð og Mýrina. Myndirnar tvær nutu mikilla vinsælda þegar þær voru sýndar en Mýrin er ein aðsóknarmesta íslenska kvikmyndin í sögunni, alls sáu hana 85 þúsund manns. Að sögn Guðmundar Breiðfjörð hjá Senu var ákveðið að taka þessar tvær myndir til sýningar vegna fjölda áskorana.



**KÖLD SLÓÐ** Verður sýnd aftur í Háskólabíó ásamt Mýrinni.

# *Cusack til liðs við Óttar og De Bont*

John Cusack er fyrsti leikarinn sem skrifar undir samning um að leika í kvikmyndinni Stoppin Power en henni er leikstýrt af Jan De Bont. Íslendingar eiga sinn hlut í myndinni en tökumaður myndarinnar verður Óttar Guðnason. Cusack mun leika þotuflugmann sem heldur í frí til Berlínar en hlutirnir fara á versta veg þegar fangi á flótta rænir húsbíl hans með dóttur þotuflugmannsins innanborðs. Í kjölfarið upphefst mikill eltingarleikur þar sem Cusack reynir að hafa hendur í hári mannsins.

Jan De Bont þarf sárlega á góðri mynd að halda því eftir að Speed gerði allt brjálað í kvikmyndahúsum borgarinnar fyrir rúmum áratug hefur hann litlu áorkað. Og Cusack gæti aðstoðað hollenska leikstjórann til þess en hann hefur leikið í metsölumyndum á borð við Con Air, High Fidelity og Bullets over Broadway.



**JOHN CUSACK** Leikur aðalhlutverkið í nýjustu mynd Jans De Bont.

# Sjóræningjar og Spartverjar einoka MTV-hátíðina

Stórsmellurinn 300 og sjóræningjarnir á Karíbahafinu berjast um hylli áhorfenda á MTV-kvikmyndaverðlaununum sem afhent verða í Los Angeles. Báðar eru tilnefndar sem besta myndin og keppa þar við Little Miss Sunshine, Blades of Glory og Borat. Tilkynnt hefur verið að Sarah Silverman muni kynna hátíðina, sem verður sýnd í beinni útsendingu í fyrsta sinn.

MTV-hátíðin sker sig nokkuð úr öðrum uppskeruhátíðum enda eru verðlaunaflokkarnir þar nokkuð fjölbreyttari en flestir eiga að venjast. Nægir þar að nefna að verðlaunað er fyrir besta kossinn, besta bardagaatriðið og mesta illmennið en þar berjast gömlu brýnin Jack Nicholson og Meryl Streep um sigurinn.

Johnny Depp og Keira Knightley eru bæði tilnefnd sem bestu leikararnir fyrir frammistöðu sína í sjóræningjamyndinni Pirates of the Caribbean. Þau munu berjast þar við Gerard Butler úr 300, Will Smith í Pursuit of Happyness og Draumastúlkurnar Beyoncé Knowles og Jennifer Hudson. Sasha Baron Cohen verður einnig áberandi en hann er meðal annars tilnefndur sem besti gamanleikarinn fyrir Borat og etur þar kappi við Ben Stiller, Will Ferrell, Adam Sandler og Emily Blunt.



**LEONÍDAS** Gerard Butler í hlutverki Spörtukonungs.

## ÚR VERINU

**Peter Jackson** er ekki af baki dottinn þótt New Line Cinema hafi sett hann út í kuldann við endurgerð Hobbitans. Jackson er nú sagður hafa fest kaup á skáldsögu Alice Sebold, The Lovely Bones? Bókin segir sögu ungrar stúlku sem er nauðgað og myrt en sálin verður eftir á jörðu niðri og vakir yfir fjölskyldu sinni og morðingjanum sjálfum.



**Jodie Foster** hefur verið boðið að leika nasistaleikstjórann Leni Riefenstahl. Leni tók myndir af stórum fundum Nasistaflokksins og gerði meðal annars áróðursmyndina Sigur viljans fyrir flokkinn. Þegar þriðja ríkið hrundi lýsti Riefenstahl því yfir að hún hefði ekki haft hugmynd um hvað Hitler hefði haft í hyggju en það hefur verið hrakið eftir að í ljós kom að hún myndaði fjöldamorð stormsveitanna á þrjátíu íbúum pólsks smáþorps. Sjálf sagði Riefenstahl að henni þætti Sharon Stone passa vel sem hún sjálf á hvíta tjaldinu en ljósmyndarinn Leni lést árið 2003, 101 árs að aldri.



**Bruce Willis** er sáttur við að tökum á fjórðu myndinni í Die Hard-flokknum sé lokið. Willis finnst nefnilega eins og elli kerling sé að færast yfir. Leikarinn, sem orðinn er 52 ára, segir að líklega hefði hann ekki lifað af tökur á Live Free or Die Hard ef hún hefði verið gerð nokkrum árum síðar. „Áhættuatriðin sem ég var látinn gera reyndust vera af gamla skólanum. Og ég þoli ekki alveg jafnvel hátt fall niður á steingólf og árið 1988,“ sagði Willis í samtali við Vanity Fair.





**Munið...**

*...eftir álpappírnum. Vefjið fisk, uppáhaldsgrænmetið og kryddið ykkar inn í álpappír og bakið í ofni, eða notið hann til að baka gómsætt grænmeti sem meðlæti. Tómatar, rauðlaukur og engifer fara sérstaklega vel saman.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ERNA ÓMARSDÓTTIR DANSARI

# Gamla góða djöflatertan svíkur engan



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það er held ég bara ostur og ristað brauð með gúrku, sem er helst pínulítið brennt. Það er samt ýmislegt fleira, en þetta kemur fyrst upp í hugann.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er lambalærið hennar mömmu.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Hrátt hakk, þetta sem kallast steik tartare. Það er svo ógeðslegt í útliti. Ég er ekki heldur mikið fyrir lifur og innmat, þó að ég sé hrifin af gamla íslenska matnum, eins og hákarli.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Gamla góða djöflatertan. Ég er búin að vera að tala um það í svona tíu ár að baka djöflatertu, ég bakaði hana alltaf þegar ég var yngri og hún klikkaði aldrei. Ég hef ekki bakað hana frá því að ég flutti út.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það er svo misjafnt. Ég borða ekki mikið kjöt en öðru hvoru þarf ég bara að fá steik, ég finn þá þörf alveg. Þá líður mér oft vel eftir á. Íslenskt skyr er líka rosalega gott, ég fæ það þegar ég kem heim. Og svo súkkulaði, auðvitað.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það er svo til alltaf til ostur og mjólk í kaffið. Svo er alltaf til hrökkbrauð eða hrískökur í skápnum. Og múslíkex, ég byrja daginn oft á kaffi og kexi til að dýfa út í.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Kannski bara dós af hákarli, hann skemmist ekki. Ost líka, þó að hann geymist ekki. Og bland í poka.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef einu sinni farið á Sjávarkjallarann, þar var allt skrítið en rosalega gott. Allt þetta slímuga í asíska eldhúsinu þykir mér líka skrítið, það er svona mitt á milli þess að vera ógeðslegt og spennandi.



**REYNSLA OG HEIMANÁM** Alba segir reynslu af starfi vínþjónsins skipta gífurlegu máli í vínþjónakeppnum, en eins þarf að læra heima fyrir keppnirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Elísabet valin vínþjónn ársins

Elísabet Alba Valdimarsdóttir varð Vínþjónn ársins um síðustu helgi. Hún útskýrir hér hvernig slíkar keppnir fara iðulega fram.

„Það þarf alltaf að taka bóklegt próf, sem gildir allt að sextíu prósent af heildareinkunn,“ sagði Elísabet, sem er oftast kölluð Alba. „Svo er annað hvort umhelling á víni í karöflu, að opna kampavínsflösku eða bæði,“ útskýrði hún.



Skriflegt blindsmakk er þar að auki fastur liður. „Þá lýsir maður víninu í sjón, ilmi og bragði. Svo þarf að para það saman við mat og rökstyðja af hverju þetta færi vel saman,“ sagði hún. Þá þarf að greina frá upprunalandi vínsins, þrúgutegund, framleiðanda, áfengismagni, árgangi og líftíma. „Þegar þetta er komið niður í framleiðanda er þetta orðið svolítið flókið,“ sagði Alba. Blindsmakk getur einnig verið munnlegt.

Þar á eftir er staðfesting á sterku víni, þar sem keppendur þurfa að bera kennsl á sterk vín. „Það getur verið erfitt, því eftir að hafa þefað af tveimur glösum er lyktarskynið farið,“ útskýrði Alba. „Það eru til dæmis margir sem flaska á vodka, rommi og gini.“

Um miðjan maí heldur Alba til Ródos þar sem heimsmeistarakeppnin fer fram. „Keppnin sem var núna um helgina var bara um Frakkland. Þetta er allur heimurinn,“ útskýrði Alba, sem liggur því yfir bókum og flöskum þessa dagana. „Maður þarf að hafa reynslu af gólfinu, en þetta er samt líka heimanám frá A til Ö,“ sagði hún.



**BEST Í HEIMI** Agnar Jón Egilsson grillar besta skötusel í heimi, en gerir annars ekki mörg kraftaverk í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fylgir aldrei uppskriftum

**Agnar Jón Egilsson kann að matreiða besta rétt í heimi, en annars fer ekki mikið fyrir honum í eldhúsinu.**

„Ég er svo vel giftur að ég fæ rosalega góðan mat. En að vera giftur þetta góðum kokki brýtur líka niður sjálfstraust manns í eldamennsku,“ sagði Agnar kíminn. Hann kann þó að matreiða dýrindis máltíð, vopnaður skötusel, sætum kartöflum og grilli. „Það er besti matur í heimi. Að öðru leyti elda ég alveg hræðilega vondan mat,“ sagði hann og hló. Miðað við boltana sem hann heldur á lofti er reyndar varla skrýtið að dvalarstundirnar í eldhúsinu séu stuttar. „Á morgun er ég að fara til Kuusankoski í Finnlandi á alþjóðlega barnaleikhúshátíð. Barna- og unglingaleikhús Íslands, sem er nýstofnað, ætlar að sýna Drekaskóg þar, sem er verk eftir mig,“ sagði Agnar. Afgangar, eftir Agnar, verða endursýndir í Austurbæ í dag og um helgina. „Það er svona fyrstir koma fyrstir fá. Og svo voru námskeið Leynileikhússins að klárast, svo við erum að skipuleggja sumarnámskeið sem fara í gang á næstunni,“ sagði Agnar, sem bendir áhugasömum á að hafa samband við Leynileikhúsið.

Agnar segist að vissu leyti geta kallað sig ísskápsmann. „Ég brasa oft það sem til er í ísskápnum á pönnu svona þegar ég er svangur. Og svo má ekki gleyma því að samlokur með alls konar góðum ostum og áleggjum eru líka rosalega góðar máltíðir,“ benti hann á. Í samlokugerðinni lumar Agnar á leynivopni sem hefur fylgt honum í mörg ár. „Alveg síðan að ég var barn og fór að gera tilraunir í eldhúsinu: maður á að setja bakaðar baunir á allt brauð sem fer í ofn. Það hefur aldrei gleymst,“ sagði hann.

Það kemur þó fyrir að Agnar taki sig til og ráðist í stórkostlega eldamennsku. „Ég hef brennt mig á því að þegar ég elda eitthvað flott eyði ég hálfum mánaðarlaunum í að fylla ísskápinn af dóti, bara fyrir eitt matarboð. Og svo elda ég svona fjórum sinnum meira en ég ætti að gera, og lifi á afgöngunum í heila viku,“ sagði hann.

Agnari er hins vegar nánast fyrirmunað að fylgja uppskriftum „Í einu skiptin sem það hefur virkað hef ég verið með mömmu í símanum. En það er helst í kringum jólamatinn, þá þarf maður víst að vera nákvæmur,“ sagði hann. Í þessum anda er uppskriftin sem Agnar deilir með lesendum Fréttablaðsins afar einföld.

**Skötuselur fyrir fjóra**
1 kg skötuselur
sítrónupipar
sætar kartöflur
maís ef vill

Gerið ráð fyrir um 250 g af ferskum skötusel á mann. Hann er snyrtur og bara kryddaður með sítrónupipar. Vefjið sætum kartöflum í álpappír og skellið á grillið, um 45 mínútum áður en fiskurinn fer á það. Skötuselurinn er svo bara rétt brúnaður á grillinu þannig að hann verði heitur í gegn. Varist bara að allt þarf að vera tilbúið þegar fiskurinn fer á grillið, því hann er fljótur að kólna þegar hann er tekinn af.




# Hreint Ísland á Einari Ben

Veitingastaðurinn Einar Ben leggur aukna áherslu á íslenskt hráefni með nýjum matseðli. „Breytingin er sú að allt grunnhráefni héðan í frá verður íslenskt. Ef íslenskt hreindýr fæst ekki, þá verðum við bara ekki með hreindýr,“ útskýrði rekstrarstjórinn Jón Páll Haraldsson. Allt kjöt og allur fiskur mun lúta þessum reglum, og að sögn Jóns Páls verður miðað við að hafa íslenskt grænmeti á boðstólum líka. „Það er kannski erfitt um miðja vetrarmánuði, en við reynum að hafa það alltaf íslenskt,“ sagði hann.

Þar að auki mun Einar Ben bjóða upp á sérseðil innan matseðilsins undir heitinu Hreint Ísland. „Þetta verða sex til átta réttir. Sumir staðir eru með sælkeraseðil, og við erum með Stolt matreiðslumeistaranna. Þetta verður viðbót við það,“ útskýrði Jón Páll. Hráefnið á þeim seðli verður íslenskt frá upphafi til enda. „Við leitumst líka við að geta nefnt uppruna hráefnisins. Þannig verður helst hægt að rekja það heim á bæ, og alla vega heim í sveit,“ sagði Jón Páll. Á kynningarseðlinum er til dæmis að finna reyktan silung frá Svartárkoti í Bárðardal og naut frá Lyngholti í Leirársveit. „Við munum líka keppast við að vera með lamb frá vissum afréttum og veljum bestu afréttirnar, þar sem við vitum að gróðurinn er fjölbreyttur,“ sagði Jón Páll.

**- sun**



**AUKIN ÁHERSLA Á ÍSLAND** Að sögn Jóns Páls Haraldssonar rekstrarstjóra verður hægt að rekja hráefnið á sérseðli Einars Ben alla leið heim á bæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Afnemum VSK

## af Grandhall grillum um helgina

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri*




**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins **4.203** kr
á mán. í 24 mánuði
Verð nú 80.241,-
Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

### Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm




**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins **7.417** kr
á mán. í 36 mánuði
Verð nú 200.795,-
Verð áður 249.900,-

### Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR




**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins **5.960** kr
á mán. í 36 mánuði
Verð nú 160.562,-
Verð áður 199.900,-

### Grandhall Professional 584

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,5 kWh (59.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 3,5 kWh (13.000BTU)
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi 4,5 kWh (15.000BTU)
- Heildargeta: 25,5kWh (87.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Mót fyrir gaskút í skáp (heldur gaskút stöðugum)
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla
- Breidd: 207 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins **6.232** kr
á mán. í 24 mánuði
Verð nú 120.402,-
Verð áður 149.900,-

### Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- HItaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 6. maí eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Christina Ricci** fór óhefðbundnar leiðir á tökustað nýjustu myndar sinnar, Black Snake Moan. Þar fór hún með hlutverk hinnar vergjörnu Rae og þurfti því að afklæðast nokkrum sinnum fyrir tökur. Í stað þess að hyljast á bak við handklæði eins lengi og mögulegt var sprangaði Ricci hins vegar um tökustaðinn á evuklæðunum. „Ég varð að losna við alla feimni,“ sagði Ricci.

# Jón Sæmundur selur Liborius

**Jón Sæmundur Auðarson hefur selt tískuverslunina Liborius. Kaupendur eru þeir Svanur Kristbergsson, Jóhann Meunier og Þorsteinn Stephensen. Jóhann verður verslunarstjóri Liborius og hann boðar breyttar áherslur.**

„Ég ætla að snúa mér að öðru. Það var of mikið fyrir mig einan að vera með þessa búð enda er ég náttúrlega myndlistarmaður fyrst og fremst,“ segir Jón Sæmundur Auðarson sem hefur selt tískuverslunina Liborius. Jón hefur þó ekki alfarið sagt skilið við búðina því hann verður áfram viðloðandi innkaup og stíliseringar. Hann er ánægður með þessa þróun mála. „Já, ég hef nóg að gera með mitt merki og að auki er ég að vinna fyrir Jakobínurínu.“

Jóhann Meunier tekur við sem verslunarstjóri í Liborius. Hann telur að reynsla sín nýtist vel í búðinni. „Ég var lengi vel í París og þar kynntist ég hönnun ýmissa tískuhönnuða frá hinum og þessum löndum,“ segir Jóhann sem starfaði meðal annars í Collette sem er risastór búð sem þykir endurspegla allt það besta í tísku og hönnun.

Jóhann kaupir Liborius með þeim Svani Kristbergssyni og Þorsteini Stephensen í Hr. Örlygi. Þeir keyptu einmitt Kaffibarinn ekki alls fyrir löngu. „Það er mjög ánægjulegt að vera með þessu sterka og trausta liði. Svo verða þau viðloðandi, Jón Sæmundur og Hólmgeirsdætur, sem verða innkaupastjórar fyrir konur. Þetta er ein stór fjölskylda.“

Jóhann segist þegar vera byrjaður að gera breytingar. „Nú eru öll Dead-fötin hans Jóns Sæmundar farin og með því fer götutískan að mestu úr búðinni. Liborius færist nú í aðeins fullorðinslegra horf. Það er þegar búið að gera heilmiklar breytingar á búðinni og sumarvörurnar eru að detta inn. Stóru fréttirnar eru svo þær að við erum að taka inn Dior Homme í haust, það er mikil viðurkenning fólgin í því. Það verður líka mjög gaman að sjá íslenska karlmenn í Diorjakkafötum. Þau eru af allt öðrum standard en við erum vön.“

**hdm@frettabladid.is**



**FARINN** Jón Sæmundur hefur selt Liborius. Hann verður þó áfram viðloðandi búðina.



**BREYTINGAR Í LIBORIUS** Jóhann Meunier, nýr verslunarstjóri Liborius, segir búðina hafa færst í fullorðinslegra horf eftir að hann tók við henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TÍU STYRKIR
FYRIR NÁMSFÓLK

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Árlega veitir Glitnir 10 félögum í Námsvild veglega námsstyrki. Við tökum við umsóknum til 1. maí ár hvert og veitum styrkina fyrir 1. júní. Styrkirnir eru eftirfarandi:**

- 4 styrkir til náms í háskólum erlendis, hver að upphæð 500.000 kr.
- 4 styrkir til náms á háskólastigi á Íslandi, hver að upphæð 300.000 kr.
- 2 styrkir til náms á framhaldsskólastigi, hvor að upphæð 100.000 kr.

Sæktu um tímanlega á glitnir.is/namsvild

GLITNIR

# Lay Low fer til Bandaríkjanna

Tónlistarkonan Lay Low er á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð til Bandaríkjanna, sem hefst í lok þessa mánaðar. Dagana 27. maí til 3. júní spilar hún í Los Angeles og 4. til 9. júní treður hún upp í New York.

Áður en Lay Low fer til Bandaríkjanna spilar hún 17. og 18. maí á tónlistarhátíðinni The Great Escape sem verður haldin í Brighton á Englandi. Í rauninni er allt árið bókað hjá Lay Low því í september spilar hún á Popkomm-hátíðinni í Berlín, spilar á CMJ-hátíðinni í New York í október og fer að lokum í tónleikaferð um Bretland í nóvember sem stendur yfir í eina viku.

Lay Low, sem vann þrefalt á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á árinu, lauk nýverið vel heppnaðri tónleikaferð um landið ásamt Pétri Ben og Ólöfu Arnalds. Síðustu tónleikarnir voru haldnir á Nasa um síðustu helgi og var þeim útvarpað beint á Rás 2.



**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low hefur í nógu að snúast á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Clooney vill ekki eignast börn

Hjartaknúsarinn George Clooney segist ekki hafa neinn áhuga á því að eignast börn. Vill hann því ekki feta í fótspor félaga sinna Matt Damon og Brad Pitt, sem eru báðir orðnir feður.

„Ég skil ekki hvers vegna einhver vill að ég verði pabbi. Ég er of eigingjarn og verð taugaóstyrkur í kringum börn. Ég veit að ég er ekki tilbúinn fyrir þannig líf,“ sagði Clooney.

Hann segist jafnframt hafa dregið aðeins úr partílíferni sínu. „Á endanum fær maður nóg af því að vakna upp með rosalega timburmenn eftir að hafa farið á fyllirí með vinum sínum.“



**GEORGE CLOONEY** Hjartaknúsarinn og leikarinn vill ekki eignast börn í framtíðinni.



**BABEL** Brad Pitt og Kate Blanchett í aðalhlutverkunum.

# Áhorfendur varaðir við

Japanskur dreifingaraðili kvikmyndarinnar Babel hefur varað fólk við því að því gæti liðið illa við að horfa á myndina. Að sögn dreifingaraðilans hafa fimmtán manns kvartað undan ógleði eftir að hafa horft á myndina.

Um er að ræða atriði þar sem persóna japönsku leikkonunnar Rinko Kikuchi fer á næturklúbb með ljósum sem blikka ákaft. Hefur áhorfendum orðið óglatt við það að horfa á ljósin.



**AMY WINEHOUSE** Verður að öllum líkindum á næstu plötu Babyshambles.

# Ryder og Amy gestir

Söngkonan Amy Winehouse og Shaun Ryder, forsprakki Happy Mondays, verða að öllum líkindum í gestahlutverki á annarri plötu Babyshambles. Sveitin er í viðræðum við Ryder um þátttökuna og næst á blaði er síðan Winehouse, sem er mikil vinkona Pete Doherty og félaga.

# Línudansmanía í Reykjavík

**150 íslenskir línudansarar stíga sporin við undirleik Baggalúts í Laugardalshöll á laugardagskvöld á línudanshátíð. Jóhann Örn Ólafsson segir að 500-600 manns stundi línudans að staðaldri á Íslandi.**

„Þetta hefur verið í lægð út á við en alls ekki inn á við. Ákveðinn kjarni stundar línudans af kappi," segir Jóhann Örn Ólafsson, dansari og danskennari.

Mikil línudanshátíð hófst í gær og verður fram haldið yfir helgina. Í gær var efnt til línudans í Ráðhúsinu klukkan 17.30 og verður það endurtekið í dag. Hápunktar hátíðarinnar verður á laugardagskvöldið á Broadway þar sem Rob Fowler, línudansari frá Liverpool, verður með sérstaka sýningu og klukkan 23.00 leikur svo kántrísveitin Baggalútur undir gríðarmiklum hóplínudansi í Laugardalshöll. „Það verður magnað að sjá einhverja 150 línudansara taka sporið fyrir framan þá," segir Jóhann Örn.

Hann segir svo frá að línudansinn hafi komið fram á sjónarsviðið árið 1994 þegar RÚV sjónvarpaði frá Kántríbæ en þar var hópur kana af Vellinum sem steig línudans. „Nokkru seinna var ég farinn að sýna þetta á Ömmu Lú og þá byrjar þetta."

Jóhann Örn metur það svo að um land allt sé línudansinn stundaður af kappi af einhverjum fimm til sex hundruð manns. „En stærsti kjarninn er hér í Reykjavík. Þetta er fólk á öllum aldri. En meðalaldurinn er kannski í kringum fimmtíu. Ég er með ansi marga hressa í tímum, til dæmis er ein áttræð sem rúllar upp öllum flóknustu dönsunum. Fólk lifir svo lengi sem dansar línudans," segir Jóhann Örn.

Jóhann er frábær dansari sjálfur og jafnvígur á hinar ýmsu tegundir. En hann hefur einkum lagt fyrir sig línudansinn. „Mér fannst þetta sniðugt fyrir tólf árum og finnst það enn þá. Þetta er svo stór partur af mínu lífi og mínu lifibrauði. Þetta er svo skemmtilegt form að kenna."

jakob@frettabladid.is



**JÓHANN ÖRN** Hér í línudanssveiflu en hann fullyrðir að línudansinn lengi lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GISELE BÜNDCHEN** Ofurfyrirsætan brasilíska starfar ekki lengur fyrir Victoria´s Secret.

# Gisele hætt hjá Victoria's Secret

Brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bündchen er hætt störfum fyrir undirfatarisann Victoria´s Secret. „Við óskum henni alls hins besta og viljum þakka henni fyrir frábært starf. Hún mun halda áfram að vera áberandi hluti af kynþokkafyllsta vörumerki heims það sem eftir er ársins," sagði Edward Razek hjá Victoria´s Secret.

Gisele, sem er 26 ára, er ein þekktasta fyrirsæta heims. Hún átti á sínum tíma í ástarsambandi við leikarann Leonardo DiCaprio en er núna með ruðningskappanum Tom Brady. Ofurfyrirsætan Gisele hefur margoft verið ofarlega í kjöri á kynþokkafyllstu konum heims og fyrirsætustörf hjá Victoria's Secret hafa ekki skemmt þar fyrir.


# Konur

Iðusalir 4. hæð, Lækjagötu 2a
í kvöld kl. 18:00-21:00

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Konur, verið velkomnar og takið þátt í spennandi umræðum og skemmtidagskrá í Iðusölum.

Við bjóðum konur velkomnar í Iðusali Lækjargötu 2a, 4. hæð í dag, 3. maí kl. 18.00 til að ræða málefnin, hittast og hafa gaman. Við munum blanda saman ráðstefnu og skemmtun, umræðum og fjöri. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verður aðalræðumaður og Geir H. Haarde mun sjá um skemmtiatriði. Hvetjum ykkur til að mæta, það eru mörg spennandi verkefni framundan sem við konur viljum takast á við.

Fundarstjóri:



Guðfinna S. Bjarnadóttir
2. sæti í Reykjavík norður

Framsaga:



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Varaformaður Sjálfstæðisflokksins





Skemmtiatriði:
Dúettinn "Enn meira Val-Geir!"

Pallborðsumræður:

- Auður Eir Vilhjámsdóttir
  prestur
- Berglind Ásgeirsdóttir
  sendiherra
- Erla Ósk Ásgeirsdóttir
  formaður Heimdallar
- Hildur Dungal
  forstjóri Útlendingastofnunar
- Inga B. Árnadóttir
  forseti tannlæknadeildar
  Háskóla Íslands
- Kristín Pétursdóttir
  fjárfestir
- Svafa Grönfeldt
  rektor Háskólans í Reykjavík

Komdu og hittu alla kvenframbjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og SV-kjördæmi og segðu þeim þína skoðun.

Léttur pinnamatur í boði.

Nánari upplýsingar á
www.xd.is

# Britney snýr aftur

Poppprinsessan fyrrverandi Britney Spears steig á svið í fyrsta sinn í tæp þrjú ár á klúbbnum House of Blues í Los Angeles á dögunum. Söng hún fimm lög, þar á meðal Baby One More Time.



BRITNEY SPEARS Poppprinsessan fyrrverandi hélt sína fyrstu tónleika í tæp þrjú ár á klúbbi í Los Angeles.

Britney klæddist háum stígvélum, bleikum toppi og stuttu hvítu pilsi á tónleikunum auk þess sem hún var með brúna hárkollu. Mikil leynd hvíldi yfir tónleikunum og voru þeir ekkert auglýstir.

Britney virtist vera búin að jafna sig ágætlega á dramatískum atburðum í einkalífi sínu að undanförnu. Eftir að hafa skilið við Kevin Federline í nóvember í fyrra fór hún að skemmta sér óhóflega mikið, sem endaði með því að hún fór í meðferð í Malibu fyrr á þessu ári. Skömmu áður hafði hún rakað af sér allt hárið á hárgreiðslustofu í Los Angeles.

# OK! vann Hello!

Breska tímaritið OK! vann dómsmál sem það höfðaði gegn helsta keppinauti sínum Hello! vegna ljósmynda sem Hello! birti úr brúðkaupi leikarahjónanna Michael Douglas og Catherina Zeta-Jones árið 2000.

OK! hafði samið við Douglas og Zeta-Jones um einkarétt á myndunum en þrátt fyrir það birti Hello! „paparazzi"-myndir frá athöfninni. OK! hafði fengið að mynda brúðkaupsveisluna á Plaza-hótelinu í New York og var stjórnendum þess því ekki skemmt þegar Hello! birti einnig myndir frá veislunni. Töldu þeir Hello! hafa skaðað orðspor sitt með myndbirtingunni.

Douglas og Zeta-Jones höfðu áður höfðað einkamál gegn Hello! fyrir að birta myndirnar og unnu það fyrir dómstólum. Sagðist Zeta hafa liðið hræðilega vegna mynda Hello! og fundist eins og tímaritið hefði ráðist inn í einkalíf sitt með sínum óheppilegu myndum. Fengu þau um tvær milljónir króna í skaðabætur.



ZETA OG DOUGLAS Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas giftu sig fyrir sjö árum.






**Peaches Geldof** er átján ára gömul dóttir írska tónlistarmannsins og Live Aid-gúrúsins Bob Geldof og Paulu Yates heitinnar. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Peaches sett mark sitt á breskt samfélag. Hún hefur lagt nafn sitt við tvo veruleikaþætti, kynnti NME-verðlaunin 2007 og skrifað pistla fyrir The Daily Telegraph og tímaritið ELLEgirl svo eitthvað sé nefnt. Í fyrra komst hún svo inn á lista Tatlers yfir topp tíu tískufyrirmyndir ársins, og var yngsta manneskjan á honum.



**Kimberley Stewart** er dóttir Rod Stewart og fyrstu eiginkonu hans, Alönu. Hún ákvað ung að árum að tískubransinn væri það sem koma skyldi í lífi hennar, og fór því í fyrirsætuskóla. Kimberly er á mála hjá umboðsskrifstofunni Nous models, eins og stalla hennar, Paris Hilton. Í mánuðinum varð hún andlit Adore Moi undirfatalínunnar frá Ultimo, og tók þar með við kyndlinum úr höndum Jade Jagger. Hún hefur þar að auki hannað skó og sína eigin fatalínu, sem hún kallar Pinky Star Fish.



**Zoe Kravitz** hefur enn sem komið er ekki verið jafn áberandi og lagskonur hennar. Hún sést oftast í fylgd með föður sínum, rokkaranum Lenny Kravitz, enda ekki nema átján ára gömul. Feðginin eru tíðir gestir á tískusýningum, og þykir Zoe með eindæmum smekkleg til fara og skapleg á að líta – enda dóttir Kravitz og leikkonunnar gullfallegu Lisu Bonet.

Í marseintaki bandaríska Elle sat Zoe fyrir hjá tískuljósmyndaranum fræga Gilles Bensimon, en sýning með verkum hans stendur einmitt yfir í Hafnarborg um þessar mundir. Myndirnar í Elle hafa vakið töluverða athygli og þegar bíómyndin The Brave One, þar sem Zoe leikur vændiskonu á táningsaldri, kemur í kvikmyndahúsin ætti frægðarstjarna hennar að rísa enn hærra.



**Nicole Richie** þarf ekki að kynna fyrir neinum þeim sem hefur opnað dagblað eða tímarit síðustu árin. Richie er komin af tónlistarmönnum á alla kanta: hún er ættleidd dóttir Lionels Richie, en kynfaðir hennar var líka tónlistarmaður. Nicole er dáð og dýrkuð fyrir tískuvitund sína og stíl, þó að sumir vilji þakka stjörnustílistanum Rachel Zoe þá velgengni hennar. Richie lét Zoe þó róa í nóvember síðastliðnum, og ekki hefur tískuvitundin farið forgörðum síðan þá.

Í viðtali við OK! í mars sagðist Richie vinna að eigin tískubiblíu, sem á væntanlega eftir að seljast eins og heitar lummur, miðað við vinsældirnar. Hún er jafnframt með skartgripa- og fylgihlutalínu, sólgleraugnalínu og ilmvatn í burðarliðnum.

# TÓNLIST & TÍSKA Í BLÓÐINU

**Hvort börn frægra og fallega fólksins fæðast með tískuvitund í blóðinu skal látið ósagt. Hitt er víst að merkilega margar stúlkur sem skiptast á að prýða síður tísku- og slúðurblaðanna eru dætur heimsfrægra tónlistarmanna. Allar eiga þær sameiginlegt að hafa vakið athygli fyrir tískuvitund og sérstakan stíl.**



**Fatahönnuðurinn Stella McCartney** er kannski sú stúlknanna sem á mest tilkall til titilsins Tískuvitund 2007. Hún er, eins og flestir vita, dóttir bítilshjónanna Paul og Lindu McCartney. Þó að sumir vilji meina að það sé einmitt ættarnafnið sem hafi skotið Stellu upp á stjörnuhimin tískugeirans segja aðrir að það hafi frekar háð frama hennar. Þegar Stella var ráðin til Chloé, og kom þar í stað Karls nokkurs Lagerfeld, lýsti sá síðarnefndi óánægju sinni með ráðninguna. „Mér fannst að þau hefðu átt að fá stórt nafn til sín. Þau fengu það – en í tónlist, ekki hönnun," sagði hann.

Í seinni tíð hafa flestir þó tekið Stellu í sátt og viðurkennt að hún sé ekki með öllu ónýtur hönnuður. Hönnun hennar virðist að minnsta kosti höfða til fjöldans, og þess er skemmst að minnast þegar fatalína hennar fyrir Hennes og Mauritz seldist upp á korteri, plús mínus nokkrar mínútur.



**Jade Jagger** er dóttir Mick Jagger úr Rolling Stones og Biöncu Jagger, sem þóttu eitt flottasta par áttunda áratugarins. Í kjölfar skilnaðar þeirra varði Jade mestum tíma sínum með móður sinni í New York, en þegar Bianca þurfti að skreppa á Studio 54 var Jade yfirleitt komið fyrir í pössun hjá góðvini hennar, Andy Warhol. Það er því varla nema von að stúlkan þyki oft á tíðum ofursvöl.

Jade skapaði sér nafn sem skartgripahönnuður, og var listrænn stjórnandi skartgripafyrirtækisins Garrard í tíu ár. Því tíu ára tímabili lauk í fyrra, og nú einbeitir Jade sér að merki sínu Jezebel. Undir merki Jezebel heyrir tónlist, fatnaður og lífsstílsvara, og því er Jade hvergi nærri horfin af sjónarsviðinu.



**Elizabeth Jagger** er þriðja barn Micks Jagger og hálfsystir Jade. Móðir hennar er fyrirsætan Jerry Hall, og hún á því ekki langt að sækja aðdáun sína á tísku. Lizzy þykir hafa skapað sér sinn eigin stíl, sem er með því eftirsóknarverðasta í tískugeiranum, þar sem langflestir eru með stílistann sinn á hraðvali í símanum.

Lizzy birtist fyrst á tískupöllunum í fylgd móður sinnar, þegar hún var fyrirsæta fyrir Thierry Mugler á fjórtánda aldursári. Síðan þá hefur hún prýtt fjöldann allan af forsíðum tímarita og unnið með ljósmyndurum á borð við Mario Testino, Patrick Demarchelier og David LaChapelle. Hún var jafnframt andlit LCM-línunnar frá Lancome, sem snyrtivörufyrirtækið kynnti í september 2002.



# Sjóðheitt áskriftartilboð!

# 5 SINNUM FRÍTT Í BÍÓ




+




+




**20% AFSLÁTTUR**

- Þú borgar **477 kr. fyrir eintakið** í stað 596 kr. sem er **20% afsláttur**
- Þú gerist áskrifandi í 6 mánuði
- Þú færð blaðið sent heim daginn áður en það fer á sölustaði
- Þú færð bíókort sem gefur þér **5 sinnum frítt í bíó***
- Þú færð krossgátublaðið Þvers og kruss frítt með

**HRINGDU NÚNA SÍMI 515 5555**

*Bíókortið gildir á allar sýningar í Smárabíó, Regnbogann og Borgarbíó í maí. Ekki í lúxussal.

DYNAMO REYKJAVÍK

**SÉÐ OG HEYRT GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA!**

## TAKTU ÁKVÖRÐUN STRAX!

:: Hringdu í síma **515 5555** *eða*
:: sendu tölvupóst á **askrift@birtingur.is** *eða*
:: farðu inn á **www.birtingur.is** og kláraðu málið *eða*
:: sendu okkur SMS-skilaboðin „**sb jatakk**" í **821 5521**
og við hringjum í þig til þess að ganga frá áskriftinni.

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** eða sendu okkur póst á **askrift @birtingur.is.**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| NEXT SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| PATHFINDER | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10.10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PATHFINDER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SHOOTER | kl. 8 og 10.15* B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 6* B.I. 16 ÁRA |

* SÍÐASTA SÝNING

MIÐASALA Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919


# Ásakanir ganga á víxl í leigubílstjórastríði í Hafnarfirði

**Ný leigubílastöð hefur tekið til starfa í Hafnarfirði. Forstjóri BSH, þar sem bílstjórarnir störfuðu áður, ætlar að kæra starfsemina.**



INGÓLFUR MÖLLER JÓNSSON Veifar starfsleyfinu hinn ánægðasti. Segir Einar stöðugt reyna að bregða fyrir þá fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta þarf að vera löglegt," segir Einar Ágústsson, forstjóri BSH, sem nú hyggst kæra nýja leigubílastöð sem tekið hefur til starfa í Hafnarfirði – Aðalstöðin BSH.

Nýja leigubílastöðin hefur tekið til starfa en að sögn Einars er það kristaltært að hún hefur ekki rekstrarleyfi. Því sé óhjákvæmilegt að líta svo á að með akstri séu þeir að fremja lögbrot. Fréttablaðið greindi í vikunni frá yfirstandandi leigubílastríði í Hafnarfirði en meirihluti leigubílstjóra er hættur hjá BSH og hefur gengið til liðs við hina nýju stöð.

„Við munum kæra málið til Vegagerðar og lögreglu. Við viljum að farið sé að lögum og ótvírætt er að ekki er leyfilegt að aka án tilskilinna leyfa."

Einar gerir jafnframt athugasemdir við að nýja stöðin noti merki BSH.

Ingólfur Möller Jónsson er formaður Fylkis, félags leigubílstjóra sem starfa hjá Aðalstöðinni BSH. Hann segir ljóst að Einar sé að bregða fyrir þá fæti. „Hann hefur verið að því alla tíð og skilur svo ekkert af hverju öll dýrin í skóginum séu ekki vinir."



EINAR ÁGÚSTSSON Ætlar að kæra hina nýju samkeppnisaðila sína vegna þess að tilskilin leyfi eru ekki til staðar.

Ingólfur segir það hins vegar litlu breyta því nú séu þeir á Aðalstöðinni BSH búnir að fá leyfið en þar eru 35 til 40 bílar starfandi. Ingólfur segir jafnframt að fyrir hafi legið munnlegt samþykki frá Vegagerðinni þar sem allir pappírar voru klárir.

„En þegar við vorum búnir að skila öllum pappírum inn mætti Einar með lögfræðing kolbrjálaður í fyrirtækjaskráningu og vildi stoppa okkur með að nota nafnið BSH. Og fyrirtækjaskrá hafði samband við mig á mánudag og sögðu nafnið ekki ganga. En ég var búinn að fá samþykki fyrir því áður," segir Ingólfur og biður fyrir kveðju til Einars – „ég hlakka til samkeppninnar."

jakob@frettabladid.is

# Matareitrun tefur ferð

Breska rokksveitin Muse og hin bandaríska My Chemical Romance hafa gert hlé á tónleikaferð sinni um Bandaríkin eftir að fylgdarlið beggja sveita, ásamt meðlimum My Chemical Romance, fékk matareitrun.

Veikindin komu upp eftir tónleika í Virginíu síðastliðinn sunnudag og þurftu þeir sem sýktust að fara á sjúkrahús. Þegar hefur tvennum tónleikum verið frestað en vonir standa til að tónleikaferðin geti hafist sem allra fyrst aftur.

Muse, sem spilar á Wembley 16. og 17. júní, var nýverið kjörin besta hljómsveit Bretlands á NME-verðlaunahátíðinni. My Chemical Romance var valin besta erlenda hljómsveitin.



MUSE Rokksveitin Muse hefur frestað tónleikaferð sinni um Bandaríkin.




| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE MESSENGERS | kl.10:10 | B.i.16 |
| BLADES... VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| BREACH | kl. 8 | B.i.12 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 8 - 10 | B.i.12 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 8 | Leyfð |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 10 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

**LR-Henning heilsu og megrunarkúrinn** hefur slegið í gegn í Skandinavíu. Kynningarfundur verður á Grand Hótel 3.5. kl 20:00



2 fyrir 1 í bíó




Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortsins.

Tilboðið gildir ekki í lúxus-sal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

# Stuðmenn og Sálin í Kaupmannahöfn 18. apríl 2007



Troðfullur salur af prúðbúnum tónleikagestum



Egill, Björgvin og Valgeir í stuði

## Hótelbókanir í Kaupmannahöfn www.kaupmannahofn.dk

færir Stuðmönnum og Sálinni innilegar þakkir fyrir frábæra tónleika í Cirkusbygningen á síðasta vetrardag. Einnig færum við þeim Valgeiri Guðjónssyni, Björgvini Halldórssyni og Eyjólfi Kristjánssyni sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag til tónleikanna.

Við þökkum öllum þeim 1.129 gestum sem sóttu tónleikana fyrir frábærar viðtökur.

Ljósmyndir frá kvöldinu má skoða á heimasíðu okkar.

Starfsfólki Icelandair í Reykjavík og Kaupmannahöfn þökkum við einstaklega gott samstarf.

**Sjáumst á ný í Kaupmannahöfn 30. apríl 2008!**

**Bókið hótelin hjá okkur**
**Hagstæðasta verðið á bestu hótelum Kaupmannahafnar.**
**hotel@kaupmannahofn.dk - www.kaupmannahofn.dk**

Ljósm. Sigurjón Ragnar

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FRAM 8. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007

### > LYKILMAÐURINN



**Reynir Leósson** Framarar gerðu vel í að næla í Skagamanninn sterka. Þegar Reynir lék með ÍA var hann annar hluti af einu sterkasta miðvarðarpari efstu deildar hin síðari ár. Ólafur þjálfari hefur gert hann að fyrirliða enda gerir hann sér eflaust grein fyrir því að varnarleikurinn verður að vera í lagi í sumar og þar er mikil ábyrgð lögð á herðar Reynis. Getur hann plumað sig án Gunnlaugs Jónssonar? Það kemur í ljós en ljóst er að Reynir verður að vera í sínu besta formi í sumar ef Fram ætlar sér að gera einhverjar rósir.

# Uppbyggingarstarf hjá Ólafi

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu því næstu daga munum við birta spá íþróttafréttamanna Fréttablaðsins um lokastöðu liðanna í Landsbankadeild karla 2007. Við spáum Fram 8. sætinu.

Framarar unnu 1. deildina síðasta sumar með miklum glans. Liðið skipti í kjölfarið um þjálfara en Skagamaðurinn Ólafur Þórðarson hefur tekið við stjórnartaumunum af Ásgeiri Elíassyni. Liðið varð fyrir mikilli blóðtöku þegar það missti sinn helsta markaskorara, Helga Sigurðsson, yfir til Vals. Helgi fór á kostum í 1. deildinni í fyrra og framherjar í hans styrkleikaflokki vaxa ekki á trjám á Íslandi. Skarð Helga hefur ekki verið fyllt og sóknarleikurinn gæti verið vandamál hjá Frömurum í sumar. Varnarleikurinn gæti hins vegar orðið ágætur en þar fer Reynir Leósson fremstur í flokki. Við hlið hans verður líklega Eggert Stefánsson og svo er mikill styrkur í Óðni Árnasyni sem kom frá Grindavík.

Það var lengi talað um að Fram væri félag sem hefði gott af því að falla eftir áralangan dans við falldrauginn og væntanlega kemur í ljós í sumar hvort svo sé.

Miklar vonir eru bundnar við þjálfarann Ólaf Þórðarson sem kemur með aga og festu í Safamýrina. Reynsla hans og sigurvilji mun vega þungt en fæstir leikmanna liðsins þekkja sigurtilfinninguna. Fram getur ekki gert væntingar um sérstakan árangur í sumar og áherslan hlýtur að liggja í því að styrkja stoðirnar fyrir komandi tímabil.



### > X - FACTORINN

**Hjálmar Þórarinsson** Sóknarmaðurinn efnilegi er kominn aftur heim frá Skotlandi. Lengi verið talinn með efnilegri sóknarmönnum landsins en hefur ekki enn sannað sig almennilega. Hann þarf að standa undir væntingum ef Framarar ætla sér að skora einhver mörk í sumar.

| OKKAR EINKUNN 1-10 | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 8 | VÖRN | 7 | SÓKN | 4 | LIÐSSTYRKUR | 7 | ÁHORFENDUR | 4 |
| MARKVARSLA | 5 | MIÐJA | 4 | BREIDD | 5 | HEIMAVÖLLUR | 5 | HEFÐ/REYNSLA | 6 |

Gengi í vormótum 2007




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 1. sæti (B-deild) | 2005 9. sæti | 2004 8. sæti | 2003 7. sæti | 2002 8. sæti | 2001 8. sæti |



ENGIN SPURNING Brandon Roy fékk flotta kosningu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Besti nýliðinn í NBA:

## Roy fékk yfirburðakosningu

**KÖRFUBOLTI Brandon Roy, leikmaður Portland Trailblazers, var í gær valinn besti nýliði ársins í NBA-deildinni.**

**Roy fékk yfirburðakosningu en 127 af 128 völdu hann bestan. Hann fékk alls 638 stig, 374 fleiri en Andrea Bargnani hjá Toronto sem var valinn fyrstur í nýliðavalinu í fyrra. Þriðji í kjörinu var Rudy Gay hjá Memphis.** - óój

### ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Meistaradeild Evrópu*

AC MILAN-MANCHESTER UNITED 3-0
1-0 Kaka (11.), 2-0 Clarence Seedorf (30.), 3-0 Alberto Gilardino (78.).

*Sænska bikarkeppnin*

GRÖNDAL-BK HÄCKEN 3-4
**Ari Freyr Skúlason** skoraði fyrsta mark Häcken á 20. mínútu.
ESKILSTUNA-ÖSTER 0-2
**Helgi Valur Daníelsson** lék fyrri hálfleikinn fyrir Öster.

*Þýska úrvalsdeildin*

WETZLAR-HAMBURG 24-27
FLENSBURG-MINDEN 34-29
**Snorri Steinn Guðjónsson** skoraði þrjú mörk fyrir Minden í gær og **Einar Örn Jónsson** eitt.
KRONAU/ÖSTRINGEN-KIEL 31-28
Kiel og Hamburg eru efst og jöfn í deildinni með 46 stig.

# AC Milan kaffærði United á San Siro

**Það verður endurtekið efni í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í Aþenu síðar í mánuðinum þegar AC Milan mætir Liverpool, rétt eins og fyrir tveimur árum. AC Milan fór illa með Manchester United á San Siro í gær.**

FÓTBOLTI Nú er ljóst að AC Milan frá Ítalíu og Liverpool frá Englandi munu mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu sem fer fram í Aþenu síðar í mánuðinum. Liðin áttust við af sama tilefni í Istanbúl fyrir tveimur árum og þá stóð Liverpool uppi sem sigurvegari í einhverjum frægasta úrslitaleik Evrópukeppninnar frá upphafi.

AC Milan gerði sér lítið fyrir og sló út topplið ensku úrvalsdeildarinnar, Manchester United, í síðari viðureign liðanna í undanúrslitum í gær. United vann fyrri leikinn á sínum heimavelli, 3-2, en leikmenn Milan léku á als oddi í gær og unnu sannfærandi sigur, 3-0.

Töframaðurinn frá Brasilíu, Kaka, kom Milan yfir eftir aðeins ellefu mínútna leik. Hann skoraði bæði mörk liðsins á Old Trafford og var á góðri leið með að skjóta enska stórveldið úr keppninni upp á sitt einsdæmi.

Clarence Seedorf lagði upp markið fyrir Kaka en Seedorf skoraði síðan sjálfur annað mark sinna manna á 30. mínútu. Bæði þessi mörk voru framkvæmd með föstum og hnitmiðuðum skotum af vítateigslínunni.

Alberto Gilardino kláraði svo leikinn með marki seint í leiknum er hann nýtti sér að leikmenn United sóttu stíft og framarlega. Hann slapp einn inn fyrir vörn United og átti ekki í vandræðum með að koma boltanum í netið.

Vörn United átti ekki roð í sóknarleik AC Milan og þar lá munurinn á liðunum. Varnarmenn United hafa átt margir hverjir við meiðsli að stríða undanfarið. Alex Ferguson ákvað að láta Nemanja Vidic í byrjunarliðið þó svo að hann hefði ekki spilað síðan í lok mars.



HETJAN Clarence Seedorf var hetja Milan í gær er hann lagði upp fyrsta mark liðsins og skoraði svo sjálfur nokkru síðar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Grenjandi rigning var á San Siro í gær og áttu varnarmenn United engin svör við leiftrandi sóknarleik Ítalanna við erfiðar aðstæður.

Sóknarmenn United fundu sig ekki í leiknum. Ronaldo var á vinstri kantinum og sást varla allan leikinn og Wayne Rooney komst aldrei í rétta gírinn. Hann gerði sig sekan um nokkur mistök, rétt eins og fleiri leikmenn liðsins.

Gabriel Heinze var einn þeirra og er óhætt að segja að frammistaða hans undanfarnar vikur er ekkert sérstaklega traustvekjandi. Hann átti ríkan hlut í báðum mörkum AC Milan í fyrri hálfleik.

Darren Fletcher átti í raun eina almennilega færi leiksins fyrir Englendingana en skot hans í síðari hálfleik missti marks.

„Milan fékk sín mörk heldur ódýrt og það olli mér vonbrigðum,“ sagði Ferguson eftir leik. „Leikmenn Milan voru skarpari og fljótari á boltann. Þeir áttu skilið að vinna. Við vorum á hælunum allan leikinn og áttum erfitt uppdráttar. Í sannleika sagt leit aldrei út fyrir að við myndum ná að skora í leiknum.“

Kollegi hans hjá Milan, Carlo Ancelotti, var vitanlega í skýjunum. „Okkar frammistaða í fyrri hálfleik var draumur allra þjálfara. Þetta var fullkomin knattspyrna. Úrslitaleikurinn verður forvitnileg áskorun. Liverpool er ekki eins sterkt og United en liðið býr yfir meiri líkamlegum styrk,“ sagði Ancelotti.

eirikur@frettabladid.is

Alþingiskosningar 2007
Hverju svara stjórnmálaflokkarnir þegar spurt er um íþróttir ?
Svörin eru á www.isi.is

Háþrýstiþvottatæki
Úrvals háþrýstitæki á góðu verði.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Ragnar Helgason og sterkustu leikmenn Fylkis orðaðir við Stjörnuna:

# Fylkir missir sína sterkustu menn

HANDBOLTI Nú er ljóst að Fylkir mun missa sína sterkustu leikmenn en liðið féll nú á vikunum úr DHL-deildinni. Ekki hefur enn verið ákveðið hvort Fylkir ætli að tefla fram liði í 1. deild karla á næsta ári.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Heimir Örn Árnason, Guðlaugur Arnarsson og Hlynur Morthens gætu vel verið á leið til Stjörnunnar ásamt ÍR-ingnum Ragnari Má Helgasyni. Heimir sagði við Fréttablaðið í gær að það væri ljóst að hann yrði ekki áfram með Fylki. „Ég hef átt í viðræðum við nokkur félög, þeirra á meðal Stjörnuna,“ sagði hann.

Karl Sigurðsson er formaður handknattleiksdeildar Fylkis og hann segir að forráðamenn deildarinnar velti nú fyrir sér sínum kostum.

„Við höfum rætt þann möguleika í okkar hópi að tefla fram liði á næsta tímabili og erum að skoða þann möguleika. Ætli það séu ekki helmingslíkur á því en til þess þyrftum við auðvitað að finna fjárhagslegan flöt á því,“ sagði Karl.

Hann segir að flestir leikmannasamningar liðsins séu hvort eð er útrunnir. „Það er þó hópur stráka sem er tilbúinn að spila með liðinu á næsta ári. Við gerum þó fastlega ráð fyrir því að sterkustu leikmenn liðsins fari annað og skilst mér að þeir séu að skoða hvað þeim standi til boða.“

Fylkir lenti í sjöunda og næstneðsta sæti DHL-deildarinnar. - esá



HEIMIR ÖRN Hér í leik með Fylki í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



**GÓÐ STEMNING** Nokkrir þeirra íslensku áhorfenda sem voru á leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC

Íslenskir áhorfendur í Belgíu:

## Íslendingar fjölmenna á leiki

**FÓTBOLTI Þónokkrir Íslendingar voru meðal áhorfenda á leik Íslands og Englands á Evrópumóti U-17 landsliða sem fer fram í Belgíu þessa dagana. Einn þeirra, Sigþór Sigurjónsson bakarameistari, sagði að stemningin á leiknum hefði verið mjög góð þó svo að leikurinn hefði tapast.**

**„Ég er ekki frá því að flestir áhorfendanna hafi verið Íslendingar," sagði Sigþór. „Það er góð stemning í kringum liðið," bætti hann við.**

**Hann er faðir Kolbeins Sigþórssonar sem gat ekki leikið með Íslandi í gær vegna meiðsla. „Það er auðvitað svekkjandi en ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun hjá þjálfaranum að skipta honum ekki inn á. Hann þarf að jafna sig að fullu og hann sagði mér í kvöld að hann væri orðinn miklu betri."**

- esá



**ÞÝSKALAND VANN ÚKRAÍNU** Konstantin Rausch, leikmaður Þýskalands, og Úkraínumaðurinn Dmytro Yeremenko berjast um boltann í leik liðanna á EM í gær. Þýskaland vann leikinn, 2-0. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Aðrir leikir á EM í gær:

## Belgía og Holland skildu jöfn

**FÓTBOLTI** Alls taka átta lið þátt í úrslitakeppni EM U-17 liða í Belgíu og öll léku þau í gær. Í hinum leiknum í riðli Íslands gerðu Belgar jafntefli við Hollendinga, 2-2, en Ísland mætir þeim síðarnefndu á morgun.

Í hinum riðlunum unnu Þjóðverjar 2-0 sigur á Úkraínu og Spánn vann Frakkland, einnig 2-0.

- esá



**LÚKAS KOSTIC** Ræðir hér við leikmenn íslenska liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC

# Sanngjörn úrslit en við getum betur

**Íslenska U-17 landsliðið hóf í gær keppni á Evrópumótinu í Belgíu er liðið mætti Englendingum. Ísland tapaði, 2-0, en Lúkas Kostic þjálfari segir að meira búi í liðinu sem mætir Hollendingum annað kvöld.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið skipað leikmönnum sautján ára og yngri mætti í gær liði Englands í úrslitakeppni Evrópumótsins sem hófst í Belgíu í gær. England hafði betur í gær og vann leikinn, 2-0, með tveimur mörkum snemma í leiknum.

Lúkas Kostic, þjálfari íslenska landsliðsins, sagði að sínir menn hefðu lagt sig vel fram en að úrslitin í leiknum hafi verið sanngjörn.

„England var sterkari aðilinn í leiknum. Liðið er skipað mjög sterkum leikmönnum sem spiluðu mjög vel. Það var verst við leikinn hvað við fengum fyrra markið snemma á okkur. Það er mjög erfitt fyrir stráka sem eru að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti að lenda í slíku."

Hann segir að Englendingar hafi mætt gífurlega grimmir til leiks og ekki gefið nein færi á sér. Íslenska liðið fékk aðeins eitt færi í leiknum er Viktor Illugason gaf góða sendingu á Aaron Palomares sem náði ágætu skoti á marki sem var varið.

Lúkas segir að sóknarleikur íslenska liðsins hafi einfaldlega ekki verið nógu góður. „Englendingar sköpuðu sér ekki eitt einasta færi í síðari hálfleik en það gerðum við ekki heldur. Í undankeppninni höfum við skorað mikið af mörkum og skorað reglulega. Í leiknum í dag gerðum við vel í vörn og reyndum að pressa þá eins hátt og hægt var en þeir gáfu afar fá færi á sér," sagði Lúkas. „Strákarnir lögðu sig fram en sóknarleikurinn var ekki nógu sterkur."

Íslenska liðið lék í gær án Kolbeins Sigþórssonar sem hefur verið einn sterkasti leikmaður liðsins í undankeppni og helsti markaskorari þess. Hann á við meiðsli að stríða.

„Það er rétt að Kolbeinn var ekki með en það má ekki setja allt á herðar eins manns. Sóknarleikurinn var ekki nógu góður, þá verðum við bara að laga það og sýna meiri metnað í næsta leik," sagði Lúkas.

Hann reiknar þó með að Kolbeinn verði með gegn Hollendingum á morgun. „Það voru mikil batamerki hjá honum í dag og sjálfur segir hann að honum líði mjög vel. Hann hefur bæði æft með okkur og einnig æft sjálfur. Ég reikna því með honum gegn Hollandi og vona að hann verði klár í slaginn þótt maður viti aldrei hvað verður."

Hann segir að hollenska liðið sé gífurlega sterkt eins og reyndar öll lið á mótinu. „Þetta eru stórir og sterkir strákar í hollenska liðinu en Belgarnir eru líka með mjög hættulegt lið," sagði Lúkas. Ísland mætir heimamönnum á mánudaginn kemur. „Allir leikir á mótinu virðast vera mjög svipaðir og ég trú á að við getum bætt okkur og veit að strákarnir gera það. Það býr meira í liðinu og það getur náð betri úrslitum í næstu leikjum."

Íslenskt landslið er nú í fyrsta sinn með í úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu og segir Lúkas að þetta sé vitanlega mikið ævintýri fyrir liðið allt. „Það er mikill heiður að taka þátt í mótinu með þeim bestu í Evrópu. Allt skipulag er líka til fyrirmyndar og hafa Belgarnir reynst afar hjálpsamir og vilja allt fyrir okkur gera. Þetta er yndislegt fólk."

En hann bætir við að menn þurfi að vera með báða fætur á jörðinni í slíkum stórmótum. „Við búum ekki að neinni reynslu af slíkum mótum og hef ég því enga trú á öðru en að við lærum hratt af mistökum okkar og bætum okkur í hverjum leik. Það voru fínir kaflar í leiknum gegn Englandi en allt of fáir."

Leikurinn gegn Hollandi á morgun hefst klukkan 18.15 að íslenskum tíma. **eirikur@frettabladid.is**



**ÞÚ STÓÐST ÞIG VEL** Lúkas Kostic landsliðsþjálfari hughreystir hér Stjörnumanninn Jóhann Laxdal eftir leik í gær. Til vinstri á myndinni er Eggert Rafn Einarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC



**VIKTOR Á FLUGI** Sóknarmaðurinn Viktor Unnar Illugason er hér á fleygiferð í leiknum í gær. Björn Jónsson og Englendingurinn Krystian Pearce fylgjast með. Pearce skoraði fyrsta mark Englands í gær, strax á fjórðu mínútu. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Ragnar Þór Gunnarsson stendur hér í ströngu og berst um boltann við Daniel Rose sem skoraði síðara mark Englands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC

Trausti Sigurbjörnsson, markvörður Íslands, verður ekki meira með á Evrópumótinu:

# Missti meðvitund og var fluttur á sjúkrahús

**FÓTBOLTI** Markvörður íslenska landsliðsins, Trausti Sigurbjörnsson, lenti í þeirri óskemmtilegu reynslu að rotast strax í upphafi leiks Íslands og Englands í gær. Hann fékk spark í höfuðið og missti meðvitund í tvær mínútur.

„Trausti rotaðist á níundu mínútu leiksins og var tekinn út af um leið. Hann var fluttur á spítala þar sem hann fékk aðhlynningu," sagði Lúkas Kostic í gær.

Trausti fékk svo að koma aftur upp á hótel liðsins síðar um daginn. Læknir íslenska liðsins, Einar Jónsson, sagði síðar við Fréttablaðið að Trausti yrði að taka því rólega næstu vikurnar. Hann verður því ekki meira með liðinu á mótinu í Belgíu.

„Honum líður eftir atvikum vel. Hann fékk spark í höfuðið og rotaðist. Eftir slíkt höfuðhögg er ekki skynsamlegt að reyna mikið á sig næstu vikurnar. Það væri alls ekki ráðlegt," sagði Einar.

Enn fremur sagði hann það afar skiljanlegt að Trausti skuli vera sár og svekktur vegna þessa. „Það er auðvitað afar fúlt að fá ekki að spila nema í nokkrar mínútur á mótinu. En þetta eru skynsamir strákar og vita um hvað þetta snýst," sagði Einar.

- esá



**ROTAÐIST** Trausti Sigurbjörnsson, markvörður íslenska landsliðsins, rotaðist strax á níundu mínútu og var fluttur upp á sjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC



**TVÖFALT** Arnór Gunnarsson er einn fjölmargra Valsmanna sem varð meistari í meistaraflokki og 2. flokki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

2. flokkur karla í handbolta:

## Framtíðin er björt hjá Val

**HANDBOLTI** Framtíðin er sannarlega björt hjá Íslandsmeisturum Valsmanna í handboltanum því 2. flokkur félagsins tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í 2. flokki þriðja árið í röð á þriðjudaginn.

Valur vann öruggan 30-22 sigur á Aftureldingu í úrslitaleiknum.

Þjálfari Valsliðsins er Heimir Ríkarðsson sem hefur unnið tíu titla hjá félaginu á þeim tveimur árum sem hann hefur verið á Hlíðarenda en 2. flokkurinn er einnig Reykjavíkur- og bikarmeistari. - óój

Claudio Ranieri tjáir sig:

## Efast um framtíð Mourinhos

**FÓTBOLTI** Claudio Ranieri, fyrrum stjóri Chelsea, efast um að Jose Mourinho verði áfram með liðið ef Chelsea mistekst að vinna einhvern af stóru titlunum þremur í vetur. „Roman Abramovich vill vinna Meistaradeildina og að Chelsea sé besta liðið í heimi. Hann er ekki ánægður með að vinna bara deildarbikarinn,“ sagði Ranieri en Mourinho er með samning til ársins 2010. - óój

Pepe Reina, hetja Liverpool gegn Chelsea, var ekki sérstaklega kátur þegar hann kom heim eftir leik:

# Reina var rændur á meðan hann kom Liverpool í úrslit Meistaradeildarinnar

**FÓTBOLTI** Spænski markvörðurinn Pepe Reina var hetja Liverpool þegar liðið sló Chelsea út úr Meistaradeildinni í fyrrakvöld og tryggði þar öðrum fremur liði sínu sæti í úrslitaleiknum í Aþenu.

Reina hélt marki sínu hreinu og varði síðan tvær spyrnur Chelsea-manna í vítakeppninni. Þetta var þó langt frá því að vera fullkominn dagur fyrir þennan 24 ára gamla markvörð því þegar hann kom heim til sín blasti við ljót sjón.

Óprúttnir ræningjar höfðu nefnilega nýtt sér tækifærið á meðan Reina var upptekinn við að loka á sóknarmenn Chelsea, brotist inn á heimili hans og látið greipar sópa um íbúð hans. Meðal þess sem var tekið var Porche-jeppi kappans, sem seinna fannst brunninn, skartgripir, persónuleg gögn og glæsilegar hljómflutningsgræjur af Bang og Olufsen gerð.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem knattspyrnumenn á Liverpool-svæðinu eru rændir á meðan þeir eru að spila með liðum sínum. Félagar Reina hjá Liverpool: Jerzy Dudek, Daniel Agger, Peter Crouch og Florent Sinama-Pongolle, lentu allir í þessu auk þess sem Andy Van der Meyde hjá Everton varð tvisvar sinnum fyrir því að brotist var inn hjá honum.

Besta sagan er þó af Everton-tröllinu Duncan Ferguson sem var heima þegar ræningjar komu í heimsókn árið 2001. Ferguson tók vel á móti þjófunum og sendi þá á sjúkrahús. - óój



**VARÐI TVÖ VÍTI** Pepe Reina ver hér glæsilega vítaspyrnu frá Chelsea-manninum Arjen Robben. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitaeinvígi deildarbikars karla í handbolta hefst í kvöld þegar HK fær Stjörnuna í heimsókn í Digranes:

# Allir leikirnir í vetur unnust á útivelli

**HANDBOLTI** Stjarnan og HK leika í kvöld fyrsta leik sinn í úrslitaeinvíginu um deildarbikar karla og hefst leikurinn klukkan 19.30 í Digranesi.

Stjarnan vann tvo sannfærandi sigra á Íslandsmeisturum Valsmanna í undanúrslitunum en HK komst áfram eftir sigur á Fram í oddaleik.

Liðin hafa mæst fjórum sinnum í vetur, þrisvar í deildinni og einu sinni í bikarkeppninni. Í öllum þremur leikjunum hefur útiliðið unnið, HK vann báða deildarleikina í Ásgarði (23-28 og 25-26) og Stjarnan vann bæði deildarleik (27-30) og bikarleik (25-26) í Digranesinu.

Valdimar Þórsson skoraði mest allra leikmanna í þessum fjórum leikjum eða alls 35 mörk sem gera 8,8 mörk að meðaltali. Það er þó greinilegt að framlög annarra leikmanna skipta HK-liðið miklu máli því Valdimar skoraði 11,5 mörk að meðaltali í tapleikjunum á heimavelli í Digranesi en 6 mörk að meðaltali í sigurleikjunum í Garðabæ.

Með sigri getur Stjarnan unnið báðar útsláttarkeppnir vetrarins en liðið varð eins og kunnugt er bikarmeistari eftir 27-17 stórsigur á Fram í úrslitaleik. Haukar unnu þessa keppni í fyrra þegar hún var haldin í fyrsta sinn og HK-liðið er í sömu stöðu og þeir. HK endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu, þurfti oddaleik til þess að komast í úrslitin og er með heimavallarrétt í úrslitaeinvíginu. - óój



**ÓGNANDI** Valdimar Þórsson varð markahæsti leikmaður DHL-deildar karla og hér sést hann í leik gegn Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Kostar ekkert,
þannig séð

26.855 kr.* á mánuði:
Innifalið: Afborgun af láni - Tryggingar - Bifreiðagjald 1. tímabils - Engin útborgun.

Það hefur aldrei verið þægilegra að eignast Aygo. Núna þarftu ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að keyra bílinn – við sjáum um restina.

Aygo. Engar áhyggjur.
Ofkeyrðu þig.

www.aygo.is

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.




**FEGINN** Dirk Nowitzki sýndi snilli sína á lokasekúndum fimmta leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Dallas er enn á lífi í úrslitakeppni NBA:

# Dirk Nowitzki bjargaði Dallas á elleftu stundu

**KÖRFUBOLTI** Dirk Nowitzki bjargaði sínum mönnum frá því að fara í sumarfrí með því að skora 12 stig á síðustu 3 mínútunum í 118-112 sigri Dallas á Golden State í fimmta leik liðanna í fyrstu umferð úrslitakeppni NBA-deildarinnar. Dallas var 9 stigum undir og á leið úr keppni þegar 3 mínútur og 7 sekúndur voru eftir.

Dallas skoraði hins vegar 15 síðustu stig leiksins og tryggði sér annað líf en til þess að komast í undanúrslitin þarf liðið að vinna tvo næstu leiki líka. Nowitzki skoraði fyrst tvær þriggja stiga körfur og setti síðan niður 6 af 7 vítum á síðustu 48 sekúndum leiksins.

„Liðið okkar hefur stórt hjarta og býr yfir miklu stolti. Við börðumst alla leið í úrslitin í fyrra, unnum nokkra erfiða útileiki og þetta lið gefst aldrei upp. Við vitum að þeir ætla ekki að gefa okkur neitt en við vonumst til að stela sigri hjá þeim og tryggja okkur sjöunda leikinn á heimavelli,“ sagði Nowitzki eftir leikinn. - óój



**MEIDDIST Á HNÉ** Kristín Jóhanna Clausen hefur leikið vel með Stjörnunni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjörnukonan Kristín Jóhanna Clausen meidd á hné:

# Búinn að vera erfiður sólarhringur

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Stjörnunnar í kvennahandboltanum urðu fyrir miklu áfalli á þriðjudagskvöldið, í fyrsta leik sínum gegn Gróttu í úrslitaeinvígi deildabikars kvenna.

Fyrirliði liðsins, Kristín Jóhanna Clausen, meiddist þá illa á hné eftir aðeins tæplega sex mínútna leik. „Ég fór til Brynjólfs Jónssonar og hann hélt að ég væri ekki með slitið krossband. Ég gæti verið með rifinn liðþófa eða tognuð í hnénu. Ég treysti honum en ég fæ þetta ekki á hreint fyrr en ég fer í segulómskoðun 15. maí,“ sagði Kristín í gær.

„Ég spila ekki á laugardaginn, það er öruggt. Ragnar aðstoðarþjálfari var mjög bjartsýnn á að ég myndi spila á mánudaginn ef að það færi í þriðja leik en ég held að ég sé búin í vetur,“ segir Kristín en Stjarnan, sem vann fyrsta leikinn á móti Gróttu, 26-25, getur tryggt sér titilinn með sigri í öðrum leiknum á Seltjarnarnesi á laugardaginn.

Kristín Jóhanna, sem er 24 ára vinstri hornamaður, hefur átt frábært tímabil með Stjörnunni í vetur og skoraði meðal annars 73 mörk í 23 leikjum í deildinni, eða 3,2 mörk að meðaltali í leik.

„Ég lenti svona fáránlega illa á hnénu og sneri líka upp á það. Ég sleit krossbandið í hægra hné 2003 og það var nett sjokk að þurfa að fara að ganga í gegnum það aftur. Þetta er búinn að vera mjög erfiður sólarhringur,“ sagði Kristín og bætir við: „Þó að það sé slæmt að rífa liðþófa þá er það bara jákvætt miðað við það að slíta krossbandið.“ Kristín hefur trú á því að Stjörnuliðið endi tímabilið með öðrum titli.

„Ég hef enga trú á öðru en að stelpurnar klári þetta. Það kemur bara maður í manns stað og við klárum þetta vonandi á laugardaginn,“ sagði Kristín að lokum.

- óój

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.670.000
**Verð frá kr. 1.341.365 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
**Fjármögnunarleiga kr. 21.194** án vsk.

**Renault Trafic**
Verð frá kr. 2.380.000
**Verð frá kr. 1.911.646 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.345
**Fjármögnunarleiga kr. 29.996** án vsk.

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.820.000
**Verð frá kr. 2.265.060** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 44.137
**Fjármögnunarleiga kr. 35.452** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is



## HUGH LAURIE

Áður en Hugh varð þekktur grínleikari nam hann mannfræði og fornleifafræði í Cambridge. Á sama tíma tók hann þátt í róðrakeppnum og átti í ástarsambandi við leikkonuna Emmu Thompson. Hugh leikur í þáttunum House á Skjá einum kl. 22.00 en fyrir leikinn hefur hann tvisvar hlotið Golden Globe-verðlaunin.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGIST AGNDOFA MEÐ RAY LÆKNI

# Kona með anorexíu og viðbrenndur læknir

Það er náttúrlega engin hemja yfir hverju maður getur fest í sjónvarpinu, en ég játa það hér með að ég horfi stundum á þátt á Skemmtistöðinni, E-entertainment channel, sem heitir því góða nafni dr. 90210 og fjallar um lýtalækna í Hollywood. Þar er fylgst með lýtalæknum við störf en einnig er heimilislíf sumra þeirra að minnsta kosti til skoðunar.

Dr. Ray er ein aðalsöguhetjan í þættinum, hann er sólbrúnn og sællegur eða kannski viðbrenndur mætti segja, og vinnusjúkur eins og Bandaríkjamenn einir geta verið. Það má glöggt sjá í innlitum heim til hans þar sem konan hans húkir ein og vansæl og sér um húsið risastóra. Konan sú er ekki ólagleg en lítur æ verr út eftir því sem fram vindur í þessum raunveruleikaþætti, sem eins og aðrir svipaðir birtir leikstýrt og óraunverulegt líf fólks. Eiginkonan lítur út fyrir að vera með anorexíu, hún er tekin og vansæl. Það er kannski ekki tekið út með sældinni að vera með myndavélar í andlitinu reglulega, líka þegar sjaldgæfar stundir með eiginmanninum upptekna gefast. Í síðasta þætti sem ég sá var hún að koma úr ferð til Kanada þar sem hún gerði eitthvað merkilegt sem ég missti reyndar af.



Þegar hún kom heim hafði eiginmaðurinn nú ekki tíma til að hlusta á hennar merkilegu upplifun heldur var mjög ánægður með sjálfan sig vegna þess að í fjarveru hennar hafði hann í ofvirkniskasti tekið heimilið í gegn og meðal annars tekið til í fataherberginu hennar. Greyið konan komst ekkert að og þættinum lauk þar sem hún sorgbitin tjáði vinkonu sinni, myndavélinni, frá því að hún þyrfti líklega að fara að afreka eitthvað til þess að maðurinn sýndi henni einhverja virðingu.

Þetta er auðvitað óhemjumikil vitleysa allt saman – en hverju skyldi nú fram vinda í næsta þætti? Ég held ég verði að minnsta kosti að horfa á einn þátt til þótt það sé hálf niðurdrepandi að daðra svona mikið við lágkúruna.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Sporlaust SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30** Hotel Babylon STÖÐ 2



▶ **18.00** Owning Mahowny STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.35** The Nine SIRKUS



▶ **20.00** Everybody Hates Chris SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Íþróttakvöld**
**16.20 Kastljós** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (9:13)
**18.40 Vinur minn**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Í þættinum verður meðal annars rætt við formann eins framboðanna fyrir alþingiskosningarnar 12. maí. Þátturinn verður endursýndur í lok dagskrár og kl. 16.20 á föstudag.
**20.15 Deildabikar í handbolta** Bein útsending frá síðari hálfleik fyrsta leiks í úrslitum karla. Leikurinn verður sýndur í heild kl. 14.50 á föstudag.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Sporlaust** (22:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífsháski** e.
**23.55 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Matchstick Men**
**08.00 To Walk with Lions**
**10.00 Rasmus fer á flakk**
**12.00 Owning Mahowny**
**14.00 To Walk with Lions**
**16.00 Rasmus fer á flakk**
▶**18.00 Owning Mahowny**
**20.00 Matchstick Men** Þrælfyndin og dramatísk glæpagamanmynd. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Sam Rockwell, Alison Lohman. Bönnuð börnum.
**22.00 Below**
**00.00 The Fan**
**02.00 Jeepers Creepers 2**
**04.00 Below**

## 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir**
**07.50 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Wife Swap** (2:7)
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 Forboðin fegurð** (41:114)
**10.20 Most Haunted** (14:20)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.35 Man/s Work** (1:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína** (169:178)
**13.55 Valentína** (170:178)
**14.40 Two and a Half Men** (3:24)
**15.05 My Life in Film** (6:6)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Tasmanía**
**16.38 Töfravagninn**
**17.03 Myrkfælnu draugarnir** (e)
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (3:22) (e)
**20.05 Meistarinn** (12:15) Síðasti þátturinn í átta liða úrslitunum. Nú mætast þau Katrín Jakobsdóttir og Páll Ásgeir Ásgeirsson og verður spennandi að sjá hvort þeirra tryggir sér sæti í 4 manna úrslitum. 2007.
**21.00 Standoff** (8:18) Nýir spennuþættir um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni.
**21.45 Bones** (1:22) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
▶**22.30 Hotel Babylon** (7:8)
**23.25 American Idol** (32:41) Keppnin harðnar en nú eru aðeins sex keppendur eftir.
**00.10 American Idol** (33:41)
**01.40 Medium** (12:22)
**02.25 Warriors of Heaven and Earth**
**04.20 Bones** (13:22)
**05.05 The Simpsons** (3:22) (e)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Beach Girls** (Strandastelpurnar)
**21.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT** Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**21.30 Bestu Strákarnir** Strákarnir Auddi, Sveppi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni tóku upp á ýmsu í vikunni. Í þessum þætti eru rifjuð upp mörg ógleymanleg atriði en af nógu var að taka.
**22.00 Strictly Confidential** (3:6) Ný bresk smásería í anda Footballers Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið.
**22.50 Medium** (12:22) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. (12.28) Allison verður skelfingu lostin þegar andi nær tökum á líkama hennar. Hún veit ekki hvernig hún á að losna við andann og þarf því að leita sér hjálpar. Bönnuð börnum.
▶**23.35 The Nine** (e)
**00.20 Supernatural** (12:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda.
**01.10 Entertainment Tonight** (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Game tíví**
▶**20.00 Everybody Hates Chris** (10:22)
**20.30 Malcolm in the Middle** (14:22)
**21.00 Will & Grace** (9:23) Will, Grace, Jack og Karen heimsækja mömmu Wills yfir jólin og velta fyrir sér hvort 10 ára frændi hans sé hýr.
**21.30 Still Standing** (19:23) Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.
**22.00 House** (17:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Sex ára strákur reynist með sömu einkenni og annar sjúklingur sem House náði ekki að bjarga fyrir nokkrum árum. Nú fær House annað tækifæri til að berjast við þennan banvæna sjúkdóm.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Eftir að Michael hefur skrifað sögu um fjölskylduna sína, sem rífst stanslaust, og les hana upp á skólaskemmtun, þarf öll fjölskyldan að fara til skólaráðgjafans.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Britain's Next Top Model** (e)
**01.05 C.S.I.** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin** (e)
**14.00 Man. City - Aston Vila** (frá 28. apríl)
**16.00 Sheff. Utd. - Watford**(frá 28.apríl)
**18.00 Reading - Newcastle**(frá 30.apríl)
**20.00 Liðið mitt**
**21.00 Wigan - West Ham** (frá 28. apríl)
**23.00 Að leikslokum** (e)
**00.00 Ítölsku mörkin (e)**
**01.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Meistarinn



Í kvöld er lokaþáttur í átta manna úrslitum Meistarans. Keppendur kvöldsins eru þau Katrín Jakobsdóttir íslenskufræðingur og Páll Ásgeir Ásgeirsson blaðamaður og verður spennandi að sjá hvort þeirra tryggir sér sæti í fjögurra manna úrslitum. Í næstu viku hefst úrslitaslagurinn sem enginn má missa af enda verður örugglega hörkubarátta á lokasprettinum. Sá keppandi sem hlýtur meistaratitilinn fær fimm milljónir króna í verðlaunafé og er því til mikils að vinna.

### ▶ Við mælum með Matchstick Men Stöð 2 Bíó kl. 20.00

Roy og félagi hans eru svikahrappar af verstu gerð. Þeir selja grandalausu fólki vörur fyrir okurverð og koma kaupunum iðulega í gegn með innistæðulausum loforðum. Roy hefur ágætt upp úr krafsinu en merkingarlaust líf hans er ekki eftirsóknarvert. Allt breytist þegar unglingsdóttir hans kemur skyndilega fram á sjónarsviðið og hjá Roy vakna áður óþekktar föðurtilfinningar. Aðalhlutverk leika Nicolas Cage og Sam Rockwell.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Laumuspil
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.15** Ljósvíkingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Túristarnir: Dóttir með hettu og móðir á sandölum
**22.43** Útvarpsleikhúsið: Kona spyr mann hvað sé í sjónvarpinu
**23.10** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Ber**
**07.20 Meistaradeildin með Guðna Ber**
**08.20 Meistaradeildin með Guðna Ber**
**08.40 Meistaradeildin með Guðna Ber**
**16.05 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Man. Utd.)
**17.45 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**18.05 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18.35 UEFA Cup 2007** (Sevilla - Osasuna)
**20.40 UEFA Cup 2007** (Werder Bremen - Espanyol)
**22.20 De La Hoya-Mayweather. 24/7** Upphitunarþættir fyrir boxbardaga ársins þann 5. maí.
**22.50 Þýski handboltinn**
**23.20 PGA Tour 2007 - Highlights** (EDS Byron Nelson Championship)
**00.15 Meistaradeildin með Guðna Ber**
**00.35 UEFA Cup 2007** (Sevilla - Osasuna)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Hvad er det værd **7.00** Grønne haver **7.30** Nyheder fra Grønland **8.00** Viden om **8.30** Den nordiske mand **9.00** Hundeliv på Rhodos **9.30** Dyre-Internatet **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Kongehuset **11.25** Aftenshowet **12.20** Mission integration **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** SPAM **13.30** Boogie Update **14.00** Liga **14.30** Daffys vinterhjem **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hold masken **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Jeanne d'Arc **22.30** Før melodi grand prix **23.30** Liga **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.35** Røde ører **5.50** Du er skrupskør, Madicken

## NRK 1

**7.30** Mat med Niklas **8.00** Siste nytt **8.05** Forbrukerinspektørene **8.30** Videregående **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Zombie hotell **14.00** Siste nytt **14.03** Klart som vann **14.30** Dunder **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Å dykke med haier **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **21 19.35** Skygger **20.30** Torsdag kveld med Steinar Sagen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Urix **21.50** Graven **22.45** MAD TV **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** Lilla löpsedeln **7.45** The New Tomorrow **8.10** Safari Europa **8.15** Safari Europa **8.20** Runt i naturen - solen, månen och den röda planeten **8.30** Osynliga sår **8.45** Ekolokero **9.00** Mellan raderna **9.05** Mellan raderna **9.10** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **10.00** Rapport **10.05** Argument **13.30** Vädrets makter **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Anslagstavlan **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Bumsfilibaba igen **16.30** Mimmi **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Svenska slag **19.00** Planet Earth **19.50** Pinn-kod **20.00** USA mot Al-Arian **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér alltaf tvöfaldan sojalatte. Það er eiginlega orðið þannig að ef ég fæ ekki minn tvöfalda sojalatte þá kemst ég bara ekki í gang.“*

Sara María Eyþórsdóttir, hönnuður og einn eigenda Nakta apans, er vanaföst á morgnana.

# Leðrið sérhannað og saumað á Eika

„Hann verður í nýju sniði og sérsaumuðum buxum,“ segir Grétar Baldursson, hinn landskunni leðurhönnuður í Kós-leðurvörum, en hann hefur skilað af sér leðurfatnaðinum sem Eiríkur Hauksson á að klæðast á sviðinu í Helsinki. Væntanlega hefur Grétar gert ráð fyrir tveimur af hvorri sort enda ólíklegt að Eiríkur klæðist sama fatnaði bæði kvöldin.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu ríkir mikil spenna um það í hvaða fatnaði Eiríkur verður enda skiptir klæðaburður ekki síður miklu máli í keppni á borð við Eurovision þegar gengið er til atkvæða. Greinilegt er að taugarnar eru þandar til hins ýtrasta því Fréttablaðið hafði samband við Sigurð Frey Björnsson hjá BaseCamp, sem sagði að leðrið yrði saumað í London en hannað hjá Grétari. Leðurkóngurinn Grétar vísar þessu alfarið á bug. „Þetta verður enginn pabbajakki og ég sauma þetta sjálfur,“ segir Grétar og bætir því við að þegar hafi tíu einstaklingar óskað eftir því að fá svona jakka fyrir Eurovision-kvöldið mikla. „Það kemur ekki til greina, þessi jakki er bara fyrir Eirík,“ lýsir Grétar yfir.

Stífar æfingar voru í allan gærdag í Loftkastalanum hjá hópnum þótt Eiríkur sjálfur væri víðs fjarri. Verið var að æfa sviðsetningu gítarstrákanna og þótti hún heppnast vel. Í dag verður síðan síðasta rennsli áður en hópurinn heldur út snemma á föstudagsmorgni. - fgg



**GRÉTAR** Segir af og frá að leðrið sé saumað í London, hann sjái um það sjálfur.



**EIRÍKUR** Verður í sérsaumuðum buxum og jakka á sviðinu í Helsinki.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** andlegt áfall, **6.** í röð, **8.** kúgun, **9.** margsinnis, **11.** öfug röð, **12.** vera séður, **14.** telja, **16.** rás, **17.** óhróður, **18.** niður, **20.** átt, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í asíu, **3.** tveir eins, **4.** dans, **5.** málmur, **7.** ákafur, **10.** blekking, **13.** persónufornafn, **15.** einkenni, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lost, **6.** aá, **8.** oki, **9.** oft, **11.** on, **12.** sjást, **14.** álfta, **16.** að, **17.** nið, **18.** suð, **20.** sa, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** laos, **3.** oo, **4.** skottis, **5.** tin, **7.** áfjáður, **10.** tál, **13.** sin, **15.** aðal, **16.** æsa, **19.** öð.








**ÚT Í HIMINBLÁMANN** Bragi Kristjónsson fornbókasali segir verðlagninguna á Hvalasögu Kjarvals á eBay út í hött. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BRAGI KRISTJÓNSSON GAGNRÝNIR VERÐ HVALASÖGU Á EBAY

# Uppsprengt verð á Kjarval

„Þetta er bull og vitleysa,“ sagði Bragi Kristjónsson fornbókasali um verðlagningu á Hvalasögu Jóhannesar S. Kjarval á uppboðssíðunni eBay. Seljandi, sem virðist búsettur í Kópavogi en lætur nafns síns ekki getið, býður upp áritað eintak af smásögunni „Hvalasagan – átján hundruð níutíu og sjö“ á eBay, fyrir lágmarksupphæðina 58.500 bandaríkjadali. Sú upphæð samsvarar tæplega 3,8 milljónum íslenskra króna. Athygli vekur að á uppboði Gallerís Foldar á Hótel Sögu síðastliðinn sunnudag var málverkið Skúta í kvöldsól, einnig eftir Kjarval, slegið á sama verði, eða 3,8 milljónir íslenskra króna.

„Þetta er bara alveg út í bláinn,“ ítrekaði Bragi. „Við höfum verið að selja þessi rit hans Kjarvals á svona sjö til tólf þúsund krónur, og jafnvel lægra en svo,“ sagði hann. Bragi og sonur hans, Ari Gísli, reka fornbókasöluna Bókina á Klapparstíg í Reykjavík.

Seljandi Hvalasögunnar á eBay skrifar þar í lýsingu að umrætt eintak sé það eina sem til sé með áritun Kjarvals. Á því stendur: „Ásta, frú Austurstræti. Kær kveðja, Jóhannes S. Kjarval.“ Bragi segir hins vegar sennilega vera til fleiri árituð eintök af ritum Kjarvals en óárituð. „Yfirleitt áritaði karlinn nú öll eintök sem hann lét af hendi, þannig að það er ekkert sérstaklega merkilegt. Karlinn var náttúrlega snillingur og gjafmildari en allir menn á Íslandi. Hann gaf þetta yfirleitt hverjum sem hafa vildi sem hann hitti niðri í bæ,“ sagði Bragi.

Hvalasaga Kjarvals er „óður til hvalsins“ að sögn Braga. „Ég held það hafi verið prentuð svona átta til tólf hundruð eintök, sem var bara eins og venjulegt upplag á þessum tíma í kringum 1950,“ sagði Bragi. Ritið er gefið út 1957 og telst Braga til að það sé um sextán blaðsíður. „Þetta er smábæklingur með litprentaðri kápu og teikningu af hval eftir Kjarval,“ útskýrði hann. Hann telur verðlagninguna á eBay því vera fyrir neðan allar hellur. „Langt út í allan himinbláma, af því að þetta er prentað í um þúsund eintökum og áritanirnar hans Kjarvals eru yfirleitt á öllum hans verkum,“ sagði Bragi.

Enn hafa engin tilboð borist í Hvalasöguna á eBay, en uppboðinu lýkur í dag. sunna@frettabladid.is



**HVALASAGA KJARVALS** Kápa Hvalasögunnar sem boðin er upp á eBay. Hún er skreytt litprentaðri teikningu eftir Kjarval.




**ÁRITUNIN** Seljandi sögunnar heldur því fram að þar sé á ferðinni eina áritaða eintakið, en Bragi segir það alrangt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Valdís Þorkelsdóttir** heldur úti ansi skemmtilegri og forvitnilegri bloggsíðu en hún er hluti af brasssveitinni sem fylgir **Björk Guðmundsdóttur** eftir á tónleikaferð hennar um heiminn. Þar kennir margra grasa en síðast var sveitin stödd í Kaliforníu og spilaði fyrir gesti á eyðimerkurhátíðinni Coachella. Ef marka má skrif Valdísar var leikkonan **Cameron Diaz** meðal gesta. Þá kom það mörgum spánskt fyrir sjónir að klámmyndastjarnan **Ron Jeremy** beið spenntur eftir sveitinni en fékk víst ekki að koma nálægt íslensku fljóðunum.



**Óli Björn Kárason** er ódeigur á sínu bloggi og segir fréttir úr heimi viðskiptanna. Óli Björn greinir frá því að **Jón Ásgeir Jóhannesson** verði einn fyrirlesara á ráðstefnu hins virta Financial Times sem haldin verður í Feneyjum dagana 3. til 5. júní næstkomandi. Þykir þetta mikill heiður en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stöðugt verið að leita til Jóns Ásgeirs með að vera viðstaddur slíkar ráðstefnur. Í Feneyjum mun Jón Ásgeir taka þátt í pallborðsumræðum en yfirskrift ráðstefnunnar er „Old Luxury in New Markets; New Luxury in the Old World“ og víst er að Jón, sem starfaði fyrir ekki svo löngu á gólfinu í Bónus, þekkir lúxus þegar hann sér hann.



Mikið er að gerast hjá rapparanum öfluga **Erpi Eyvindarsyni** en hann er þessa dagana að útskrifast sem „Multimedia desinger“ frá Margmiðlunarskólanum. Auk þess leikur hann um þessar mundir í tveimur myndum, Stóra planinu sem Ólafur Jóhannesson er að gera og „Skrapp út“ eftir **Sólveigu Anspach**. Eða eins og rapparinn mun orða það: „Það er þroskaheft að gera hjá mér.“ - fgg/jbg



# Auddi níundi á Íslandsmóti í skvassi

Skemmtikrafturinn Auðunn Blöndal keppti á Íslandsmótinu í skvassi í Veggsporti um síðustu helgi. Þetta var í fyrsta sinn sem hann tók þátt í mótinu og endaði hann í níunda sæti í A-flokki, sem er næstefsti flokkurinn.

„Þetta gekk ágætlega. Ég tapaði þremur leikjum og vann tvo. Ég hef orðið mér til skammar á öðrum stöðum þannig að mér fannst bara allt í lagi að kíkja á þetta mót,“ segir Auðunn, sem hefur stundað skvass í fjóra mánuði. „Það er samt eitt sem böggar mig. Ég er búinn að vera að leika mér í fótbolta og körfubolta í gegnum árin og er 26 ára, á fínum aldri. Svo koma 45 til 50 ára menn með bumbu og salta mann. Það er eitthvað rangt við það og ég var mjög reiður út af því. Ég veit ekki hvort ég keppi á svona Íslandsmóti aftur í bráð.“

Auðunn fer um næstu helgi til New York þar sem dagskrárliðurinn Fríkað úti verður tekinn upp fyrir þáttinn Leitin að strákunum. - fb



**AUÐUNN BLÖNDAL** Skemmtikrafturinn Auðunn Blöndal keppti á Íslandsmótinu í skvassi um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

MAX RAFTÆKI

# Dúndur gott verð

## PLAYSTATION PSP




**14.999 kr.**

Aðeins 50 stk.

Tilboð gilda til 7. maí eða meðan birgðir endast.

## PLAYSTATION 3

**64.489 kr.**



NÝ SENDING KOMIN Í MAX




**PSP leikir á 1.989 kr.**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



**BAKÞANKAR**
DR. GUNNA

## *Atkvæði*

Það er viðtekin venja að hreyta ónotum í krakka og skamma þá undir drep, en sem fullorðinn fær maður sjaldan að heyra'ða. Ég gæti til dæmis gengið inn í hvaða garð sem er og þóst vera að leita að einhverju og yrði ekki rekinn í burtu með óbótaskömmum eins og ef ég væri krakki. Það er helst eftir að maður gifti sig að maður fór að heyra'ða á ný.

**EINS** og til dæmis þegar ég sagði Lufsunni að ég væri að hugsa um að mæta bara ekkert á kjörstað í ár. Sýna þar með kirfilega fram á að mér er drullusama um þessar kosningar og neiti að taka þátt í þessari vitleysu. Að ég sé enginn maur í maurabúi sem þrammar eins og fífl í sturtuhengi lýðræðisins til þess að velja á milli rottueiturs og blásýru.

**HÚN** vildi ekki heyra á þetta minnst. Ef þú kýst ekki ertu bara eins og einhver vankaður strípuhnakki, sagði hún. Eða eins og amerískt hvítrusl sem er of stjarft af heimsku til að nýta sér sinn lýðræðislega rétt!

**JA,** ef ég væri Kani þá myndi ég kjósa Obama, mér líst vel á hann, svaraði ég. En mér líst ekki vel á neitt í þessari kæfandi lognmollu hér. Þetta lið hugsar ekki um annað en völdin og djúsí eftirlaunin sem það skammtaði sjálfu sér.

**SAMTALIÐ** átti sér stað á meðan við horfðum á frambjóðendaþátt á RÚV. Þegar Ásta Ragnheiður sagðist ætla að redda öllu á 18 mánuðum og Brynja Þorgeirs spurði hvað það myndi kosta, þá fattaði ég hvað þetta minnti mig á: Vörutorgið. Hér var líka verið að reyna að selja mér eitthvað sem mig langaði ekkert í.

**ÉG** er bara orðinn leiður á að sætta mig alltaf við illskásta kostinn, hélt ég áfram. Ég tek ekki þátt í þessu aftur fyrr en ég verð virkilega spenntur fyrir einhverju. Og ég er líka leiður á því að skila auðu til þess eins að vera talinn upp með þeim sem voru of vitlausir til að gera bara einn kross á bleðilinn.

**VILTU** ekki bara fara að grenja? spurði Lufsan. Hún getur trútt um talað, sannfærð um að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og er þar með endalaust í sigurliðinu.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Allt er gott sem endar vel

vodafone

Gott viðmót skiptir miklu máli. Af þeim sem hringdu í þjónustuver Vodafone voru 96,4% ánægðir með móttökurnar.* Við leggjum allan okkar metnað í að aðstoða þig eins vel og kostur er þannig að öll mál fái farsælan endi.

**1414 – og vandamálið er úr sögunni**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

Fiton/SÍA · Svenni Speight · *Skv. könnun IMG Gallup feb-mars 2006




Flottasta leikjatölvan á aðeins
29.900 kr.



NÝ SENDING AF Wii
ER KOMIN Í HÚS

Yfir 6,5 milljón tölvur seldar!
Vinsælasta vélin í dag!



ORMSSON

UM LAND ALLT · Sjá nánar á www.wii.is